

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf, 401. mál.

365 miðlar gáfu á síðasta löggjafarþingi umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 643. mál. Sú umsögn er endursend hjálaga til upplýsingar, enda engar breytingar sem máli skipta verið gerðar á frumvarpinu að því er varðar skaðleg áhrif þess á samkeppnisstöðu í fjölmiðlarekstri og á heilbrigðan rekstrargrundvöll í þessari atvinnustarfsemi. Skal einnig áréttað í upphafi að 365 miðlar telja algerlega órökrétt að leiða framtíðar fyrirkomulag RÚV til lykta með þeim hætti sem hér er fyrirhugað, án tengsla við löggjöf um starfsemi fjölmiðla, sem boðuð hefur verið.

Þótt þetta frumvarp sé eingöngu samið út frá hagsmunum RÚV hefur lögfesting þess áhrif á allan fjölmiðlamarkaðinn og langt út fyrir þetta eina fyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi fjáraustri af almannafé til eins fyrirtækis sem á í samkeppni við einkafyrirtæki í nákvæmlega sömu starfsemi. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu með ýmsum hætti, t.d. bæði á auglýsingamarkaði og við innkaup á erlendu afþreyingarefni. Er það vafalaust rétt sem útvarpsstjóri kemur inn á í grein í Morgunblaðinu 19. janúar sl. að núverandi dagskrá má framleiða með hagkvæmari hætti en nú er gert. Það mun fría upp mikla fjármuni sem RÚV getur beitt í samkeppni við einkafyrirtæki sem þurfa að standa á eigin fótum. Þessi atлага að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja er án efa mikil hindrun í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu tíðkast það ekki á öðrum Norðurlöndum og á Bretlandi að ríkisútvörp keppi á auglýsingamarkaði, en jafnvel þótt menn væru ekki tilbúnir til að fylgja sömu stefnu hér væri Alþingi í lófa lagið að setja þar einhverjar takmarkanir, svo sem dæmi eru um t.d. í Þýskalandi.

Í sjálfu sér væri eðlilegast ef ríkið vill greiða fyrir ákveðna dagskrárgerð, eða dreifingu dagskrár í dreifðum byggðum, að slíkt yrði boðið út og Ríkisútvarpið hf. keppti um þau verkefni á jafnréttisgrundvelli, eins og þingmannafrumvarp hefur verið flutt um og þekkt er varðandi vegagerð og ýmis opinber þjónusuverkefni. Má telja víst að slíkt fyrirkomulag næði markmiðum um þjónustu með mun hagfelldari hætti fyrir skattgreiðendur en það fyrirkomulag sem sem frumvarpið gerir tilögu um.

Að mati 365 miðla getur það þó verið ásættanlegt að fyrirtæki í eigu ríkisins fái fjárveitingu til slíkra verkefna án útboðs. Þá verður hins vegar að gera þá sjálfsögðu kröfu að það sé skilgeint hvað verið sé að kaupa og það verðlagt eftir einhverjum aðferðum. Verður að átélja harðlega að engin tilraun er gerð til þess í frumvarpinu að mæta þessum kröfum, þótt slík vinnubrögð ættu ekki að vera menntamálaráðuneytinu framandi, sbr. t.d. fjáveitingar til menntastofnana. Nauðsyn slíkrar skilgreiningar í lögum er algerlega ófrávikjanleg vegna þeirrar ómálefnalegu mismununar sem hér blasir við ella, en hafa verður í huga að mjög erfitt verður að afla upplýsinga um hvernig fjármunum er varið og á hvaða forsendum eftir fyrirhugaða formbreytingu fyrirtækisins. Það er óeðlilegt þegar fyrirtæki nýtur forréttinda án formlegra skuldbindinga á móti. Er í raun ótrúlegt að hugsa sér að Alþingi geti samþykkt tillögur um árleg útgjöld upp á milljarða króna án þess að neitt liggi fyrir um hvað sé verið að kaupa og í hvaða magni.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa bent á að ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað tiltekinnar “samkeppnisstarfsemi” RÚV sé í raun dauður bókstafur, þegar skilgreining á því sem RÚV má fást við er skrifuð nánast eins og heimildarákvæði í kringum alla núverandi starfsemi RÚV. Það er í raun vægt til orða tekið, þar sem 3. gr. frumvarpsins eykur við núverandi heimildir RÚV til nýrrar starfsemi. Ákvæði 4. gr. frumvarpsins virðast raunar bera það með sér að frumvarpshöfundar hafi hreinlega orðið uppiskroppa með hugmyndir um hvað það gæti verið sem ekki væri búið að telja upp í 3. gr. og sem flest er hreinræktuð samkeppnisstarfsemi.

SA hafa einnig sett fram skýr rök fyrir því að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES sammingsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. 365 miðlar eru sammála því áliti.

Burtséð hins vegar frá því hvaða heimildir íslensk stjórnvöld kynnu að hafa gagnvart Evrópureglum til að víkja frá grundvallar samkeppnisreglum hlýtur að sæta furðu að stjórnvöld vilji leggja til skipan á sviði fjölmiðlarekstrar sem felur í sér algert stílbrot frá þeirri þróun sem orðið hefur í umhverfi annarrar atvinnustarfsemi á Íslandi á undanförnum árum. Nægir þar að vísa til breytinga á fjarskiptamarkaði og fjármálamarkaði og umræðu um stöðu íbúðalánasjóðs, svo aðeins tvö dæmi séu nefnd.

Það fyrirkomulag órökstuddrar mismununar og ójafnrar samkeppnisstöðu sem hér er verið að leggja til er tímaskekkja og 365 miðlar hljóta að treysta því að frumvarpið verði ekki óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,



Ari Edwald
Forstjóri 365 miðla

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 29. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál.

365-ljósvakamiðlum ehf. (hér eftir nefnt 365) hefur borist til umsagnar tilgreint þingmál. Í fyrstu er rétt að áréttta þá skoðun 365 að tilgreint þingmál komi ekki til afgreiðslu á yfirstanandi löggjafarþingi. Liggja til þess þrjár ástæður.

1. Hinn 7. apríl s.l. skilaði nefnd menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, s.k. fjölmiðlanefnd, skýrslu sinni um íslenskt fjölmiðlaumhverfi. Í þeirri skýrslu eru lagðar til ýmsar þýngjandi tillögur um starfsumhverfi einkarekinna fjölmiðla hér á landi. Menntamálaráðherra hefur lýst því yfir á opinberum vettvangi að hún muni að öllum líkindum leggja fram frumvarp í anda þeirra tillagna, sem þar koma fram á næsta þingi. 365 telja það með öllu óásættanlegt að frumvarp um málefni Ríkisútvarpsins (RÚV) sé lagt fram á Alþingi meðan ekki liggur fyrir hvers efnis boðað frumvarp menntamálaráðherra um einkarekna fjölmiðla verður. Er sú skoðun 365 byggð á því að um regluverk einkarekinna fjölmiðla og RÚV verður ekki fjallað með aðskildum hætti, svo vit verði í.
2. 365 telja nauðsynlegt að fram fari markviss umræða um hlutverk og starfsramma RÚV í samfélaginu, með þátttöku starfsstétta sem eiga afkomu sína undir heilbrigðri umgjörð um fjölmiðlarekstur, eigenda og stjórnenda fjölmiðlafyrirtækja, áður en til endanlegrar afgreiðslu málsins kemur á Alþingi. Um sé að ræða grundvallarmál í íslenskum samfélagi. Fyrst þurfi að leita svara við því hvort RÚV eigi rétt á sér og ef svo er hvers eðlis rekstur þess eigi að vera og hvort betur megi ná þeim markmiðum sem lýst er í frumvarpsdrögunum með öðrum hætti en þar er lagt til. Er þetta bæði þjóðfélagslegt álitamál, en ekki síður viðskiptalegt, þar sem eðli og starfsemi RÚV hefur bein áhrif á umhverfi einkarekinna fjölmiðla í samfélaginu.
3. Við vinnslu frumvarpsins virðist engin umræða hafa átt sér stað um það hvort rétt væri og eðlilegt að þrengja starfsemi RÚV frá því sem er í dag. 365 geta ekki skilið efnisákvæði frumvarpsins með öðrum hætti en þeim að ekki sé aðeins verið að efla RÚV frá því sem verið hefur og heldur veita RÚV mun meira svigrúm til starfsemi í samfélaginu, sem almennt hefur verið talin falla betur að einkarekstri. Mikið er lagt upp úr hugtakinu almannaútvarp, en ekkert er gert til að reyna að skilgreina og marka því hugtaki einhvern almennan ramma heldur er hugtakið nánast fellt að núverandi og komandi starfsemi RÚV. Samkvæmt frumvarpinu getur starfsemi RÚV spannað frá því að sinna íslenskri tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið til almennar smásölu á ýmsum varningi og fjárfestinga í samkeppnisrekstri, sbr. 3. og 6. gr. frumvarpsins. Regluverkið eins og það kemur fram í frumvarpinu hindrar t.d. RÚV ekki í nota almennafé til að kaupa sig inn í eða kaupa alfarið rekstur einkarekinna fjölmiðla í landinu. Slíkt er að mati 365 með öllu óásættanlegt.

Í samfélagslegri umræðu hefur talsvert verið gert úr því að einkareknir fjölmiðlar hér á landi hafi færst á fáar hendur. Var fjölmiðlafrumvarp forsætisráðherra á s.l. sumri afsprengi þeirrar umræðu. Í skýrslu fjölmiðlanefndar frá því í byrjun þessa mánaðar er einnig vikið að þessu. Að mati 365 verður ekki horft fram hjá því að ástæða þessa umhverfis er sterk staða RÚV á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Stjórnvöld hafa hins vegar í nálgun sinni ekki að nein leyti komið inn á þessa staðreynd. Afnotagjöld RÚV á hverju ári eru nánast jafngildi þeirrar fjárhæðar, sem eru samanlagðar auglýsingatekjur og áskriftatekjur Stöðvar 2, sem er í eigu 365 og Skjás eins, sem er í eigu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Að auki hefur RÚV í auglýsingatekjur í kringum 900 milljónir á ári. Í frumvarpinu og greinargerð er ekkert gert í skilgreina hvort þetta yfirburðarforskot RÚV sé ekki ástæða þess að fleiri fyrirtæki hér á landi séu ekki í fjölmiðlarekstri.

Sé saga íslenskra einkarekinna ljósvakafjölmiðla skoðuð frá því árinu 1986 þegar rekstur til ljósvakamiðla var gefinn frjáls er hún mörkuð af gríðarlega erfiðum rekstrarskilyrðum þeirra sem hafa reynt að hasla sér völl á markaðnum. Gríðarlegir fjármunir hafa tapast í þessum rekstri og mikið af þeim fjölmiðlum sem eru innan 365 í dag eru samansafn af mislukkuðum viðskiptahugmyndum á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Fram hjá því verður ekki horft að gríðarlega sterk staða RÚV er ein ástæða þessa. Sú skoðun að efla þurfi starfsemi RÚV vegna samþjöppunar á markaði einkarekinna fjölmiðla skýtur því nokkuð skökku við þar sem líklegt er að afleiðing muni einmitt verða þveröfug við það sem er yfirlýstur tilgangur frumvarpsins.

Þá vilja 365 benda á að engin umræða hefur átt sér stað um hvers eðils dagskrá RÚV eigi að vera. Í stað þess að leggja þungar skyldur á RÚV til að sinna þeirri tegund fjölmiðlunar sem hinn frjálsi markaður sinnir ekki – sem hlýtur að vera einu rökin fyrir að leggja einu fyrirtæki á markaði til háar fjárhæðir af almannafé – er ljóst af 3. gr. frumvarpsins að ætlunin er að marka dagskránni mjög víðan ramma. Jafnframt er RÚV ætlað að keppa á auglýsingamarkaði við þau fyrirtæki sem fyrir eru á sjónvarps- og útvarpsmarkaði. Til að tryggja samkeppnisstöðu sína þarf RÚV þá að keppa við þessi fyrirtæki um vinsælasta afþreyingarefnið. Tekjur RÚV af sjónvarpsauglýsingum eru í dag um 450 milljónir króna á ársgrundvelli. Þær tekjur munu vart duga til að breyta dagskrá í anda almannaútvarps í afþreyingadagskrá, sem er samkeppnishæf á almannamarkaði, auk þess sem afþreyingarefnið mun ýta dagskrárefni í anda almannaútvarps af öllum bestu útsendingartímum og þar með draga úr gildi þess að halda úti slíkri dagskrá. Þau rök sem koma fram í greinargerð frumvarpsins að nauðsynlegt sé að halda RÚV á auglýsingamarkaði til að koma í veg fyrir verðhækkun á auglýsingabirtingum ber vott um lítinn skilning á eðli hins frjálsa markaðar. Ef þau fyrirtæki sem fyrir eru á markaði verðleggja þjónustu sína of hátt skapar það svigrúm fyrir nýliðun í fjölmiðlun í anda frjálsrar samkeppni. Niðurgreidd þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði dregur því úr fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi og dregur úr getu RÚV til að sinna því hlutverki sem réttlæta mætti greiðslur af almannafé með.

Í frumvarpinu er mikið gert úr því að dagskrá RÚV eigi að höfða til breiðs hóps og sinna því hlutverki RÚV að vera menningarstofnun. Að mati 365 er dagskrá RÚV ekki að neinu leyti með þessum hætti. RÚV hefur verið öflugur kaupandi á erlendu afþreyingar sjónvarpsefni í samkeppni við einkarekna fjölmiðla. Hefur það leitt til þess að einkareknir fjölmiðlar hér á landi hafa þurft að kaupa erlent afþreyingarefni við mun hærra verði en ella. Hefur RÚV gert þetta þrátt fyrir gríðarlegan hallarekstur undanfarin ár. Að mati 365 hefði átt að taka á þessu atriði í frumvarpinu, en að mati 365 er skekkt samkeppnisstaða einkarekinna fjölmiðla ekki síður tilkominn vegna þessa atriðis, heldur en vegna starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði

Þá er rétt að benda á að oft hefur verið litið til BBC í Bretlandi sem fyrirmynd að almannaútvarpi. Þar í landi er algjört bann lagt við því að BBC starfi á

auglýsingamarkaði og stofnuninni er í dag algjörlega bannað að keppa á markaðnum fyrir afþreyingarefni. Ekki verður séð að aðstæður hér á landi séu að neinu leyti frábrugðnar. Hins vegar er ljóst að lagaumhverfi fjölmiðla hér á landi verður í algjörri andstöðu við það sem tíðkast í Evrópu verði umrætt frumvarp að lögum, en í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er beinlínis gert ráð fyrir að RÚV hafi hlutverki að gegna í útsendingu á afþreyingarefni. Að mati 365 er þetta augljós tímaskekkja og ekkert hefur verið gert af hálfu frumvarpshöfunda til að endurskilgreina hlutverk RÚV í ljósi breyttra tíma, Þvert á móti verður ekki annað lesið út úr frumvarpinu en til standi að efla rekstur þess á öllum vígstöðvum, sem leiðir ekki til annars en þrengt verði að starfsumhverfi einkarekinna fjölmiðla hér á landi.

Sé dagskrá Stöðvar 2 borinn saman við RÚV - sjónvarp má sjá að framboð Stöðvar 2 á íslensku efni er u.þ.b. tvöfalt á við RÚV. Sé framboð á fréttum, fréttatengdu efni og dægurmálaefni skoðað hjá Stöð 2 og RÚV – sjónvarpi má sjá að framboð miðla 365 er margfalt á við framboð miðla RÚV. Sé dagskrá RÚV - sjónvarps skoðuð má sjá meginefni stöðvarinnar (prime time efni) er einungis erlent afþreyingarefni, sem 365 telja að fari með öllu gegn almennum skilningi landa í Evrópu á því hver starfsrammi almannaútvarps eigi að vera. Rétt væri við endurskoðun á lögum um RÚV að draga RÚV með öllu út úr þeim samkeppnisrekstri. Sú aðgerð myndi að mati 365 leiða til þess að fjölbreytni einkarekinna fjölmiðla myndi aukast vernulega.

Að mati 365 eru stjórnvöld með starfi sínu að gera rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla eins erfitt og hægt er. Sífelldar kröfur dynja á einkareknum miðlum svo sem varðandi útbreiðslukröfur, efni, eignaraðild og áfram mætti telja. Á sama tíma liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um RÚV sem gerir það að verkum að starfsemi RÚV verður nánast óheft. Er þessi stefna með öllu úr takt við það sem hefur gerst í íslensku þjóðfélagi á s.l. tveimur áratugum og með öllu óskiljanlegt hver ástæða þessarar stefnu í íslensku fjölmiðlaumhverfi er. Það ætti að vera stjórnvöldum fagnaðarefni eftir 75 ára reksturs útvarpsstöðva á vegum ríkisins og tæplega 40 ára reksturs ríkissjónvarps að orðið hafi til öflug einkafyrirtæki sem sinni þessum rekstri af þeim myndugskap sem raun er. Slíkt ætti að leiða til gagn Gerrar endurskoðunar á hlutverki RÚV. Því er ekki að heilsa í frumvarpinu. Það er því illskiljanlegt hvers vegna löggjafinn ætti að styrkja rekstur RÚV að því er virðist fyrst og fremst til að brjóta undir ríkið að nýju þá starfsemi sem einkafjölmiðlar hafa sinnt betur en RÚV. Það má réttlæta fjárstuðning almennings til RÚV ef slíkur stuðningur getur af sér fjölmiðlun sem að öðrum kosti yrði ekki til í íslensku samfélagi. En það bætir á engan hátt hag almennings að nota fjármuni hans til að tryggja að stór hluti íslenskrar fjölmiðlunar sé fremur á forræði ríkisfyrirtækja en almenningshlutafélaga, eins og 365.

Þá telja 365 að eðlilegt hefði verið að frumvarpshöfundar hefðu leitt hugann að því hvort einkareknir fjölmiðlar séu nokkuð verr til þess fallnir að sinna menningarhlutverki RÚV, fengju þeir til þess þann stuðning úr almennasjóðum, sem nauðsynlegur er til framboðs á slíku efni. Að mati 365 hefði verið nauðsynlegt að frumvarpshöfundar hefði litið til þess hvort ekki væri til annað kerfi sem væri þjóðfélagslegra hagkvæmara til að sinna þessu hlutverki, en RÚV.

Með vísan til alls þess sem hér hefur verið rakið eru tillögur 365 eftifarandi:

1. Beðið verði með afgreiðslu frumvarps um RÚV þar til það liggur fyrir hvort og þá með hvaða hætti frumvarp um einkarekna fjölmiðla verður.
2. Fram fari almenn umræða að frumkvæði stjórnvalda í samfélaginu um hvaða starfsramma löggjafinn eigi að móta RÚV, einkum með tilliti til þess hvar endimörk hugtaksins almannaútvarp liggja.
3. Frumvarp um RÚV taki mið af því að einkareknum fjölmiðlum í landinu verði sköpuð skilyrði til blómlegs rekstrar.

Áskilinn er réttur til að koma með frekari athugasemdir eftir því sem tilefni gefast til. Þá er þess jafnframt óskað að þrír til fjórir fulltrúar 365 fái að hitta Menntamálanefnd Alþingis, þar sem 365 verði gefinn frekari kostur á að reifa sjónarmið sín.

Virðingarfyllst,

Gunnar Smári Egilsson
frkv.stj.



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/895

komudagur 17.2.2006

Alþingi
Menntamálanefnd
Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16.2 2006
Tilvísun: 2006010160

Efni: Umsögn um 401. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Alþýðusambandið gaf umsögn um frumvarp það sem til umfjöllunar var á síðasta þingi, þegar fyrirhugað var að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Þá var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins (RÚV). ASÍ var og er þeirrar skoðunar að viðtækt hlutverk RÚV í almannapágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannaeigu.

ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Sem fyrr lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefnskatti í stað afnotagjalda eins og fram kom í fyrri umsögn. Jafnframt má benda á, að með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Verði af fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi RUV, leggur ASÍ áherslu á, að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna sem margir eiga allan starfstíma sinn hjá stofnuninni verði tryggð. Mörg undanfarin ár hefur og mörgum starfsmönnum RÚV verið haldið á endurteknum tímabundnum ráðningarsamningum og einskonar verktökusamningum. ASÍ leggur áherslu á að öllum þessum starfsmönnum verði tryggð sama réttarstaða og annarra starfsmanna RÚV ef og þegar breytingarnar fara fram. Mikilvægt er að ráðherra gefi skýrar yfirlýsingar hér að lútandi svo þeir starfsmenn sem ekki hafa notið fullnægjandi réttarstöðu njóti sömu réttinda og fast starfslíð RÚV. Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
Deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2006

Efni: Umsögn BSRB og BHM um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.

Ofangreint frumvarp hefur borist samtökunum til umsagnar og gera þau eftirfarandi athugasemdir.

1. Athugasemdir varðandi stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að Ríkisútvarpið (RÚV) verði gert að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu íslenska ríkisins. BSRB og BHM þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar. Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur, við þessi skilyrði, að setja sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi „ómögulega“ staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki allaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni.

Samtökin spyrja því, hver sé tilgangurinn með því að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið? Er það gert til þess eins að breyta réttarstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins og að RÚV hf þurfi ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar. Bent hefur verið á að þessi breyting minni um margt

á kennitöluskripti í atvinnurekstri, þar sem vinnuveitendur eru að reyna að komast hjá því að standa við samninga sína við starfsmenn. Hlutfélagsformið á að mati samtakanna fyrst og fremst við þegar um er að ræða samkeppnisstarfsemi með *arðsemissjónarmið* að leiðarljósi en markmiðið með rekstri RÚV hefur verið og á að vera að veita þjónustu, sinna menningarskyldum og öryggishlutverki en ekki skapa eigendum sínum arð.

2. Athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna.

a) Réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi:

Stofnunin RÚV verður lögð niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna RÚV þegar stofnunin verður lögð niður og hlutfélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá RÚV, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram á RÚV hf að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn RÚV hf verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa RÚV hf undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að RÚV hf. mun ekki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né þarf það að fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Skýtur það skökku við að Ríkisútvarp sem hefur það meginhlutverk að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannapágu eins og lýst er í 3. gr. frumvarpsins, þurfi ekki að lúta

stjórnsýslu- og upplýsingalögum eins og aðrar stofnanir sem sinna almannabjónustu. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), er að mati BSRB og BHM ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð.

Samkvæmt aðilaskiptalögunum nr. 72/2002 á RÚV hf að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn RÚV hf að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögunum nr. 72/2002 segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlífendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögunum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi s.s. orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB og BHM að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnum til RÚV

hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti.

b) Biðlaunaréttur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.:

Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu segir að um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008. Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði til bráðabirgða II er nánar skýrt hvað átt er við með þessu. Segir þar að meginreglan sé sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Hins vegar sé gerð sú undanþága frá meginreglunni að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2008. Þessi tilhögun er rökstudd með því að miklar skipulagsbreytingar séu framundan hjá RÚV hf sem flestar verði komnar fram fyrir árslok 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra réttinda skv. frumvarpinu.

Ef það er mat löggjafans að verið sé að bjóða sambærilegt starf hjá RÚV hf og hjá RÚV eiga öll réttindi að fylgja við ráðningu, þ.m.t. biðlaunaréttindi, sbr. aðilaskiptalögin.

Með því að fella niður biðlaunarétt eftir 31. desember 2008 er að mati BSRB og BHM verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar. Með þessari löggjöf er verið að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið réttinda sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Í frumvarpinu eru ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá RÚV hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. BSRB og BHM leggja áherslu á að sama þurfi að tryggja fyrir starfsmenn RÚV sem ákveða að taka ekki starfi hjá RÚV hf.

c) Lífeyrisréttur starfsmanna í B-deild skv. frumvarpinu:

Í frumvarpinu segir að starfsmaður RÚV sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálfu starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frýsting á launinum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

BSRB og BHM benda á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.

d) Lífeyrisréttur starfsmanna í A-deild skv. frumvarpinu:

Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Í fyrra frumvarpinu um RÚV sf var eftirfarandi ákvæði:

„ Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum.“

Hver er réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um RÚV hf?

Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið

tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Er því nauðsynlegt að mati BSRB og BHM að gengið sé tryggilega frá því að allir starfsmenn RÚV hf eigi rétt á því að vera í LSR, og að það nái einnig til nýðráðinna.

BSRB og BHM vísa í því sambandi á 3. gr. í aðilaskiptalögunum sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.

3. Athugasemdir varðandi gjaldskyldu.

Lagt er til í frumvarpinu að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2008 tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Afnotagjöld falla niður frá sama tíma. Þetta sérstaka gjald verður lagt á einstaklinga og lögaðila og er lagt til í frumvarpinu að það verði 13.500 krónur af hverjum gjaldanda. Samtökin lýsa áhyggjum sínum af því að þetta gæti leitt til hækkunar fyrir heimili með unglinga eldri en 16 ára. Ekki er nógu skýrt kveðið á um það í frumvarpinu að gjaldið nái ekki til námsmanna 16 ára og eldri þar sem segir: „Vætanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 235/1999, um málefni aldraðra“. Hafa skal það í huga að íslenskir framhaldsskólanemar stunda gjarnan launavinnu samhliða skólagöngu sinni og hafa því margir hverjir nokkrar tekjur.

4. Öryggisþáttur RÚV.

Eitt af meginhlutverkum RÚV er að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu eins og segir í 11. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Verið er að veikja öryggishlutverk RÚV með því að hlutafélagið heyri ekki undir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjórnsýslulög né önnur lög er tryggja sanngjarna og óhlutdræga meðferð mála.

5. Samningsréttur.

BSRB og BHM leggja mikla áherslu á að tryggt verði að RÚV hf virði rétt stéttarfélaga starfsmanna innan RÚV sem gera kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna, til að semja áfram

við RÚV hf. fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofanana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan RÚV, þ.e. að ekkert sé því til fyrirstöðu að þau haldi áfram að semja við RÚV hf um laun og önnur starfskjör félagsmanna sinna.

6. Starfsmannaráð.


Ástæða er til að vekja athygli á þeim miklu völdum yfir mannahaldi og dagskrárgerð sem, samkvæmt frumvarpinu eru færð í hendur útvarpsstjóra, sem ráðinn er af útvarpssráði sem endurspeglar stjórnarmeirihluta á Alþingi hverju sinni. Hér ber að hafa í huga að jafnhliða er dregið úr starfsöryggi starfsmanna Ríkisútvarpsins eins og fram kemur annars staðar í þessari greinargerð. Í kjarasamningum BSRB og BHMR og ríkisins árið 1980 (sbr. 5.gr samkomulags BSRB og ríkisins frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980) var samið um að auka starfsmannalýðræði og voru í kjölfarið settar reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum. Á grundvelli samninganna frá 1980 fengu Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og Starfsmannafélag Sjónvarps fulltrúa (hvort félag fyrir sig) í Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Það er skýlaust brot á þessu samkomulagi að rifta því einhliða eins og gert er með frumvarpinu.

Að öllu framangreindu virtu er það eindregin afstaða BSRB og BHM að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

F.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

F.h. BHM


Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM

Alþingi
Erindi nr. P 132/936
komudagur 21. 2. 2006

Bandalag íslenskra listamanna.
c/o Margrét Bóasdóttir, ritari
Snorrabraut 71,
105 Reykjavík.

Reykjavík

20.2.2006
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Stjórn BÍL, Bandalags íslenskra listamanna, tekur undir athugasemdir stjórnna allra aðildarféлага sinna og vill sérstaklega beina athygli höfunda frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf að því, að þar er hvorki kveðið nægilega skýrt á um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins hf né skyldur hins nýja hlutafélags um hlutfall innlendra dagskrár í heildardagskrá sjónvarps/hljóðvarps á vegum Ríkisútvarpsins hf. Stjórn BÍL leggur áherslu á að inn í frumvarpið um Ríkisútvarpið hf verði sett skýr viðmið um að hlutfall innlendra dagskrár fari ekki undir 50% af heildardagskrá og að staðið verði við skuldbindingar um hlutfall efnis frá sjálfstæðum evrópskum framleiðendum. Stjórn BÍL leggst ekki gegn hlutafélagsvæðingu RÚV en telur að kveða verði mun skýrar á um framtíðarhlutverk RÚV sem menningarstofnunar og almannauútvarps í þágu allrar þjóðarinnar. Stjórn BÍL telur að skýra verði betur skyldur RÚV gagnvart innlendum kvikmyndaframleiðendum, tryggja verði samkeppnisstöðu þeirra, og búa svo um hnúta að RÚV verði flaggskip innlendra menningarlegrar dagskrárgerðar bæði fyrir sjónvarp og hljóðvarp. Stjórn BÍL leggur megináherslu á að lögin um Ríkisútvarpið hf hafi þann tilgang að efla RÚV sem útvarp í almannapágu. Því takmarki má meðal annars ná með því að í auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum sem endurspegla íslenskan veruleika. Þannig getur RÚV orðið öflugt menningartæki, betri samfélagsspegill og eflt skilning Íslendinga á eigin samfélagi og umheiminum.

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Hávar Sigurjónsson
Bóasdóttir
stjórnarmaður

Margrét
ritari.

Helstu breytingar á réttindum starfsmanna, sbr. umsögn BSRB og BHM frá 16. febrúar 2006. EG.

1. Almennt:

Þegar ríkisstofnun er breytt í hlutafélag hætta starfsmenn hennar að vera starfsmenn ríkisins og verða þess í stað starfsmenn viðkomandi hlutafélags þrátt fyrir að ríkið beri áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Hér eru sett helstu atriði sem falla niður en ekki er um að ræða tæmandi talningu.

2. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, gilda ekki lengur um réttarstöðu starfsmanna. Helstu atriði sem falla niður:

- Andmælaréttur.
- Áminningarskylda.
- Skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn.
- Auglýsingaskylda á lausum störfum.
- Aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjanda.
- Uppsagnarfrestur
- Þagnarskylda.
- Skylda að hlíta breytingum á störfum og verksviði. (óbreytt launakjör og réttindi ef breytingar hafa í för með sér skert launakjör starfsmans í jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er.)
- Biðlaunaréttur þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996. (sbr. lið 6.)

3. Starfsmenn RÚV hf munu ekki heyra undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

- Stéttarfélögin sem munu semja um kaup og kjör starfsmanna heyra undir lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 80/1938
- lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla munu gilda nema um annað sé samið.
- Ólíkar reglur um verkföll starfsmanna.

4. Réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi.

Núgildandi kjarasamningur mun gilda þar til nýr verður gerður eða kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Sú staða kemur hins vegar vafalaust upp fljótlega eftir rekstrarformsbreytinguna að nýr ráðningarsamningur verður gerður við starfsmenn. Þá er óvíst hvernig tekst til að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður.

5. Upplýsingalögin og stjórnarsýslulögin munu ekki gilda um RÚV hf.

Upplýsingaréttur almennings og upplýsingaskylda stjórnvalda um RÚV hf. ekki lengur til staðar. Jafnræðisreglan, andmælaréttur, rannsóknarregla, meðalhófsregla o.s.frv. gilda ekki lengur um starfsemi RÚV hf.

6. Biðlaunaréttur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.:

Biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra

réttinda skv. frumvarpinu. Með þessu er verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Réttindi starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur sem hafna starfi hjá RÚV hf. eru ekki tryggð í frumvarpinu. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. Mikilvægt er að hafa í huga að ráðningarvernd verður engin hjá RÚV hf. og hægt verður að segja starfsmönnum upp án andmæla, rökstuðnings eða áminningar. Þannig að þrátt fyrir að biðlaunaréttur fylgi til 31. desember 2008 þá er alltaf hægt að segja starfsmönnum upp þó ekki sé verið að leggja starf niður.

6. Lífeyrisréttur starfsmanna í B-deild skv. frumvarpinu:

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frysting á laununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

7. Lífeyrisréttur starfsmanna í A-deild skv. frumvarpinu:

Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja.

Alþingi

Erindi nr. P 132/1395

komudagur 21.3.2006

Reykjavík, mars 2006

Til: Menntamálanefndar Alþingis
Frá: Stjórn Blaðamannafélags Íslands

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Með frumvarpinu er verið að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Í þriðju grein frumvarpsins segir m.a. að hlutverk Ríkisútvarpsins hf. verði rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps. Í því ljósi telur stjórn BÍ rétt að í frumvarpinu verði tveir þættir áréttáðir; annars vegar sjálfstæði ritstjórna og hins vegar faglegar ráðningar, þ.e. að þær verði byggðar á faglegum forsendum, en ekki flokkspólitískum hagsmunum.

1. Í þriðju grein frumvarpsins segir að útvarpsþjónusta í almannabágu feli m.a. í sér að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varð.

Stjórn BÍ telur að í frumvarpinu þurfi einnig að árétta sjálfstæði ritstjórna gagnvart flokkspólitískri eða efnahagslegri íhlutun. Það megi m.a. gera með því að kveða á um setja þurfi innri reglur, sem fjalli m.a. um skilyrði áminningar og brottvikningar.

2. Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn hlutafélagsins kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hver. Stjórnina skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins. Starfssvið stjórnarinnar er m.a. að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.

Stjórn BÍ fagnar því að útvarpsráð verði samkvæmt frumvarpinu lagt niður í núverandi mynd. Þar með ljúki beinum afskiptum flokkspólitískra fulltrúa af einstökum mannaráðningum. Stjórnin leggur þó til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn hlutafélagsins; m.a. starfsmenn Ríkisútvarpsins. Slíkt á sér fordæmi í


nágrannalöndum okkar. Útvarpsráð NRK er til að mynda skipað níu mönnum, þar af þremur fulltrúum starfsmanna.

Þannig má stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, til dæmis við ráðningu útvarpsstjóra.

3. Samkvæmt frumvarpinu ræður útvarpsstjóri aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. Lagt er til í frumvarpinu að nánar verði kveðið á um starfssvið útvarpsstjóra í samþykktum félagsins. Þá er útvarpsstjóri samkvæmt frumvarpinu æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins.

Stjórn BÍ telur rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögnum, eða að lögin kveði á um settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra.

Fyrir hönd stjórnar BÍ



Arna Schram, formaður BÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1867
komudagur 25.4. 2006

25. apríl 2006

Efni: Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Tillögur menntamálaráðherra um rekstrarformsbreytingu RÚV yfir í hlutafélag hefur í för með sér grundvallarbreytingar á réttindum starfsmanna og ýmis réttindi munu jafnframt glatast verði frumvarpið samþykkt. Samtökin hafa lagt höfuðáherslu á það í umsögn frá 16. febrúar 2006 að réttindi starfsmanna verði tryggð í frumvarpinu. Að mati samtakanna er eina leiðin til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna að frumvarpið verði ekki að lögum og þess vegna gera samtökin það að sinni megintillögu að horfið verði frá lögfestingu þess. Fari hins vegar svo að menntamálanefnd afgreiði frumvarpið frá sér til 3. umræðu telja samtökin mjög brýna nauðsyn bera til þess að á því verði gerðar breytingar til að tryggja með skýrum hætti réttarstöðu starfsmanna við gildistöku laganna. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir skapast mikil réttaróvissa um réttarstöðu starfsmanna RÚV við gildistöku laganna.

Eftirfarandi eru breytingatillögur samtakanna við frumvarpið:

Tillaga um bráðabirgðaákvæði:


RÚV hf. tekur við gildistöku laganna yfir skyldur vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig halda þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóta biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missa ekki rétt til biðlauna við gildistöku laga þessara þó svo að þeir afþakki boð um starf hjá RÚV hf. Eftir gildistöku laga þessara skal starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umþóttunartími í 3 mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá RÚV hf. eða neyti biðlaunaréttar síns, og miðast biðlaunaréttur þeirra þá við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kys að halda ekki áfram störfum.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða til RÚV hf.

Starfsmenn RÚV hf eiga rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við RÚV hf enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning fyrir þá við Ríkisútvarpið eða fjármálaráðherra fyrir þess hönd.

F.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

F.h. BHM


Halldóra Friðjónsdóttir, formaður

Alþingi
Menntamálanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2006

Efni: Brot á skyldum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið – Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. og frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum

1. Inngangur

Vísað er til umsagnar 365 ljósvakamiðla ehf. um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. frá 17. febrúar 2006 sem Dagsbrún hf. tekur alfarið undir. Líkt og fram kemur í umræddri umsögn telur Dagsbrún hf. verulegan vafa leika á um að frumvarpið, verði það að lögum, standist ákvæði EES-samningsins um ríkisstyrki. Menntamálaráðherra hefur nú kynnt frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. þar sem gert er ráð fyrir því að eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu hf. verði undanþegið reglum um eignarhald á fjölmiðlum er lögfesta á með breytingu útvarpslaga. Dagsbrún hf. telur umrædda undanþágu brjóta í bága við EES-samninginn. Félagið telur því rétt og skylt að vekja athygli hins háa Alþingis á þeim álitefnum sem upp eru í málinu.

2. Brot á ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki

Eins og áður greinir er það álit Dagsbrúnar hf. að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. standist ekki ákvæði EES-samningsins um ríkisstyrki. Ljóst er að fjárframlag ríkisins til Ríkisútvarpsins hf. telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Til þess að fjárframlag ríkisins sem er til þess fallið að raska samkeppni á markaði teljist ekki vera ríkisaðstoð þurfa fjögur skilyrði að vera uppfyllt¹:

- a) Almannaþjónustuskilyldur þiggjanda þurfa að vera nákvæmlega afmarkaðar
- b) Forsendur fyrir útreikning á aðstoð þurfa að liggja fyrir
- c) Aðstoð skal einungis fjármagna tilfallinn kostnað
- d) Miða skal aðstoð við þann kostnað sem hagkvæmlega rekið fyrirtæki yrði fyrir

Ekki verður séð að frumvarpið uppfylli skilyrði þess að njóta undanþágu skv. 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins enda er skilgreint hlutverk Ríkisútvarpsins hf. samkvæmt frumvarpinu mun víðtækara en svo að umræddar undanþáguheimildir geti átt við. Til að mynda má benda á að í

¹ EB-dómstóllinn afmarkaði þessi skilyrði í *Altmark* málinu, mál C-289/00 *Altmark* [2003] ECR-I-7747, 89. málsgrein. Skv. 6. gr. EES samningsins sbr. 2. mgr. 3. gr. Samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber að taka mið af dómafrákvæmd EB-dómstólsins við skýringu á sambærilegum ákvæðum EES samningsins.

Kinderkanaal málinu² komst framkvæmdastjórn ESB að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fella sjónarmið um fræðsluhlutverk fjölmiðla og nauðsyn lýðræðislegrar umræðu undir almenn sjónarmið um menningarhlutverk þeirra. Þá er sá kostnaður sem ríkisaðstoðinni er ætla að mæta hvorki skilgreindur almennt né út frá sjónarmiðum um hagkvæmlega rekið fyrirtæki.

Í 59. gr. EES-samningsins er fjallað um opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem ríkið hefur falið sérstök réttindi eða einkarétt. Er þar kveðið á um að ríkið skuli tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið ráðstöfunum er kunna að fara í bága við reglur samningsins, einkum ákvæði 4. gr. er felur í sér bann við mismunun á grundvelli þjóðernis og ákvæði 53. – 63. gr. samningsins þar sem samkeppnisreglurnar er að finna.

2.mgr. 59. gr. hnykkir sérstaklega á því að tryggja skuli að reglur um samkeppni gildi fyrirtæki sem falið er að sinna þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða i raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin.

EB-dómstóllinn hefur margsinnis slegið því föstu að undanþáguheimild sú sem 2. mgr. 59. gr. felur í sér skuli túlkuð þröngt. Þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu þarf þannig að vera nákvæmlega afmörkuð, hlutverk viðkomandi fyrirtækis nákvæmlega skilgreint og gæta verður meðalhófs þegar slík fyrirtæki eru undanþegin almennum samkeppnisreglum. Þegar litið er til þess hversu viðtækt hlutverk Ríkisútvarpsins hf. er skilgreint, heimilda þess til að starfa á samkeppnismarkaði og skorts á ákvæðum um eftirlit með framkvæmd almannaþjónustu og grundvöllur þóknunar má ljóst vera að frumvarp um Ríkisútvarpið hf. uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

3. Brot á jafnræðisreglu EES-samningsins

Bann við mismunun á grundvelli þjóðernis er ein af grundvallarreglum EES réttarins. Reglan er sérstaklega staðfest í 4. gr. EES samningsins en er einnig megininntak þeirra réttinda sem ákvæðunum um fjórfrelsið er ætlað að tryggja. Það er forsenda einsleits sameiginlegs efnahagssvæðis að á því gildi sömu reglur um einstaklinga og fyrirtæki óháð þjóðerni.

Í frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. er að finna ákvæði sem undanþiggur eignarhald ríkisins reglum um hámarkseignarhald á útvarpsstöð. Dagsbrún hf. telur umrætt ákvæði brjóta í bágu við jafnræðisreglu EES-samningsins. Með því að undanskilja Ríkisútvarpið hf. reglum um eignarhald er óhjákvæmilega verið að lögfesta mismunun á grundvelli þjóðernis. Erlendir aðilar sem vilja nýta sér staðfestingarrétt á Íslandi og stofna útvarpsstöð njóta þannig aldrei sömu markaðsskilyrða og Ríkisútvarpið hf. Því er um að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis í skilningi EES réttar.³

² Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB NN 70/98 "State aid to public broadcasting channels "Kinderkanaal and Phoenix" OJ No C 238, 21.8.1999, bls. 3.

³ Til samanburðar má vísa til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur nýverið stefnt norska ríkinu vegna sambærilegrar löggjafar, sjá <http://www.efasurv.int/information/pressreleases/2006pe/dbaFile9191.html>.

Í máli *Framkvæmdastjórnarinnar gegn Ítalíu*⁴ vísaði EB-dómstóllinn til þess að sérstaklega væri mikilvægt að löggjöf er hefur áhrif á staðfesturétt einstaklinga og fyrirtækja sé þannig úr garði gerð að ekki komi til mismununar á grundvelli þjóðernis. Meginreglan um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis fæli þannig einnig í sér bann við óbeinni mismunun. Í málinu var tekist á um ítalska löggjöf er varðaði kaup á tölvuþjónustu fyrir ítalska ríkið en samkvæmt henni var ríkinu einungis heimilt að gera samninga um tölvuþjónustu við fyrirtæki sem ítalska ríkið ætti hlut í. Dómstóllinn taldi ljóst að reglurnar væru til þess fallnar að útiloka erlend fyrirtæki frá því að veita ríkinu tölvuþjónustu og fælu þær því í sér óbeina mismunun á grundvelli þjóðernis.

5. Brot á ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt

Í 31. gr. EES-samningsins er kveðið á um rétt ríkisborgara aðildarríkja EES til þess að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Líkt og áður greinir felst í þessum rétti sú skylda ríkisins að tryggja að innlend löggjöf mismuni ekki innlendum og erlendum aðilum. Dagsbrún hf. telur að íslenska ríkið brjóti skýlaust gegn þessum grundvallarrétti EES-samningsins með því að undanskilja Ríkisútvarpið hf. frá reglum um eignarhald á útvarpsstöð sbr. framangreint frumvarp til breytinga á útvarpslögum o.fl. Líkt og áður greinir fela umræddar reglur í sér að erlendum aðili er hyggst öðlast staðfestu hér á landi og starfrækja útvarpsstöð nýtur ekki sömu starfsskilyrða og Ríkisútvarpið hf.

VTM málið⁵ varðaði meðal annars belgíska löggjöf er veitt einni sjónvarpsstöð einkarétt á að starfa á auglýsingamarkaði fyrir sjónvarp í flæmska hluta Belgíu. EB-dómstóllinn lagði áherslu á að réttinn til staðfestu bæri að túlka rúmt og fæli þannig í sér rétt ríkisborgara aðildarríkis til þess að taka þátt atvinnulífi annars aðildarríkis á sama hátt og innlendir einstaklingar og fyrirtæki. Jafnframt lagði dómstóllinn áherslu á rétturinn til staðfestu útilokaði innlenda löggjöf sem væri til þess fallin að hindra erlenda aðila að nýta sér þann rétt eða væri til þess fallin að draga úr áhuga þeirra á að öðlast staðfestu. Belgíska löggjöfin var því talin brjóta í bága við meginregluna um rétt til staðfestu.

4. Samantekt

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. felur í sér ákvæði er krefjast skoðunar samkvæmt reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Niðurstaða í því máli er forsenda þess að unnt sé að kveða á um hvort fyrirtækið teljist starfa á markaði eður ei. Dagsbrún hf. telur augljóst að fyrirtækið teljist vera starfandi á markaði.⁶ Með sérákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. eru Ríkisútvarpinu hf. búin starfsskilyrði sem önnur fyrirtæki á markaði njóta ekki, hvort sem um innlenda eða erlenda aðila er að ræða. Slíkt felur í sér mismunun á grundvelli þjóðernis og takmörkun á staðfesturétti sem er andstæð grundvallarreglum EES-réttarins.


⁴ *Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu* mál C-3/88 [1989] ECR bls. 4035.

⁵ *Vlaamse Televisie Maatschappij NV* mál T-266/97 [1999] ECR II-2329.

⁶ Sjá t.d. ákvörðun Samkeppnisráðs nr.8/2000, Erindi Landssíma Íslands hf. vegna meintrar misnotkunar Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar hf. á markaðsráðandi stöðu sinni. Þar taldi Samkeppnisráð Ríkisútvarpið vera starfandi á almennum sjónvarpsmarkaði líkt og einkareknar stöðvar.

Tilfni erindis þessa er að vekja athygli þingheims á þeim álitamálum sem risið hafa varðandi skuidbindingar ríkisins að EES-rétti að því er varðar umrædd frumvörp. Dagsbrún hf. telur vissulega frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. vekja alvarlegar spurningar um stjórnarskrárbundin réttindi þegna þessa lands, þar á meðal ákvæði um tjáningarfrelsi og eignarrétt og almennar meginreglur um réttaröryggi. Að auki er ljóst að bæði frumvörpin brjóta í bága við samningsskyldur íslenska ríkisins að EES-rétti. Er þess því vænst að fyrirtækinu gefist kostur á að tjá sig nánar um frumvarpið við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,



f.h. Dagsbrúnar hf.
Dóra Sif Tynes, hdl.

Til menntamálanefndar Alþingis

Reykjavík 17. febrúar 2006

Umsögn Félags fréttamanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

1. Félagið tekur ekki afstöðu til þess hvaða rekstrarform verður ákveðið fyrir stofnunina. Megináhersla félagsins er sú að ÖLL réttindi félaga í FF haldist.
2. Félag fréttamanna krefst þess að félagsmenn verði áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það er besta trygging fyrir því að áunnin lífeyrisréttindi haldist, eins og stefnt er að og vilji er til hjá stjórnvöldum.
3. Félagið gerir skýlausa kröfu um að halda samningsrétti sínum og starfa áfram sem fag- og stéttarfélag fréttamanna. Félagið ætlar áfram að halda aðild sinni að BHM.
4. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og öðrum lögum er snúa að starfsmönnum ríkisins er kveðið á um mikilvæg réttindi okkar og víðtækar skyldur. Við viljum að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gildi áfram um félaga í FF eftir formbreytingu. Um réttindamál starfsmanna er að öðru leyti vísað í og tekið undir sjónarmið sem fram koma í sameiginlegu álitum BHM og BSRB um frumvarpið.
5. Hjá RÚV eru starfandi tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir sem heyra undir fréttasvið. Félag fréttamanna vill tryggja að svo verði áfram. Við leggjum til að bætt verði við 7.gr. þriðju greinar frumvarpsins ákvæði þar um og greinin hljóði þá svo “Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. *Fréttabjónustu RÚV annast tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir þ.e. Fréttastofa Útvarpsins og Fréttastofa Sjónvarpsins..*” Tvær ritstjórnir eru nauðsynlegar til þess viðhalda fjölbreytni, samkeppni á fjölmiðlamarkaði sér í lagi hjá ljósvakamiðlum þar sem eignarhald er ekki fjölbreytt. Tæknilega tryggir það þar að auki mun hnitmiðaðri umfjöllun og fréttabjónustu að önnur ritstjórn sinni útvarpi og hin sjónvarpi. Eins og kunnugt er netmiðlun fréttu hjá RÚV samhæfð.
6. Félag fréttamanna lýsir ánægju með orðalagið víðtæka fréttabjónustu og teljum því að í frumvarpinu felist það markmið að fréttabjónusta skuli efla til muna frá því sem nú er. Til að tryggja að öflug fréttabjónusta nái til allra aldurshópa og allra landsmanna verður að vera tryggt í lögnum að útbreiðsla fjölmiðilsins vaxi fremur en minnki frá því sem nú er.
7. Við teljum að það eigi að vera kveðið á um það í frumvarpinu að RÚV hf. verði fjölmiðill sem reki að lágmarki tvær útvarpssrásir og eina sjónvarpsrás. Ef einhver þessarra rása yrði skilin frá RÚV hf eru forsendur fyrir sterkum fjölmiðli sem á að ná til alls almennings brostnar.
8. Við viljum að upplýsingalögin gildi um RÚV hf. því það er í eigu almennings.
9. Okkur þykir réttur/aðgengi almennings þ.e. eigenda RÚV vera fyrir borð borinn í frumvarpinu því hvergi er getið um hvernig hann getur haft áhrif og komið sínum skoðunum á framfæri við RÚV. Þetta aðgengi verður að vera skýrt hjá fjölmiðli sem almenningur á og rekinn er í þágu þjóðarinnar. Sama gildir um tækifæri almennings til að nálgast upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans.

Almenningi er ekki tryggður sá réttur með lögum um hlutafélög í ríkiseigu, þrátt fyrir ákvæði um opna aðalfundi slíkar hlutafélaga.

10. Eldveggir til að verja sjálfstæða umfjöllun.
 - a. Tryggja þarf í frumvarpinu fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart útvarpsstjóra.
 - b. Jafnframt þarf að tryggja fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi RÚV hf. sem á sitt undir auglýsendum eða kostendum efnis.
 - c. Tryggja þarf að við ráðningar fréttamanna að farið sé að faglegum sjónarmiðum, forsendur séu öllum ljósar og fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir.
 - d. Tryggja þarf stofnunni örugga tekjustofna.
11. Starfsvið útvarpsstjóra er ekki skýrt skilgreint í frumvarpinu. Þó virðist viðurkennt að þörf sé á slíkri skilgreiningu. Þannig segir í 11 gr. frumvarpsins um útvarpsstjóra: að í samþykktum félagsins megi nánar skilgreina starfssvið hans. Réttara er að gera það strax í frumvarpinu sjálfu. Þá kemur fram í 11. grein frumvarpsins að útvarpsstjóri sé æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins. Ef starfssvið útvarpsstjóra er ekki skilgreint getur það valdið því að sjálfstæði fréttastjórna sé nákvæmlega jafn mikið eða jafn lítið og útvarpsstjóri ákveður hverju sinni .
12. FF telur afnotagjöld bestu leiðina til að fjármagna Ríkisútvarpið hf. Engin krafa er af hálfu ESA um að leggja afnotagjöldin niður, eins og sjá má af því að önnur Ríkisútvörp í Evrópu halda sig við þessa fjármögnunarleið. Í umræðu um almannaútvarp BBC hefur niðurstaðan alltaf orðið sú að halda afnotagjöldum áfram. Einnig má nefna NRK sem verið hefur hlutafélag í meira en áratug, en heldur samt afnotagjöldum. FF telur afnotagjöldin tryggja sjálfstæði fyrirtækisins mun betur en nefskattur.
13. Ekki verður séð af frumvarpinu að tryggt sé að öllum fréttamönnum hjá RÚV verði áfram boðið sama starf. Þetta nægir Félagi Fréttamanna ekki. FF gerir skýlausa kröfu um að fréttamenn haldi störfum sínum.

fyrir hönd Félags fréttamanna

Björg Eva Erlendsdóttir formaður
Þórdís Arnljótsdóttir varaformaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/921
komudagur 20.2.2006



Félag kvikmyndagerðarmanna
40 ára / 1966–2006

Menntamálanefnd Alþingis


Umsógn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf
Þskj. 517 - 401. Mál.

R. 17.02.06

Menntamálanefnd Alþingis

Meðfylgjandi er umsógn Félags kvikmyndagerðarmanna um frumvarp til laga um
Ríkisútvarpi hf.

Virðingarfyllst f.h. FK


Guðbergur Davíðsson stjórnarmaður FK



Félag kvikmyndagerðarmanna **40 ára / 1966–2006**

Félag kvikmyndagerðarmanna (FK) er heildarsamtök kvikmyndagerðarmanna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og höfundarrétt. FK er skipulagt á grundvelli hinna ýmsu starfsgreina innan kvikmyndagerðar svo sem kvikmyndatöku, klippingar, hljóðvinnslu, kvikmyndastjórnar o.s.fv. Þó félagið sé fagfélag en ekki stéttarfélag vinnur það að hagsmunamálum félagsmanna eins og gerð samninga, en stór hluti kvikmyndagerðarmanna á Íslandi er sjálfstætt starfandi. Félag kvikmyndagerðarmanna er opið öllu fagfólki í kvikmyndagerð.

Félag kvikmyndagerðarmanna hefur gefið út tímaritið Land og syni frá árinu 1995. Bláðið er mál gagn kvikmyndagerðarmanna og vettvangur umræðu og upplýsinga um hvað eina sem snýr að faginu. Land og synir er nú gefið út af Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni sem jafnframt heldur úti vefnum logs.is en FK er einn þriggja eigenda akademíunnar. FK er jafnframt einn af stofnendum Kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem er elsta kvikmyndahátíð á Norðurlöndunum. Félag kvikmyndagerðarmanna setti á stofn alþjóðlega stutt- og heimildamyndahátíðina; Reykjavík short's and doc's. Á hátíðinni eru sýndar heimilar- og stuttmyndir hvaðanæva úr heiminu ásamt því sem best er gert á þessu sviði hér á landi. FK er aðili að Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) sem innheimtir gjald af óáteknum myndböndum og er tekjum FK úr IHM er ráðstafað gegnum Höfundasjóð FK. Félag kvikmyndagerðarmanna á fulltrúa í stjórn og/eða aðild að eftirfarandi félögum og ráðum:

- Nordisk Filmkontakt, sem stendur að heimild- og stuttmyndahátíðinni Nordisk Panorama
- MEDIA upplýsingaskrifstofunnar á Íslandi
- Kvikmyndaráði sem er stjórnvöldum til ráðgjafar um kvikmyndamál
- Fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík.
- Bandalagi íslenskra listamanna sem stendur vörð um sameiginlega hagsmuni allra listamanna í landinu

Félag kvikmyndagerðarmanna heldur reglulega félagsfundi þar sem félagsmönnum gefst kostur á að skiptast á skoðunum, efla tengsl sín á milli og fylgjast með því sem er að gerast í kvikmyndagerð heima og erlendis.

Nánari upplýsingar á www.film-makers.is

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins og breytingartillögur.
Athugasemdir og breytingartillögur eru ská- og feitletraðar.

3. gr.

3. Að framleiða *sjáft eða í samvinnu við aðra* og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.

ATHS: Við teljum mikilvægt að RÚV leggi áherslu á samvinnu við sjálfstæða framleiðendur.

4. Að veita almenna fræðslu og *gera flytja* dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.

ATHS: Sama áhersla og í lið 3, þ.e. að flyta dagskrá sem er framleidd m.a. hjá sjálfstæðu framleiðendum.

6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.

ATHS: Við teljum að það þurfi ekki að tiltaka skemmtiefni sérstaklega, slíkt efni fellur undir skilgreininguna um fjölbreytt efni.

Viðbót við 3. gr.

15. Gerður skal þjónustusamningur milli RÚV hf og Menntamálaráðuneytisins þar sem fram komar þau viðmið sem RÚV hf ber að starfa eftir. RÚV hf skal skila áriega skýrslu um hvernig ákvæði eru uppfyllt.

ATHS: Þetta fyrirkomulag tíðkast í nágrannalöndum okkar, m.a. Danmörku. Við teljum þetta ákvæði mikilvægt í ljósi þess að eftir að RÚV er orðið hlutafélag er upplýsingaskylda þess önnur en opinbers fyrirtækis.

16. RÚV skal kosta kapps við að ná því marki að 50% útsendinga að frádregnum fréttum, íþróttum, leikjum, sölusjónvarpi og textavarpi sé evrópskt efni og 20% af dagskrárfé eða 20% útsendingartíma (með sömu frávikum og ofan) skuli varið til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum í Evrópu.

ATHS: Þessi viðbót mun tryggja að markmiðum útvarpslaga og tilskipunar ESB sé fylgt eftir sbr. 3 og 4. gr. laga um Danmarks Radio. Í dag eru ákvæði í útvarpslögum nr. 52/2002 um að 10% útsend efnis skuli vera frá sjálfstæðum framleiðendum. Við teljum að hækka þurfi hlutfallið strax í 20% til þess að þetta fyrirkomulag verði liður í því að efla íslenska kvikmyndagerð.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tækniþúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

ATHS: Í 3. gr. lagafrumvarpsins segir um útvarpsþjónustu í almannapágu. "Hlutverk Ríkisútvarpsins hf er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannapágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum."

Erfitt er að sjá tilgang þess að félag með þetta meginmarkmið eigi að starfa á öðrum vettvangi "á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess". RÚV hf verður rekið með skatttekjum og núverandi tæknibúnaður þess er fjármagnaður með skylduáskrift á þjónustu forvera félagsins. Starfsemi RÚV "á sviði dagskrárgerðar" skv. ofangreindu getur leitt til óeðlilegrar samkeppni við rekstur einkaaðila á sviði dagskrárgerðar, aðila sem ekki njóta framlaga af almannafé til kaupa á tæknibúnaði og aðstöðu.

Í athugasemdum Menntamálaráðuneytisins um frumvarpið segir: "en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti eitt sér eða í samvinnu við aðra rekið starfsemi sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr., sbr. 4. gr., en þá er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 5. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi." Án nánari skilgreiningar á þessum ákvæðum getum við ekki fallist á slíkt leyfi til annarskonar starfsemi en 3.gr. innifelur og leggjum því til að þessi grein verði felld úr frumvarpinu. Framtak í starfi hjá starfsmönnum félagsins á að beinast að grunnstarfsemi félagsins en ekki óskilgreindri starfsemi sem gæti mögulega skaðað aðra rekstraraðila á sviði dagskrárgerðar.

Hugmyndir forráðamanna RÚV sem komu fram í umsögn þeirra við lagafrumvarpið um RÚV sf eru athyglisverðar varðandi aðra starfsemi en þá er tilheyrir grunnþætti stofnunarinnar. Í umsögninni segir: "RÚV hefur ýmsa möguleika til að selja út þjónustu, einkanlega í sambandi við vandaðar upptökur á útvarps- og sjónvarpsefni" - "Hljóðver og myndvergætu tímabundið tekið að sér útselda vinnu (kvikmyndagerð?), t.d. að sumarlagi þegar álag vegna verkefna RÚV minnkar." FK telur að hér sé komið út fyrir þau mörk sem eðlileg geta talist á markaði þar sem einn aðili nýtur lögbundinna áskriftargjalda eða álagðra skatta. Öll ákvæði sem fjalla um aðra starfsemi RÚV hf en þá sem snýr að rekstri útvarps í almannapágu verða að vera skýr og taka af öll tvímæli um að félaginu sé með öllu óheimilt að stunda kvikmyndagerð í samkeppni við einkarekin kvikmyndafyrirtæki.

5. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannapágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannapágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannapágu skv. 3. gr.

ATHS: Sjá aths. við 4.gr.

5. Virðisaukaskattur og rekstur RÚV

Úr fylgiskjali II:

Stofnunin Ríkisútvarpið er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þannig að afnotagjöld sem skila um 70% tekna þess bera 14% virðisaukaskatt en aðrar tekjur sem skila um

30% bera 24,5% skatt. Stofnunin skilar ríkissjóði virðisaukaskatti en fær endurgreiddan innskatt af kostnaði og fjárfestingum nákvæmlega eins og önnur fyrirtæki. Árið 2004 mun útskattur hafa numið 591 m.kr. og innskattur 201 m.kr. og voru tekjur ríkissjóðs af skattinum því 390 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðamati ríkisskattstjóra er talið að tekjur af hinu sérstaka gjaldi sem skattstjórar munu leggja á teljist skattur og því líklegt að ekki verði litið svo á að í gjaldinu felist endurgjald fyrir veitta útvarpsþjónustu. Móttaka skattfjárins virðist fljótt á litið ekki fela í sér virðisaukaskattsskyldu fyrir hlutafélagið. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess eru á hinn bóginn endurgjald fyrir virðisaukaskattsskylda þjónustu. Við gerð þessarar kostnaðarumsagnar lágu ekki fyrir forsendur til að ríkisskattstjóri gæti metið hvort hlutafélagið muni uppfylla skilyrði í 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts og þar með skyldu til innheimtu útskatts og rétt til innskatts. Tölulegar upplýsingar síðast í 4. kafla almennra athugasemda frumvarpsins benda þó fremur til þess að hlutafélagið muni ekki uppfylla skilyrðin. Ef þetta verður raunin er líklegt að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti minnki um nálægt 200 m.kr. miðað við forsendurnar hér að framan. Ef niðurstaða verður hins vegar sú að hlutafélagið fái skráningu og yrði talið vera í blandaðri starfsemi yrði tekjutap ríkisins trúlega 50–60 m.kr. meira.

ATHS.: Þetta fyrirkomulag felur í sér að það verður óhagkvæmt fyrir RÚV að kaupa efni frá öðrum rekstraraðllum, allt verður um 20% dýrara en elgin framleiðsla RÚV. Það er grundvallaratriði að fundin verði leið sem kemur í veg fyrir þetta slys.

ATHUGASEMDIR VEGNA KVIKMYNDAEFNIS SEM STOFNUNIN Á OG GEYMR SKV. LÖGUM.

Í safni RÚV er mikið magn kvikmynda sem hafa safnast á þeim 40 árum sem stofnunin hefur starfað. Líta verður á að þetta myndasafn sé hluti af þjóðarauði Íslendinga, ómetanlegar heimildir um lífið í landinu. FK telur að það verði að setja reglur sem tryggja eðlilegan aðgang kvikmyndagerðarmanna og annarra að þessu myndefni gegn eðlilegri greiðslu fyrir umsýslu og kostnað.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1442
komudagur 23.3.2006

Case handler: Espen Bakken
Tel: (+32)(0)2 286 1818
e-mail: eba@eftasurv.int

Brussels, 30 January 2006
Case No: 48094
Event No: 358899

AUTHORITY

Dear Sir,

Subject : State aid - Financing of Ríkisútvarpið (RUV), the public service broadcaster

1. Introduction

Reference is made to the meeting in Brussels on 17 January 2006 between the Icelandic authorities and the Competition and State Aid Directorate (hereinafter the "CSA") regarding the state financing of RUV, the Icelandic public service broadcaster. Further reference is made to previous correspondence, in particular the letter dated 3 June 2005 according to Article 17(2) in Part II of Protocol 3 to the Agreement between the EFTA State on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice (hereinafter the "Article 17(2) letter"). The new draft legislation of the Icelandic National Broadcasting Service (Ríkisútvarpið hf) (hereinafter "the draft National Broadcasting Service Act") was submitted to the CSA by e-mail dated 12 January 2006.

According to the CSA's preliminary findings the current financing of RUV constitutes an 'existing' aid measure, for which amendments to the future might be suggested by the EFTA Surveillance Authority (hereinafter the "Authority"). Therefore, the meeting on 17 January 2006 dealt with future amendments of the Icelandic public service broadcasting system in order to comply with the EEA state aid provisions, and in particular Chapter 24 C of the State Aid Guidelines¹ (hereinafter the "Broadcasting Guidelines"). Proposals to this effect are laid down in the draft National Broadcasting Service Act, which was the main discussion point of the meeting.

The CSA appreciates the cooperation and initiatives undertaken by the Icelandic authorities to limit the compensation granted to RUV to the cost of discharging the public service broadcasting obligation. Based on the latest legislative developments on the draft National Broadcasting Service Act, the CSA sees a need for further clarifications on the issues mention below in order assess the state financing of RUV under Articles 61(1) and 59(2) of the EEA Agreement.

¹ An updated version of the State Aid Guidelines can be found on the EFTA Surveillance Authority webpage <http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid/guidelines>.

Icelandic Mission to the European Union
Rond-Point Schuman, 11
1040 Brussels

On the topics mentioned below the CSA will make references to pages 32 and 33 of the Article 17 (2) letter in order to provide an overview on which of the points mentioned in that letter has been dealt with, or still require further explanations and/or amendments.

By reporting on the new developments, the Icelandic authorities gave the requested update as requested in point 9 on page 33 of the CSA's Article 17 (2) letter.

2. State guarantee and tax exemption

As previously explained by the Icelandic authorities, Article 2 of the National Broadcasting Service Act (i.e the unlimited liability) along with Article 5 of the Insolvency Act (i.e the exemption from bankruptcy proceedings) provide for an implicit guarantee toward creditors for the fulfillment of RUV's obligations.

Further, according to Article 4(1) of the Income and Net worth Tax Act, state enterprises operated by the Treasury and for which the Treasury bears unlimited liability (i.e. RUV) benefit from a tax exemption.

Based on information presented in the meeting, the CSA understands that the reorganisation of RUV from a state enterprise into a limited liability company will imply that the guarantee provided for in Article 2 of the National Broadcasting Act in combination with Article 5 of the Insolvency Act will be terminated. Further it will imply that as owner of a limited liability company, the Icelandic State will only be liable for its share capital in the company. Additional financial assistance to RUV needs to be carried out in line with the private market investor principle.

Regarding the tax exemption provided for in Article 4(1) of the Income and Net worth Tax Act, the CSA understands that RUV will fall outside the scope of the Act in that the tax exemption is granted to state enterprises for which the Treasury bears unlimited liability. Hence, as a limited liability company RUV will in the future be liable to ordinary company taxation.

The Icelandic authorities are kindly requested to verify the above understanding of the CSA. If correct, it would dispel CSA's concerns with regard to state guarantee for the future. Point 7 on page 32 of the Article 17 (2) letter and point 6 and 8 of the information request on page 33 would then be considered to be dealt with. No further information on the scope of the state guarantee or the correct calculation of the market premium would then be necessary, if all direct and indirect state guarantees are repealed.

3. Article 59(2) of the EEA Agreement

The state financing of RUV might be compatible under Article 59(2) of the EEA Agreement. Article 59(2) of the EEA Agreement reads;

"Undertakings entrusted with the operation of services of general economic interest or having the character of a revenue-producing monopoly shall be subject to the rules contained in this Agreement, in particular to the rules on competition, in so far as the application of such rules does not obstruct the performance, in law or in fact, of the

particular tasks assigned to them. The development of trade must not be affected to such an extent as would be contrary to the interests of the Contracting Parties".

Section 24C.6 (1) of the Broadcasting Guidelines specifies further how the CSA will assess aid in the broadcasting sector in relation to Article 59(2) of the EEA Agreement:

- the broadcasting service must be a service of general economic interest, clearly defined as such by the EFTA State (definition);
- the undertaking must be explicitly entrusted by the authorities with the provision of the broadcasting service (entrustment);
- the application of the competition rules of the EEA Agreement must obstruct the performance of the tasks assigned to the undertaking and the exemption from such rules must not affect the development of trade to an extent that would be contrary to the interests of the EEA Agreement (proportionality test).

3.1 Definition

The following considerations deal with point 1 on page 32 and point 1 on page 33 of the CSA's Article 17 (2) letter, the definition of public service broadcasting.

The Icelandic authorities have a wide margin of discretion regarding which services it considers as services of general economic interest within the meaning of Article 59(2) of the EEA Agreement. According to 24C.6.1 (2) of the Broadcasting Guidelines, a wide definition may be considered in the specific case of broadcasting. However an activity should be considered to meet the democratic, social and cultural needs of a society, guaranteeing pluralism, including cultural and linguistic diversity.

According to 24C.6.1 (3) of the Broadcasting Guidelines this can also include services which are not programmes in the traditional sense, such as online information services, to the extent that while taking into account the development and diversification of activities in the digital age, they are addressing the same democratic, social and cultural needs of the society in question.

Article 3 of the draft National Broadcasting Service Act defines and entrusts the public service broadcasting obligation to RUV.

The CSA is of the preliminary opinion that Article 3(10) of the draft National Broadcasting Service Act does not pursue public service broadcasting objectives but rather seems to pursue regional objectives. Regional aid might be compatible as regional aid under Article 61 (3) c) in conjunction with the Authority's Regional Aid Guidelines, but would not qualify for aid as a 'public service compensation'. Without any further information, the CSA is not in a position to declare this objective compatible with the EEA State aid provisions and would thus appreciate further explanation on this provision.

Further, the CSA finds parts of the services mentioned in Articles 3(13) and 3(14) of the draft National Broadcasting Service Act to be commercial services. Reference is made to footnote 53 of the Article 17(2) letter of 3 June in which the CSA states:

"... in relation to the draft legislation on the Icelandic National Broadcasting Service the CSA is of the preliminary opinion that several of the activities mentioned in article 3 may be categorised as commercial activities. E.g. it follows from Article 3(14)(now 13) of the draft that the Icelandic Government is of the opinion that the operation of public service broadcasting involves compiling, publishing and distributing material of any type, either free of charge or in return for payment, that contributes toward the securing of RUV's objectives. Furthermore, according to Article 3(15)(now 14) RUV is in the future obliged to have selected material which previously has been broadcast available for loan and for sale".

The CSA wishes to stress that public service broadcasters can, without doubt, also engage in commercial activities. However, such commercial activities should not receive any public funding, as this would result in an unjustifiable distortion of competition. For that reason, the correct definition of public service activities is of the utmost importance and doubts as to whether the activities under Article 3 the draft National Broadcasting Service Act really constitute a public service must be taken seriously.

In order to achieve transparency, the CSA is in favour of a legal drafting technique which distinguishes the public service broadcasting obligations from other activities and to clearly separate them in different articles of the draft National Broadcasting Service Act (i.e. Article 3, "public service broadcasting" and Article 4, "other activities"). As discussed in the meeting, the fact that an activity is not mentioned in Article 3 of the draft National Broadcasting Service Act does not necessarily mean that it cannot constitute a public service. Whether an activity constitutes a public service broadcasting activity (classical public service broadcasting or activities closely associated therewith) or alternatively, a public service in its own right not related to public service broadcasting or thirdly, a purely commercial activity, has to be judged on the merits. It is legally not excluded that other activities constitute a public service if they fulfil the criteria of Article 59 (2) of the EEA Agreement. Such dissociated (stand alone) public service activities need to be separated in the company accounts from commercial and the public service broadcasting activities.

The problem with the current drafting, however, is that Article 3 of the draft National Broadcasting Service Act under the heading 'public service broadcasting' contains activities which can hardly be justified as constituting public service broadcasting. This applies e.g. to the sales of CDs and videos, i.e. the commercialisation of the public service broadcasting, which according to the Broadcasting Guidelines clearly constitutes a commercial activity (see Chapter 24C.6 of the Broadcasting Guidelines). Their inclusion in Article 3 of the draft National Broadcasting Service Act gives the impression that such activities can be funded by state resources. This is in particular the case as Article 3 is referred to in Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act, allowing for a financing of all activities mentioned in Article 3 by public funds. While that might not be the Icelandic authorities' intention, in the view of the CSA such drafting would easily give rise to misunderstandings, which should be avoided in order not to cause any state aid concerns.

Therefore, the CSA could – subject to a more detailed investigation – consider that a move of Articles 3(10), (13) and (14) of the draft National Broadcasting Service Act to Article 4 of the draft National Broadcasting Service Act, as tentatively suggested by the Icelandic authorities in the meeting, might be able to dispel the above concerns. Likewise it could be

envisaged that Article 7(2) of the draft National Broadcasting Service Act, for which the same question arises - whether the activities constitute real public service activities - is moved to Article 4 of the draft National Broadcasting Service Act.

Article 3 of the draft National Broadcasting Act would then define the public service broadcasting obligation RUV shall fulfil. Article 4 of the draft National Broadcasting Service Act could contain stand-alone public services other than broadcasting (which however, also need to be clearly defined and entrusted, see below, and which would be subject to separate accounting) and other activities RUV may enter into.

The CSA would like to receive information on whether a reformulation of the draft in this regard will be undertaken by the Icelandic authorities in order to deal with the above concerns.

Further, reference is made to point 2 on page 33 of the Article 17(2) letter. In the correspondence between the CSA and the Icelandic authorities, the CSA has understood that currently the performance management agreement between the Icelandic State and RUV can be obtained by the general public, in particular competitors of RUV, through the Icelandic Information Act. Given the above mentioned changes in the draft National Broadcasting Act, the CSA would like to receive information on the status of the performance management agreement between RUV and the Icelandic authorities, in particular whether this agreement would still continue to exist and which matters it would cover. Further, will the reorganisation of RUV from a public enterprise to a limited liability company change the publicity of the performance management agreement?

3.2 Entrustment - ex-ante mechanism for inclusion of new services into the public service remit

The following considerations are based on point 2 on page 32 and point 1 on page 33 of the CSA's Article 17 (2) letter.

The CSA is of the opinion that in situations in which the definition of the public service is broadly defined, the entrustment of (new) public services becomes decisive. Otherwise, the planning security of private competitors might be endangered. In this respect, the CSA is of the preliminary opinion that new services falling within the public service remit must be entrusted in a transparent way to RUV *before* they are introduced to meet the conditions set out in 24C.6.1.(4) of the Broadcasting Guidelines. This act of entrustment would then have to clearly define the tasks in question, not only for the sake of justifying their public financing need, but also to ensure supervision of the public service being carried out as provided for, see Chapter 24 C.6.2 of the Guidelines (see below, point 3.3)

The CSA notes that an ex-ante mechanism for inclusion of new services into the public service remit is currently not in place in Iceland. Subsection 2 of Article 3 in the former draft on the National Broadcasting Service Act contained an ex-ante mechanism whereby the Minister of Education, Science and Culture should specially approve new public services that are related in a natural way to the company's principal activities (i.e public service broadcasting). This provision has been deleted and is no longer part of the current draft.

The CSA is of the preliminary opinion that such a mechanism could fulfil the requirement of an *ex-ante* mechanism for inclusion of new services into the public service remit. The approval by the Minister, or another State body, would fulfil the criterion of entrustment by an official act, as stipulated in Chapter 24 C.6 of the Broadcasting Guidelines (see also Decision No. NN 88/98, "*financing of a 24-hour advertising free news channel out of the licence fee by the BBC*", paragraphs 60-61), where such an entrustment was done by the Secretary of State). However, it would be desirable if the special approval by the Minister of Education, Science and Culture or any other state body were made public beforehand in order to facilitate planning security for competitors.

The CSA would appreciate more information on how the entrustment of the provision of new public service broadcasting activities is envisaged by the Icelandic authorities.

3.3 Entrustment - supervision

The following considerations concern point 3 on page 32 and point 4 on page 33 of the CSA's Article 17 (2) letter.

Pursuant to section 24C.6.2.2 of the Broadcasting Guidelines, it is necessary that the service is supplied as foreseen in the entrustment act. To this extent, it is desirable that an independent authority or body be put in place in charge of monitoring its application.

To the knowledge of the CSA there is currently no *ex-post* supervisory mechanism in place in Iceland. In the meeting, the Icelandic authorities proposed that the *ex-post* supervision of the fulfillment of the public service obligation could be carried out by the Icelandic Auditor General.

The CSA does not question the independence of the Auditor General. However, the CSA would like to point out that the independence requirement is only a minimum requirement and not necessarily sufficient to ensure an effective *ex-post* mechanism.

The Icelandic authorities are kindly requested to submit information which demonstrates that the Icelandic Auditor General or any other state body chosen to carry out that supervision have formal competence to supervise the fulfillment of the public service obligation entrusted to RUV. Further, the Icelandic authorities are kindly requested to submit information that demonstrates the effectiveness of the *ex-post* supervision mechanism. This includes, in particular, the scope of the Auditor General or any other state body's assessment and the reporting obligations conferred upon the supervisory body. For example, would the Auditor General or any other state body report annually on the public service activities carried out by RUV on the basis of the entrusted public service obligation RUV is obliged to fulfil?

3.4 Proportionality

3.4.1 Separate accounting

The following considerations refer to point 4 on page 32 of the CSA's Article 17 (2) letter.

The Broadcasting Guidelines refer to the Transparency Directive² according to which the Icelandic authorities have been required to take measures to ensure – in cases where undertakings provide a service of general economic interest and receive state aid and carry out other, non-public service tasks – that there are separate accounts.

The CSA notes that neither the Transparency Directive in general has been implemented in Iceland nor has a separation of accounts within RUV been done.

If the CSA understand information given in the meeting correctly, the Icelandic authorities will soon communicate to the CSA that the Transparency Directive has been implemented into Icelandic law. The CSA would appreciate an update on that as soon as possible.

According to information presented by the Icelandic authorities, Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act will require RUV to implement separation of accounts. The CSA is currently not sure about the precise meaning of Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act, which might partially result from some translation difficulties. According to Chapter 24C.6.3.2.1, there should be a clear separation of accounts, which means that all revenues and all income for both of the public service activities and the non-public service activities should be listed separately so that costs and revenues of these three activities (public service broadcasting, stand alone services, and commercial activities) can be clearly distinguished. The CSA is not entirely certain whether the English word 'finances' in Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act extends to costs and revenues in the meaning of Chapter 24C6.3.2.1 and would appreciate a clarification to that end.

Further, the CSA is not certain what is meant by the second sentence in Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act, which states in the English translation that *"finances from activities under Article 3 might not be used to subsidise other activities, including competitive operations, unless the activities are classified as public service broadcasting as defined in Article 3 of the Act."* Again, the word 'finances' is unclear in this respect.

According to the EEA state aid rules, state funding can be only used for public service activities (i.e. public service broadcasting activities or other stand alone public service activities), but under no circumstances for commercial activities. The CSA is not sure what the word 'finances' – which according to the Icelandic authorities are not to be used for such a cross-subsidisation of commercial activities - entails. In particular the CSA is uncertain whether the word 'finances' would, as it should, cover license fee funding or, in the present draft, the tax mentioned in Article 12 of the draft National Broadcasting Service Act. As Article 12 of the draft National Broadcasting Service Act only lists the income of RUV without delineating for which purposes the income can be used³, it is mandatory that Article 5 of the draft National Broadcasting Service Act provides for a clear stipulation that public state funding, whether direct or indirect, does not end up in the financing of commercial activities.

² Directive 80/723/EEC, OJ L 195, 29.7.1980, p. 35 incorporated into the EEA Agreement under point 1 of Annex XV, as amended by Directive 2000/52, OJ L 193, 29.7.2000, p. 75, introduced into Annex XV by Decision No 6/2001 (OJ L 66, 8.3.2001, p. 48 and EEA Supplement No 12, 8.3.2001, p. 6), e.i.f. 1.6.2002.

³ It lists a special fee (which could only be used for the public service, as it in the CSA's preliminary view would constitute state resources), advertising and other income.

Likewise it is not entirely clear to the CSA, whether the 'other income' mentioned in Article 12 of the draft National Broadcasting Service Act would concern state resources. If so, these may only be used for public service financing.

As a result of the meeting, the CSA finds it also useful to confirm to the Icelandic authorities that while the cross-subsidisation of commercial activities by direct or indirect advantages granted via state resources is forbidden, an inverse cross subsidisation of the public service by other income is allowed. For commercial revenue resulting from the exploitation of public services, the Broadcasting Guidelines even stipulated that this money must be taken into account to assess the need for public funding.

3.4.2 Net public service cost

This section refers to point 5 of page 32 and point 3 on page 33 of the CSA's Article 17 (2) letter.

It follows from section 24C.6.3.3. (1) of the Broadcasting Guidelines that the state aid must not exceed the net costs of the public service mission. To arrive at the net cost, account should be taken of other direct or indirect revenues derived from the public service mission. Therefore, the net benefit of the exploitation of the public service activities needs to be taken into account when assessing the proportionality of the aid. This would concern revenues from commercial activities within RUV, but also, if RUV were ever going to operate with commercial subsidiaries, revenues generated by those commercial subsidiaries as far as their revenues are directly or indirectly linked to the public service carried out by RUV.

To the knowledge of the CSA, there is no transparent mechanism in Iceland whereby net revenue from commercial activities directly or indirectly related to the public service remit is taken into account when calculating the compensation needed to cover the cost of discharging the entrusted public service obligation.

Therefore, the CSA cannot be certain – without any provision on the cost and revenue allocation – if this also takes into account commercial revenues, thereby fulfilling the requirements of the Broadcasting Guidelines.

3.4.3 Anticompetitive behaviour in commercial markets

The following remarks refer to point 6 on page 32 of the CSA' Article 17 (2) letter.

A side effect of the public service compensation might be that other market distortions occur which is not necessary for the fulfillment of the public service mission. As a result of the state financing of public service programs, the public broadcaster might be in a position to act in an anti-competitive way, by undercutting competitors in the commercial markets. The CSA therefore has to analyse whether the legal framework of RUV contains appropriate safeguarding measures to prevent overcompensation of RUV public service obligations.

Firstly, the CSA notes that RUV does not have any internal guidelines on how to conduct commercial activities nor do such rules seem to be established in other legislative or administrative acts.

Secondly, to the knowledge of the CSA, there is no independent body which is obliged to regularly check RUV's behaviour in commercial markets e.g. advertising or purchasing of programme material.

The National Auditor carries out a performance review of RUV. Performance audits cover the handling and utilisation of public funds, whether economy and efficiency is being taken care of in the operations of institutions and state owned enterprises and whether applicable lawful instructions are being complied with in this context. However, at the present stage of the proceedings, the CSA does not have enough information on the scope of the performance audit, in particular if it covers the commercial behaviour of RUV. Without this information, the CSA cannot come to the conclusion that a sufficient supervision system has been established.

In case of any further queries, please contact, *Ms. Annette Kliemann* +32 (0)2 286 1880 or *Mr. Espen Bakken* +32 (0)2 286 1818.

The Icelandic authorities are kindly requested to answer all the abovementioned questions or provide information as indicated within 20 working days from receipt of this letter.

Yours faithfully,



Amund Utne
Director
Competition and State Aid Directorate

SAMBAND ÍSLENSKRA KVIKMYNDAFRAMLEIÐENDA
Framleiðendafélagið SÍK

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf
Þskj. 517 — 401. mál.

Efnipættir:

- 1. RÚV sem útvarp í almannabágu - innihaldið mikilvægara en rekstrarformið**
- 2. Ákvæði útvarpslaga og tilskipun 89/552/EBE**
- 3. Mikilvægi RÚV fyrir íslenska kvikmyndagerð**
- 4. Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins**
- 5. Virðisaukaskattur og rekstur RÚV**

Framleiðendafélagið SÍK er samband íslenskra félaga og fyrirtækja, sem framleiða allar tegundir kvikmynda. Tilgangur félagsins er að efla íslenska kvikmyndagerð, gæta hagsmuna og réttar kvikmyndaframleiðenda auk þess að stuðla að dreifingu íslenskra kvikmynda. Félagið varð til 7/2/2000 með sameiningu Sambands Íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Framleiðendafélagsins. Félagðið á fulltrúa í Kvikmyndráði, Upplýsingaþjónustu MEDIA, Innheimtumiðstöð gjalda IHM og Íslensku kvikmynda og sjónvarps Akademiunni sem sér um Eddu hátíðina og gefur út tímaritið Land & syni og heldur úti vefsíðunni www.logs.is. Framleiðendafélagið SÍK er meðlimur í FIAPF (alþjóðasamtök kvikmyndaframleiðenda), AGICOA (alþjóðasamtök rétthafa á mynd- og hljóðefni).

1. RÚV sem útvarp í almannabágu - innihaldið mikilvægara en rekstrarformið

Stjórn Framleiðendafélagsins SÍK leggur megináherslu á að lögin um Ríkisútvarpið hf hafi þann tilgang að efla RÚV sem útvarp í almannabágu. Því takmarki má meðal annars ná með því að í auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum sem endurspeglar íslenskan veruleika. Þannig getur RÚV orðið öflugt menningartæki, betri samfélagsspeglur og eftirskilningur Íslendinga á eigin samfélagi og umheiminum. Við teljum að löggjafinn verði að hafa þetta í huga og breytingatillögur og athugasemdir okkar við einstaka greinar frumvarpsins markast af þessari meginástöðu. Í hnotskurn þýðir þessi stefna að innihaldið sé mikilvægara en rekstrarformið.

Í 7. gr. útvarpslaga 52/2002 segir um dagskrárframboð íslenskra útvarpsstöðva: *"Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu."* og að *"Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til fréttar, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpshjónustu og fjarsölu."*

Stjórn Framleiðendafélagsins SÍK telur að með því að framfylgja þessum ákvæðum útvarpslaga náist þau markmið sem að er stefnt skv. 3. gr. frumvarpsins um hlutverk Ríkisútvarpsins hf.: *"Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð."* *"Að veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttahjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða"*. Þessi ákvæði verða að teljast þungamiðjan í starfsemi RÚV ásamt ákvæðinu um *"Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag"*.

Skv. áður tilvitnaðri 7. gr. útvarpslaga eru lagðar vissar skyldur á íslenskar sjónvarpsstöðvar en í lagafrumvarpinu um RÚV hf er engin útlistun á því hvernig á að uppfylla þær skyldur með beinum hætti. Við teljum því nauðsynlegt að inn í lögin um RÚV hf komi ákvæði um gerð hjónustusamnings milli Menntamálaráðuneytisins og RÚV hf þar sem nánar sé kveðið á um hverjar eru skyldur félagsins í þessu efni og hvernig þeim er framfylgt.

2. Ákvæði útvarpslaga og tilskipun 89/552/EBE

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. útvarpslaga nr. 52/2002 og tilskipunar 89/552/EBE með breytingum 97/36/EBE skal 10% af útsendingartíma eða 10% af dagskrárfé varið til sendinga eða kaupa á evrópsku efni sem framleitt er af sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum eftir því sem unnt er (*"where practicable and by appropriate means"*). *"Það telst vera sjálfstæður framleiðandi í merkingu 1. mgr., ef ein sjónvarpstöð á ekki meira en 1/4 hluta í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu, enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð."* Þar af leiðandi teljast þættir s.s. Örninn, Krónikan ofl. ekki með þar sem þeir eru keyptir frá Danmarks Radio og einnig þættir sem keyptir eru frá BBC og öðrum sjónvarpsstöðvum í Evrópu. Ennfremur teljast það ekki vera sjálfstæðir framleiðendur aðilar sem starfar innan veggja RÚV sem verktakar þar sem viðkomandi aðilar hafa eingöngu unnið fyrir RÚV á undanförunum árum.

Samkvæmt skýrslu RÚV til Menntamálaráðuneytisins á s.l. ári keypti RÚV um 21% af útsendri dagskrá hjá sjálfstæðum framleiðendum árið 2003 og 19% árið 2004. Í sömu skýrslu segir að hlutfall dagskrár frá Evrópu hafi verið 55% árið 2003 og 56% árið 2004. Í úttekt sem kvikmyndagerðarmenn hafa gert á dagskrá RÚV árin 2003 til byrjunar ársins 2006 nær hlutfall dagskrár frá sjálfstæðu framleiðendum aldrei hærra hlutfalli en 2,5 - 3%. Dagskrá frá Evrópulöndum nær ekki nema um 30% af útsendri dagskrá og innlend dagskrá nær ekki hærra en að vera 7,5% af útsendri dagskrá. Úttekt þessi er byggð á dagskráruplýsingum sem eru á vef RÚV.

Úttektin sýnir að RÚV hefur ekki náð að uppfylla skilmála ESB um hlutfall efnis frá Evrópu. Því er auðséð að staðan gagnvart innlendum framleiðendum er ekki góð. Þegar heimilda- og stuttmyndasjóður var settur á laggirnar innan Kvikmyndastofnunar Íslands keyrði um þverbak því þá lækkaði RÚV mínútugjald sem greitt hafði verið fyrir dagskrá frá innlendum framleiðendum. Og hefur því kvikmyndasjóðurinn orðið að niðurgreiðslusjóði fyrir sjónvarpsstöðvar.

Ef litið er til nágrannaþjóðanna er daglegur viðburður að innlendir sjónvarpsþættir sem framleiddir eru af sjálfstæðum framleiðendum í samvinnu við sjónvarpsstöðvarnar, séu þar á dagskrá. Ýmsar þjóðir sem við Íslendingar miðum við á mörgum sviðum eru með ákvæði um að ákveðið hlutfall af dagskrá skuli framleidd af sjálfstæðum innlendum framleiðendum. Hjá BBC í Bretlandi er þetta hlutfall 25% (var í reynd 36% 2004). Í mörgum löndum, s.s. Kanada, Írlandi, Danmörku og víðar eru í gildi reglur um almannauitvarp með svipuðum skilyrðum.

Í lögum um Danmarks Radio segir í 4. gr. að DR eigi að leitast við að ná því marki að 50% útsendinga að frádregnum fréttum, íþróttum, leikja (konkurrencer) og textavarpum sé evrópskt efni og 10% af dagskrárfé eða 10% útsendingartíma (með sömu frávikum og í tilskipun 89/552/EEB) skuli varið til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum í Evrópu.

3. Mikilvægi RÚV fyrir íslenska kvikmyndagerð

Hlutverk RÚV í þróun íslenskrar kvikmyndagerðar er mjög mikilvægt en frammistaðan hefur ekki verið í samræmi við það. RÚV á að vera helsti vettvangur fyrir sýningar á vönduðu íslensku dagskrárefni og þátttaka RÚV í fjármögnun verkefna sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda er oft lykillinn að útvegum fjármagns frá öðrum aðilum bæði innanlands og utan.

Framganga RÚV á þessum vettvangi hefur þó takmarkast af því litla fé sem stofnunin ver til dagskrárgerðar, bæði til eigin framleiðslu og til kaupa á verkum sjálfstæðra framleiðenda. Í dag kaupir RÚV kvikmyndir og þætti frá sjálfstæðum framleiðendum en greiðsla stofnunarinnar nemur í flestum tilfellum ekki nema um 2 - 10% af heildarframleiðslukostnaði verkanna.


Ef kvikmyndageirinn hefur ekki eðlilegan aðgang að verkefnum hjá sjónvarpsstöðvum er erfiðara að auka gæði og bæta afkomu á þessum vettvangi. Það er því margvíslegur ávinningur af auknu samstarfi RÚV sjálfstæðra framleiðenda; öflugri dagskrágerð, fjölbreyttara framboð dagskrárefnis og fleiri góðar bíómyndir. Innanhúsframleiðsla RÚV mun einnig batna ef hún fær heilbrigða samkeppni frá utanaðkomandi framleiðendum.

Í skýrslu um BBC (Review of the Royal Charter) er fjallað um þessi mál og talað um "critical mass" í þessu sambandi, þ.e. ef það næst ekki að halda uppi eðlilegu

framleiðslumagni hjá sjálfstæðum framleiðendum þá tapast mikilvæg uppspretta fyrir vönduð kvikmyndaverk, jafnt leiknar myndir fyrir kvikmyndahús og sjónvarp sem og heimildamyndir og sjónvarpsþætti.

Það er von stjórnar Framleiðendafélagsins SÍK að með tilkomu nýrra laga um Ríkisútvarpið verði komið á skilvirkri samvinnu RUV við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur hérlandis. Með því vinnst margvísleg hagkvæmni í framleiðslu, efling íslenskrar dagskrár- og kvikmyndagerðar og að almenningur fær að njóta fleiri og betri íslenskra kvikmynda og sjónvarpsþátta. Ennfremur er þetta veigamikill þáttur í því að styrkja sjálfan tilverugrundvöll Ríkisútvarpsins.

Virðingafyllst f.h. Framleiðendafélagsins - SÍK



Hjálmtýr Heiðdal stjórnarmaður

4. Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Athugasemdir og breytingatillögur eru undirstrikaðar og skáletraðar.

3. gr.

3. Að framleiða sjáft eða í samvinnu við aðra og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.

ATHS: Við teljum mikilvægt að RÚV leggi áherslu á samvinnu við sjálfstæða framleiðendur.

4. Að veita almenna fræðslu og ~~gera~~ flytja dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.

ATHS: Sama áhersla og í lið 3, þ.e. að flyta dagskrá sem er framleidd m.a. hjá sjálfstæðu framleiðendum.

6. Að flytja fjölbreytt ~~skemmtiefni~~ við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.

ATHS: Við teljum að það þurfi ekki að tiltaka skemmtiefni sérstaklega, slíkt efni fellur undir skilgreininguna um fjölbreytt efni.

Viðbót við 3. gr.

15. Til að skilyrðum 7. og 10. gr. útvarpslaga sé best framfylgt skal gerður þjónustusamningur milli RÚV og Menntamálaráðuneytisins þar sem fram kemur hvernig RÚV með beinum hætti uppfyllir skilyrði útvarpslaga. Þeim samningi skal fylgt eftir með árlegri skýrslu frá RÚV um stöðu mála.

16. RÚV skal leitast við að ná því marki að 50% útsendinga að frádregnum fréttum, íþróttum, leikjum, fjarsölu og textavarpi sé evrópskt efni og 20% af dagskrárfé eða 20% útsendingartíma (með sömu frávikum og ofan) skuli varið til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum í Evrópu.

ATHS: Þessi viðbót mun tryggja að markmiðum útvarpslaga og tilskipunar ESB sé fylgt eftir sbr. 3 og 4. gr. laga um Danmarks Radio.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

ATHS: Í 3. gr. lagafrumvarpsins segir um útvarpsþjónustu í almannabágu.

"Hlutverk Ríkisútvarpsins hf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum."
Erfitt er að sjá tilgang þess að félag með þetta meginmarkmið eigi að starfa á öðrum vettvangi "á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess". RÚV hf verður rekið með skatttekjum og núverandi tæknibúnaður þess er fjármagnaður með skylduáskrift að þjónustu forvera félagsins. Starfsemi RÚV "á sviði dagskrárgerðar" skv. ofangreindu getur leitt til óeðlilegrar samkeppni við rekstur einkaaðila á sviði dagskrárgerðar, aðila sem ekki njóta framlaga af almannafé til kaupa á tæknibúnaði og aðstöðu.
Í athugasemdum Menntamálaráðuneytisins um frumvarpið segir: "en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti eitt sér eða í samvinnu við aðra rekið starfsemi sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr., sbr. 4. gr., en þá er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 5. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi." Án nánari skilgreiningar á þessum ákvæðum getum við ekki fallist á slíkt leyfi til annarskonar starfsemi en 3.gr. innifelur og leggjum því til að þessi grein verði felld úr frumvarpinu. Framtak í starfi hjá starfsmönnum félagsins á að beinast að grunnstarfsemi félagsins en ekki óskilgreindri starfsemi sem gæti mögulega skaðað aðra rekstraraðila á sviði dagskrárgerðar.

5. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannabágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannabágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannabágu skv. 3. gr.

ATHS: Sjá aths. við 4.gr. Ef höfundar frumvarpsins eru með þessu að skapa svigrúm fyrir stofnunina til starfsemi á auglýsingamarkaði þá ber að útskýra það sérstakleg.
Samkeppnisrekstur stofnunar sem hefur slíka förgjöf sem RÚV hf með svo óskilgreindum hætti sem hér er lagt fram getur ekki gengið upp að okkar mati.

7. gr.

Samvinna um dagskrárgerð o.fl.

Ríkisútvarpið hf. skal kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar.

ATHS: Við leggjum við til að heimild til útleigu á tækjabúnaði verði takmörkuð sbr. aths. við 4.gr. og óheimilt verði að leigja tækin út í samkeppni við starfsemi einkarekinna kvikmyndafyrirtækja.

5. Virðisaukaskattur og rekstur RÚV

Úr fylgiskjali II:

Stofnunin Ríkisútvarpið er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þannig að afnotagjöld sem skila um 70% tekna þess bera 14% virðisaukaskatt en aðrar tekjur sem skila um 30% bera 24,5% skatt. Stofnunin skilar ríkissjóði virðisaukaskatti en fær endurgreiddan innskatt af kostnaði og fjárfestingum nákvæmlega eins og önnur fyrirtæki. Árið 2004 mun útskattur hafa numið 591 m.kr. og innskattur 201 m.kr. og voru tekjur ríkissjóðs af skattinum því 390 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðamati ríkisskattstjóra er talið að tekjur af hinu sérstaka gjaldi sem skattstjórar munu leggja á teljist skattur og því líklegt að ekki verði litið svo á að í gjaldinu felist endurgjald fyrir veitta útvarpsþjónustu. Móttaka skattfjárins virðist fljótt á litið ekki fela í sér virðisaukaskattsskyldu fyrir hlutafélagið. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess eru á hinn bóginn endurgjald fyrir virðisaukaskattsskylda þjónustu. Við gerð þessarar kostnaðarumsagnar lágu ekki fyrir forsendur til að ríkisskattstjóri gæti metið hvort hlutafélagið muni uppfylla skilyrði í 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts og þar með skyldu til innheimtu útskatts og rétt til innskatts. Tölulegar upplýsingar síðast í 4. kafla almennra athugasemda frumvarpsins benda þó fremur til þess að hlutafélagið muni ekki uppfylla skilyrðin. Ef þetta verður raunin er líklegt að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti minnki um nálægt 200 m.kr. miðað við forsendurnar hér að framan. Ef niðurstaða verður hins vegar sú að hlutafélagið fái skráningu og yrði talið vera í blandaðri starfsemi yrði tekjutap ríkisins trúlega 50–60 m.kr. meira.

ATHS: Við þá breytingu á stöðu RÚV varðandi virðisaukaskattsskylda starfsemi þá bendir stjórn Framleiðendafélagsins SÍK á að þessi breyting geti haft það í för með sér að allar hugmyndir um aukin viðskipti RÚV við sjálfstæða framleiðendur geti orðið að engu með þessari breytingu. Þetta fyrirkomulag felur í sér að það verður óhagkvæmt fyrir RÚV að kaupa efni frá öðrum rekstraraðilum, allt verður um 20% dýrara en eigin framleiðsla RÚV. Það er grundvallaratriði að fundin verði leið sem kemur í veg fyrir þetta slys.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1868
komudagur 24.4.2006

Reykjavík 24. apríl 2006

Sigurður Kári Kristjánsson
formaður menntamálanefndar

Þökkum bréf þitt frá föstudagskvöldi og fögnum fundi á þriðjudag þar sem frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. verði rætt. Sjá að neðan óskir okkar um dagskrá þess fundar.

Í framhaldi af spurningu þinni um þau efnisatriði frumvarpsins sem nauðsynlegt er að ræða sérstaklega í nefndinni setjum við, að höfðu samráði við forystumenn flokka okkar, fram eftirfarandi boð um verklag sem leitt gæti til samstöðu milli stjórnmálaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins:

1. Frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót.
2. Í störfum sínum kanni nefndin sérstaklega að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpinu verði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess.
3. Nefndin ræði einnig margvíslegar ábendingar um úrbætur á fyrirliggjandi frumvarpi, þar á meðal
 - a) um 3. gr. frv., um hlutverk og skyldur – rætt verði hvort þessi skilgreining er ekki of víð í heild, og hvort hún nær nógu langt sem leiðbeining um dagskrá almannaútvarps, m.a. í ljósi Evrópuréttar og tilmæla Evrópuráðsins.
 - b) um stjórnarhætti skv. III kafla frv. – þar sem m.a. verði rætt um fyrirkomulag með stjórn annarsvegar og eftirlitsráðs (t.d. „akademíu“) hinsvegar, um fyrirkomulag þar sem ekki myndast sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluti í stjórn, um stöðu útvarpsstjóra gagnvart stjórn o.fl.
 - c) um „almenna starfsemi“ skv. 4. gr. frv. – þar sem slík starfsemi sé skilgreind betur og meðal annars gert ljóst hvort heimild til hennar taki til útsendingar útvarps- eða sjónvarpsdagskrár í hagnaðarskyni eingöngu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra,
 - d) um réttindi starfsmanna, bæði þau sem að lögum fara og þau sem um skal samið,
 - e) um stöðu safnefnis RÚV, sem skv. brtill. meirihlutans nú á að færa yfir í samkeppnisrekstrarhluta fyrirtækisins,
 - f) um fjármögnunarleiðir skv. IV kafla frv. – þar sem rætt verði í alvöru um fleiri fjármögnunarleiðir en nefskatt, þar á meðal hvort hugmyndir um tengsl við persónuafslátt eru raunhæfar, og um það hvort heppilegt er að takmarka tekjur af auglýsingum og kostun með einhverjum hætti,
 - g) um eiginfjárstöðu hins nýja fyrirtækis og æskilega upphæð stofnfjár,

og h) um heimild til að selja eignir úr fyrirtækinu, sbr. 1. gr.,

Við leggjum til að á fundum menntamálanefndar um Ríkisútvarpið á næstunni verði starfið í sumar undirbúið með þessari dagskrá að minnsta kosti:

- 1) Leitað verði umsagnar fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins um frumvarpið.
- 2) Fulltrúar Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits verði kallaðir fyrir nefndina í ljósi bréfaskipta við ESA, Eftirlitsstofnun Efta (sbr. einkum bréf ESA frá 20. janúar).
- 3) Fulltrúi menntamálaráðherra leggi fram þann „samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi“ sem minnst er á í greinargerð með frv. (liður 3 í almennum athugasemdum). Óskað verði eftir fulltrúum sjálfseignarstofnana í atvinnurekstri á fund nefndarinnar, t.d. Verslunarskólans og Viðskiptaháskólans á Bifröst.
- 4) Fulltrúum frá BSRB og BHM verði boðið á fund nefndarinnar í ljósi óánægju á RÚV með réttindamál. Til fundar verði boðaður fulltrúi frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (t.d. Haukur Hafsteinsson) til að skýra ákveðin atriði (m.a. biðlaun , 65 ára reglu) réttindamálanna.
- 5) Samanburður verði gerður á starfskjörum starfsmanna RÚV nú og starfskjörum skv. frumvarpinu – sérstaklega hvort breytingar á lífeyrissrétti og biðlaunarétti í frumvarpi feli í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarrétti,
- 6) Fulltrúar fjármálaráðherra og menntamálaráðherra geri grein fyrir væntanlega eiginfjárstöðu fyrirtækisins eftir lög um breytingu á rekstrarformi þess.
- 7) Eignaskrá fyrirtækisins verði lögð fram, og sérstaklega greint frá helstu menningarlegu verðmætum í eigu eða vörslu Ríkisútvarpsins.
- 8) Farið verði yfir réttarstöðu dagskrárefnis sem RÚV á í félagi við aðra og þá samninga, svo sem höfundarréttarsamninga, sem RÚV hefur gert um dagskrárefni. Sérstaklega verði kannað hvort Ríkisútvarpið hefur heimild til að framselja efni sem bundið er höfundarrétti til sjálfstæðs lögaðila, hlutafélags í samkeppnisrekstri. Fulltrúi RÚV með sérþekkingu á safnefninu verði kallaður til fundar, og einnig fulltrúar rétthafa, t.d. lögmennirnir Knútur Bruun og Ragnar Aðalsteinsson.

*Mörður Árnason
Atli Gíslason
Björgvin G. Sigurðsson
Einar Már Sigurðarson*

fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálanefnd alþingis

Afrit sent fjölmiðlum



Alþingi
Erindi nr. P 132/916
komudagur 20.2. 2006

Til nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Efni: *Umsögn íslenskuskorar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.*

Íslenskuskor Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., sem menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Á fundi íslenskuskorar 1. feb. 2006 var samþykkt að fela tveimur skorarmönnum að skrifa umsögn um frumvarpið, sbr. fundargerð skorar. Umsögn þessi, sem smávægilegar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á, fylgir hér á eftir.

Meginbreytingin sem lögð er til í ofangreindu frumvarpi er að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt úr ríkisstofnun í hlutafélag í eigu ríkisins. Íslenskuskor tekur ekki efnislega afstöðu til þessarar breytingar en leggur hins vegar áherslu á að hún verði ekki til þess að breyta starfsemi útvarpsins í þá átt að rekstrarlegar forsendur verði fremur hafðar að leiðarljósi en menningarhlutverkið. Í því sambandi bendir skorin á eftirfarandi atriði:

Í 9. grein gildandi útvarpslaga segir m.a.: „Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má ...“. Þetta ákvæði er hvergi að finna í hinu nýja frumvarpi og telur skorin það mjög miður. Mikilvægi innlends dagskrárefnis fyrir íslenska menningu og einkum íslenska tungu verður vart ofmetið. Um þessar mundir er staða íslenskrar tungu mjög til umræðu. Þótt skoðanir séu skiptar um það í hversu bráðri hættu tungan sé blandast engum hugur um það að mikilvægt er að rækta málið og nota það á öllum sviðum þjóðlífsins. Innlend dagskrárgerð og innlent dagskrárefni í útvarpi og sjónvarpi er einn mikilvægasti þátturinn í þeirri ræktun. Íslenskuskor leggur því mikla áherslu á að ákvæði af þessu tagi haldist í útvarpslögum.

Í 3. mgr. 3. greinar frumvarpsins segir að efni það sem Ríkisútvarpið framleiðir og dreifir skuli „fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni“. Í 9. grein gildandi laga segir aftur á móti að til innlends efnis skuli „vandað svo sem verða má“, eins og vitnað er til hér að framan. Mikilvægt er að þessa orðalagsbreytingu beri ekki að skilja þannig að slegið verði af kröfum og því leggur skorin til að seinni hluti 3. mgr. 3. greinar orðist svo: „Efnið skal vera svo vandað og fjölbreytt sem kostur er.“

Íslenskuskor lýsir ánægju með að efnisatriði flestra þeirra ákvæða gildandi útvarpslaga sem varða íslenska tungu og menningu er að finna í frumvarpinu. Þar er um að ræða 3. grein frumvarpsins (einkum 1. mgr.) og 6. grein þess. Þó vill skorin benda á að í 3. mgr. 3.

greinar gildandi laga segir: „Ríkisútvarpið skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar.“ Í 8. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir hins vegar: „Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótt og annars tómstundastarfs.“ Hér hafa bókmenntirnar því fallið brott. Þótt e.t.v. megi segja að þær falli undir listir og því sé óþarfi að nefna þær sérstaklega telur skorin þessa breytingu óheppilega. Bókmenntir og bókmenntaumfjöllun hafa ævinlega skipað veigamikinn sess í Ríkisútvarpinu og mikilvægt er að svo verði áfram. Til að hnykkja á því telur skorin sjálfsagt að nefna bókmenntir sérstaklega í þessari grein og leggur því til að hún orðist svo: „Að flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda, sögu, íþrótt og annars tómstundastarfs.“

Að öðru leyti sér íslenskuskor ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

F.h. íslenskuskorar Háskóla Íslands


Jón Axel Harðarson
skorarformaður

Samtökin Hollvinir RÚV

kt. 411203-2390

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. feb. 2006

Efni: *Umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.*

Ofangreint frumvarp hefur borist samtökunum til umsagnar og gera þau eftirfarandi athugasemdir:

Grundvallarstefna Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins er andstaða við hlutafélagavæðingu þess. Samtökin telja að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi verði hlutverki þess sem þjóðarútvarps ógnað. Ríkisútvarpið hefur hingað til haft skyldum að gegna umfram það sem markaðsfyrirtæki sinna, s.s. mikilvægu öryggishlutverki og framleiðslu á íslensku menningarefni fyrir útvarp og sjónvarp.

Vegna eðlis hlutafélaga er ljóst að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi rofna þau tengsl sem það hefur haft sem þjóðarútvarp með menningarlega og samfélagslega ábyrgð. Þess vegna leggjast samtökin gegn frumvarpi þessu.

Í 1. grein frumvarpsins er að vísu ákvæði um að ekki megi selja félagið eða hluta þess og hnykkt á því í athugasemdum með frumvarpinu að engin áform séu um slíkt. En öllum lögum má breyta sé fyrir því meirihluti á Alþingi og Hollvinasamtökin minna á að sporin hræða vegna þess að hingað til hafa opinber fyrirtæki sem breytt hefur verið í einkafyrirtæki nær undantekningarlaust verið seld.

Á Alþingi heyrast háværar raddir um að rétt sé að einkavæða Ríkisútvarpið og meirihlutavilji þingsins getur breyst fyrr en varir. Minna má á að frumvarp um einkavæðingu Ríkisútvarpsins liggur nú fyrir þinginu.

II. kafli Hlutverk og skyldur

3. grein Um dagskrárstefnu

Hollvinasamtökin telja að stjórn Ríkisútvarpsins eigi að hafa það hlutverk að leggja meginlínur í dagskrárstefnu þess og gera athugasemdir eftir á um það hvernig hún er útfærð. Þetta hlutverk getur stjórnin þó því aðeins haft að hún sé óháð framkvæmdavaldinu á hverjum tíma. Því yrði að breyta samsetningu hennar frá því sem nú er í frumvarpinu (sjá síðar í þessari umsögn og samanber næstu málsgrein.). Eitt af skilyrðum ESA fyrir ríkisstyrktum, opinberum útvarpsrekstri er að óháð stjórnvald sinni eftirliti með því að þjónusta Útvarpsins sé í samræmi við fyrirmæli.

Með dagskrárstefnu eigum við fyrst og fremst við menningarpólitíska stefnu í dagskránni á hverjum tíma. Að okkar mati er einn af stærstu göllum frumvarpsins sá að þar er ekki kveðið nógu fast og skýrt að orði um menningarlega skyldu Ríkisútvarpsins og hvernig t.a.m. innlend dagskrárgerð skuli efld. Meginhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera metnaðarfull innlend dagskrárgerð sem einkareknar stöðvar myndu ekki sinna vegna of mikils kostnaðar og að standa vörð um tunguna, menninguna og lýðræðið. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil og það er þjónusta sem íslenska þjóðin vill og á rétt á. Þetta kostar að sjálfsögðu mikið fé en gæði kosta peninga.

Þetta sjónarmið er mjög í samræmi við það sem segir í ESA-plagginu (*Beiting reglna um ríkisaðstoð við opinberan útvarpsrekstur*): „Opinber útvarpsrekstur gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að menningarlegri fjölbreytni í hverju landi við að miðla námsefni í formi dagskrárefnis, við að upplýsa almenning á hlutlægan hátt, við að tryggja fjölhyggju og miðla gæðaafþreyingu með lýðræðislegum hætti og án endurgjalds.“ Á öðrum stað segir að í ljósi þess menningarlega, félagslega og lýðræðislega hlutverks sem opinber útvarpsrekstur gegni í þágu almannahagsmuna „hafi [hann] grundvallarþýðingu við að tryggja lýðræði, fjölraði, fjölbreytni í menningu og tungumálum.“

Hollvinasamtökin gera athugasemd við **2. mgr. 3. greinar** frumvarpsins þar sem segir að Ríkisútvarpið skuli senda út „að minnsta kosti“ eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring, sem við teljum að geti leitt til þess að Ríkisútvarpinu hf. yrði gert mögulegt að leggja niður Rás 2. Hún er að okkar mati mikilvægur hluti af Ríkisútvarpinu þar sem hún flytur meðal annars nýja, íslenska tónlist miklu fremur en aðrar útvarpsstöðvar og hefur auk þess mjög víðtæka hlustun, skv. hlustendakönnunum.

Það er mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að opinbert útvarp sem fær ríkisstyrk skuli vera fært „um að bjóða samfélaginu í heild fjölbreytta dagskrá, í samræmi við kvaðir sínar eins og aðildarríkin skilgreina þær. Í þessu samhengi er rétt að opinberir útvarpsrekstraraðilar leitist við að ná til stórs hóps áhorfenda eða áheyrenda.“¹

¹ Sbr. bréf ESA dags. 23. apríl 2004 „Beiting reglna um ríkisaðstoð við opinberan útvarpsrekstur“.

Hollvinasamtökin gera einnig athugasemd við **3. mgr. 3. greinar**, þar sem fjallað er um skylduna að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni.. o.s.frv. Samtökin telja brýnt að það komi skýrar fram að efla beri framleiðslu innlendar dagskrárgerðar frá því sem nú er til að Ríkisútvarpinu verði gert kleift að sinna menningarlegu hlutverki sínu.

Þá gera Hollvinasamtökin athugasemd við **4. mgr. 3. greinar** þar sem segir „...og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag“. Samtökin telja orðið „hlutlæga“ ekki nógu skýrt og að betra væri að ítreka skyldu RÚV til hlutlausrar umfjöllunar t.d. með því að segja heldur: „...ávallt gæta hlutleysis í umfjöllun en jafnframt leggja rækt við heilbrigða samfélagsumræðu.“

Hollvinasamtökin gera athugasemd við orðalag **6. greinar** (Efni á erlendu máli) þar sem segir að lögð skuli áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum máli. Rétt væri að taka tillit til fólks af erlendum uppruna og láta þess t.d. getið að málflutningur nýbúa geti verið undanþeginn þessu ákvæði.

III. kafli Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf. 8. grein

Samkvæmt þessari grein fer menntamálaráðherra einn með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu hf. Að mati Hollvinasamtakanna færir það allt of mikil völd í hendur ráðherra.

Athugasemdir við 9. – 10. grein:

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf.

Hollvinasamtökin leggja áherslu á að lengra verði gengið í að losa stjórn Ríkisútvarpsins (útvarpsráð) undan hinu flokkspólitíska valdi og meirihlutavaldi Alþingis hverju sinni en gert er í frumvarpinu og telja nauðsynlegt að nánar sé kveðið á um stjórn Ríkisútvarpsins. Ef það á að vera lýðræðisleg stofnun verðum við að líta framhjá þrengstu skilgreiningu á fulltrúalýðræði og taka upp fyrirkomulag sem gæti leitt til enn almennari sáttar um það. Það verður að mati Hollvinasamtakanna best gert með því að fara í gagnstæða átt við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu og hafa æðstu stjórn stofnunarinnar enn breiðari en þar er gert ráð fyrir.

Viða í nágrannalöndum okkar er æðsta stjórn ríkisútvarps skipuð fulltrúum ýmissa fjölmennra hópa í þjóðfélaginu. Innan Hollvinasamtakanna hefur verið rædd sú hugmynd að æðsta stjórn Ríkisútvarpsins verði að hluta til akademísk, þ.e. í henni ættu sæti lýðræðislega kjörnir fulltrúar stjórnmálaflokka á Alþingi ásamt fulltrúum almennings, eigenda útvarpsins, þeirra sem nýta sér þjónustu þess. Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar um stærð Akademiunnar, allt frá 10 manns upp í 20–30. Þar eigi sæti fulltrúar ýmissa almennasamtaka, íþróttahreyfingar, verkalýðshreyfingar, háskólasamfélagsins, blaðamanna, nýbúa og ekki síst starfsmanna Ríkisútvarpsins; það má hugsa sér að í þessu ráði verði jöfn skipting kynjanna og þar verði fulltrúar allra landshluta.

Ráðið kæmi saman einu sinni til tvisvar á ári og seta í því væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða. Í það væri valið hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Meðal helstu verkefna þess væri að velja útvarpsstjóra til ákveðins tíma (þriggja til fimm ára), sem ætti að okkar mati að vera menningar- og fjölmiðlamaður, og

fylgjast með því að hann og hans fólk ræki hlutverk sitt gagnvart þjóðinni og markmiðum Ríkisútvarpsins. Þá ætti hlutverk Akademiunnar að vera að standa vörð um fagleg sjónarmið og frelsi Ríkisútvarpsins gagnvart utanaðkomandi þrýstingi. Þetta þekkist víða annars staðar, líkist meðal annars því sem nefnt er *Board of Governants* hjá BBC

En forsenda þess að slíkt ráð geti starfað er að skýrt sé kveðið á um það í lögnum hvaða þjónustu Ríkisútvarpið á að veita Íslendingum. Á grundvelli þessara ákvæða laganna ætti Akademían að taka þátt í að gera þjónustusamning þar sem þessi þjónusta væri skilgreind nánar, grundvallarlínur í dagskrárstefnu lagðar, og þjónustusamningurinn væri endurnýjaður á fjögurra til fimm ára fresti.

Enda telur ESA að nauðsynlegt sé að skilgreina vel opinbera útvarpsþjónustu og gera um það formlegan samning, sem æskilegt sé að „yfirvald eða til þess skipaður aðili“ hafi eftirlit með. Slíkur eftirlitsaðili er enn fremur í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins nr. E (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, sem var samþykkt í ráðherraráðinu 11. september 1996.

Hollvinasamtökunum finnst ekki vænlegt að stjórn Ríkisútvarpsins eða útvarpsráð verði kosið árlega eins og ætlunin virðist vera, skv. 9. grein og leggjum til að það verði gert á fjögurra ára fresti en ekki eftir hverjar alþingiskosningar því Hollvinasamtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að Ríkisútvarpið sé ekki háð pólitískum sveiflum. Við teljum að þetta sé nauðsynlegt ef von á að vera til að sátt ríki um Ríkisútvarpið sem sameign allra landsmanna.

V. KAFLI Ákvæði til bráðabirgða I

Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið

Upplýsingaskylda og gagnsæi Ríkisútvarpsins hf.

Þegar er getið andstöðu samtakanna við hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins. En náí hún fram að ganga óttumst við mjög það sem segir í athugasemdum fjármálaráðuneytisins með frv. að félagið verði „losað undan ýmsum lögum og reglum sem gilda sérstaklega um ríkisrekstur svo sem varðandi fjárreiður, upplýsingagjöf, starfsmannahald og lántökuheimildir.“ Hollvinasamtökin telja mikilvægt að eigandi Ríkisútvarpsins, þjóðin, eigi aðgang að öllum upplýsingum varðandi þau atriði sem þarna eru nefnd og öll stjórnsýsla sé gagnsæ. Fjármálaráðuneytið lét í ljós sömu skoðun í athugasemdum með frumvarpi um Ríkisútvarpið sf. í fyrra, og nú þegar ætlunin er að gera það að hlutafélagi er enn meiri ástæða til að óttast þetta en fyrr þar sem til að mynda upplýsingalög ná ekki eða að takmörkuðu leyti yfir hlutafélög. Það yrði dálítið hlálegt ef t.d. fréttamenn Ríkisútvarpsins, sem geta haft mikil not af upplýsingalögnum í starfi sínu, geta ekki notað þau til að draga fram innanhúss upplýsingar í eigin fyrirtæki. Hollvinasamtökin telja einnig brýnt að staðinn verði vörður um réttindi og hagsmuni starfsmanna og taka samtökin undir umsagnir stéttarféлага um þetta frumvarp hvað það varðar.

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins telja að biða ætti með samþykkt lagafrumvarps þessa þangað til ný lög um hlutafélög hafa verið samþykkt og skýrist hvaða áhrif þau munu hafa á Ríkisútvarpið. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir hefðbundnu hlutafélagagöngu eins og tíðkast

hefur. Hollvinasamtökin telja þó að það gæti skipt miklu hvort ný lög um hlutafélög gætu a.m.k. tryggt upplýsingaskyldu og gagnsæi í rekstri hlutafélagsins.

Þá telja Hollvinasamtökin að eðlilegt hefði verið að breytingar á lögum um Ríkisútvarpið væru gerðar með hliðsjón af og í tengslum við lagabreytingar sem nú er unnið að og snerta aðra ljósvakamiðla.

Í þessari sömu grein (Ákvæði til bráðabirgða I) er mælt fyrir um að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu verði það gert að hlutafélagi. Samtökin ítreka andstöðu sína við hlutafélagsvæðinguna, en samkvæmt ákvæðinu getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram meira hlutafé en 5.000.000 (fimm milljónir) króna, kjósi hann það. Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hvetja menntamálaráðherra eindregið til að leggja fram hærri upphæð þar sem þessi hlutafjárupphæð er smánarlega lág og bendir ekki til þess að efla eigi rekstur Ríkisútvarpsins. Með myndarlegu framlagi gæfist tækifæri til að lyfta Ríkisútvarpinu með grettistaki upp úr þeim pytti tómlætis, jafnvel fálætis, sem það hefur legið í um árabil, og möguleikar skapaðir á því að Ríkisútvarpið standi raunverulega undir nafninu „útvarp allra landsmanna“.

V. Álagning og innheimta útvarpsgjalds

Hollvinasamtökin hafa miklar efasemdir um að þeir sem sætta sig illa eða ekki við beint afnotagjald sætti sig frekar við nefskattinn. Verði hann fyrir valinu er mikilvægt að tryggt sé að ungt fólk í foreldrahúsum verði ekki látið greiða þennan skatt nema það hafi fullar tekjur. Ákvæði um framkvæmd álagningar nefskattsins eru mjög óskýr í frumvarpinu sjálfu.

Fyrir hönd Samtaka Hollvina Ríkisútvarpsins:


Margrét Sverrisdóttir, formaður

Valgeir Sigurðsson, varaformaður

Þór Magnússon gjaldkeri


Þorgrímur Gestsson ritari

Viðar Hreinsson

Ragnheiður Tryggvadóttir

Hörður Áskelsson

Lárus Ýmir Óskarsson



5621289

Höfundaréttarfélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 132/843
komudagur 14.2.2006

Reykjavík 13. febrúar 2006

Menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um öflun Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál og
frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.**

Höfundaréttarfélagi Íslands hefur borist ofangreind frumvörp til umsagnar. Félagið hefur ekki athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,

Jóníða S. Lárusdóttir
framkvæmdastjóri
Höfundaréttarfélags Íslands.



ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Íslensk málnefnd - Háskóli Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 132/911
komudagur
17. 2. 2006

Menntamálanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. febrúar 2006

Efni: Umsögn Íslenskrar málstöðvar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, og frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál

Visað er til bréfs yðar, dags. 26. janúar 2006, þar sem frumvörp til laga um Ríkisútvarpið hf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands voru send Íslenskri málstöð til umsagnar.

Lagafrumvarp um Ríkisútvarpið hf., 401. mál:

Um 1. tölulið 3. gr.: Ákvæði töluliðarins er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Það er sannarlega mjög í anda íslenskrar málstefnu að fyrsti efnispáttur fyrsta töluliðar hlutverksgreinarinnar segi að útvarpsþjónusta í almannabágu feli í sér að leggja rækt við íslenska tungu.

Um 6. grein: Þessi grein er byggð á 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þýðingar á efni á erlendu máli eru nauðsynlegar, sem meginregla, enda færi annað í bága við 1. tölulið 3. gr.

Lagafrumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál:
Engar athugasemdir eru gerðar við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Ari Páll Kristinsson

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/77
komudagur 7.2.2006



Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2006

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllt,
ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Stefan Konráðsson
framkvæmdastjóri

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDAN



AUSTURBAKKI 



ICELANDAIR 

Alþingi
Erindi nr. P 132/802
komudagur 9.2.2006



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 6. febrúar 2006
0601112 sk

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., stjórnarfrumvarp.

Kennaraháskóli Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en vill leggja áherslu á að hvaða ákvarðanir sem teknar verða um stjórnsýslu ríkisútvarpsins eða tekjustofna verður að tryggja vandaða úrtvarpsþjónustu í almannapágu með bæði hljópvarpi og sjónvarpi þar sem metnaður er lagður í fjölbreytta dagskrárgerð til fræðslu og skemmtunar fyrir alla aldurshópa.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ICELANDIC COAST GUARD



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 132/21.2.2006.
komudagur

LHG/019/9.6 /DS/sig
Reykjavík 18. febrúar 2006

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp
til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög**

Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/772
komudagur 7.2.2006

Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2006.

Drög að umsögn


**Frumvarp til laga
um Ríkisútvarpið hf.**


Stjórn Landssamband eldri borgara hefur fjallað um ofan nefnt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

LEB leggur áherslu á það mikilvæga hlutverk sem Ríkisútvarpið hefur gegnt frá upphafi 4. áratugar síðustu aldar. Nægir að benda á menningarhlutverk þess á sviði íslenskrar leiklistar, tónlistar og annarra samfélagslegra menningarþátta. Auk þess gegnir Ríkisútvarpið veigamiklu öryggishlutverki í íslensku samfélagi. Bent skal á að öll starfsemi sambærilegra ríkisstofnana á öðrum Norðurlöndum og á Bretlandi eru á vegum hins opinbera og fjármagnað með leyfisgjöldum, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu.

LEB er því þeirrar skoðunar að ekki sé vert að hrófla við eignarhaldi á Ríkisútvarpinu, en rekstrarformið er sem slíkt er á höndum löggjafans. Afnotagjöld eru hins vegar viðtekin fjármögnunarleið í nágrannalöndunum og verulegt umhugsunarefni hvort hróflað skuli við því formi.

Virðingarfyllst


Ólafur Ólafsson, formaður LEB


Þórunn S. Kjærnestad, framkv.stj.LEB



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi

Erindi nr. P 132/861

komudagur 15.2. 2006 14. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs menntamálanefndar, dags. 2. febrúar sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf, 401. mál, heildarlög.

Landssamband lögreglumanna tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins. Þó telur LL mikilvægt að haft verði í huga að Ríkisútvarpið gegnir afar mikilvægu öryggishlutverki þegar vá ber að og því eðlilegt að gerðar verði ríkar kröfur til þeirra starfsmanna er að þeirri starfsemi koma og að þeir njóti viðeigandi lagaverndar.

F.h. Landssambands lögreglumanna,

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1887
komudagur 27.4.2006



LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndarsvið Alþingis,
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2006

Efni: Umsögn um 4. mgr. ákvæðis II. til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., mál nr. 401.

Í morgun mætti undirrituð fyrir háttvirta menntamálanefnd þar sem nokkrar spurningar voru bornar upp er viðkoma 4. mgr. ákvæðis II. til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. Málsgreinin er svohljóðandi:

Starfsmaður Ríkisútvarpsins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfu starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Eftir nokkrar umræður kom fram ósk um skriflega minnispunkta er viðkoma helstu áhrifum ákvæðisins á réttarstöðu sjóðfélaga í B-deild LSR.

Helstu áhrif gagnvart sjóðfélögum í B-deild LSR

Þegar rekstrarformi ríkisstofnana er breytt í hlutafélag er slíkt metið sem niðurlagning á starfi gagnvart sjóðfélögum í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. 30. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er kveðið á um rétt starfsmanna til áframhaldandi aðildar sé starf þeirra lagt niður en þar segir:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldgreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu eiga ríkisstarfsmenn persónulegan rétt til að halda áfram aðild að B-deild sjóðsins sé starf þeirra lagt niður.

Með lögum um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 141/1996 voru gerðar verulegar breytingar á sjóðnum. Þær helstu voru stofnun A-deildar en eldri réttindi að mestu óbreytt og varðveitt í B-deild sjóðsins. Sjóðfélagar fengu val um að velja milli þess að vera í A- eða B-deild LSR. Lögin voru síðan endurútgefin sem lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 eru tilgreind þau skilyrði sem starf þarf að uppfylla til að heimilt sé að greiða af því til B-deildar. Skilyrðin eru að starfsmenn séu “ skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálfu starf.” Að auki þarf launagreiðandinn að hafa heimild til að greiða fyrir

starfsmenn sína til B-deildar en henni var lokað fyrir nýjum launagreiðendum og sjóðfélögum með fyrrgreindum lögum nr. 141/1996.

Sjóðfélagar í B-deild LSR geta ekki hafið töku lífeyris samhliða starfi sem veitir rétt til aðildar að B-deild LSR, sbr. nánar ákvæði 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Sjóðfélagar verða því að hafa látið af því starfi sem veitt hefur rétt til aðildar að sjóðnum til að hefja töku lífeyris.

Umrætt ákvæði í 4. mgr. ákvæðis II. til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. virðist vera ætlað það hlutverk að koma í veg fyrir að starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eiga aðild að B-deild LSR geti samhliða starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. hafið töku lífeyris. Verði ákvæðið að lögum, verður það sérákvæði sem gengi frammar almennum ákvæðum laga um LSR. Væri ekkert slíkt ákvæði ættu starfsmenn rétt til að hefja töku lífeyris samhliða starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. að náðu 95 ára markinu (þ.e. iðgjaldagreiðslutími og aldur ná 95 árum) eða við 65 ára aldur. Þar sem starf hjá Ríkisútvarpinu hf. uppfyllir ekki skilyrði til aðildar að B-deild LSR kynni slík staða að koma upp væri ekki fyrir að fara sérákvæði.


Aðild að B-deild LSR á grundvelli niðurlagningar á starfi er réttur sjóðfélagans og er óháður því hvort sjóðfélagi er í starfi eða ekki. Öll tengsl við laun eða önnur kjör starfsmannsins í framtíðinni eru óháð réttindum til aðildar á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Réttindin taka mið af starfinu sem lagt var niður og viðmiðunarlaun til greiðslu iðgjalda og lífeyris taka mið af því starfi og breytingum sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna. Þó ber að árétta að hefji sjóðfélagi starf að nýju sem veitir rétt til aðildar að sjóðnum, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1997, fellur rétturinn til aðildar niður á grundvelli 2. mgr. 30. gr. enda ekki þörf fyrir beitingu ákvæðisins þar sem sjóðfélaginn á orðið rétt til aðildar vegna hins nýja starfs.

Hjálagt fylgir til upplýsinga reglur sem stjórn LSR hefur sett varðandi áframhaldandi aðild að LSR í kjölfar niðurlagningar á starfi.

Tekið skal fram að undirrituð tekur ekki efnislega afstöðu til umrædds ákvæðis í frumvarpinu og er ofangreint aðeins sett fram vegna framkominnar beiðni frá háttvirtri menntamálanefnd um skýringar á áhrifum á réttarstöðu sjóðféлага í B-deild LSR.

Sé óskað frekari skýringa verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllst,


Þórey S. Þórðardóttir hdl., forstöðumaður réttindamála

Hjálagt:

1. Reglur um áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 í kjölfar niðurlagningar á starfi.

**Reglur um áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna
ríkisins sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 eða Lífeyrissjóði
hjúkrunarfræðinga sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1997 í kjölfar
niðurlagningar á starfi**

1. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um áframhaldandi aðild að B-deild LSR eða LH vegna niðurlagningar á starfi skal að jafnaði berast í beinu framhaldi af niðurlagningu á starfi, vera skrifleg og beint til stjórnar.

Með umsókn samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Staðfesting launagreiðanda á því að viðkomandi starf hafi verið lagt niður og frá hvaða tíma.
- Staðfesting á þeim launum sem síðast var greitt af til sjóðsins, þ.e. kjarasamningi, launaflokki og þrepi eða sambærilegri kjaraákvörðun. Ef greidd eru biðlaun þá þarf að liggja fyrir staðfesting á fjárhæð þeirra og hvenær þeim greiðslum lýkur.

2. gr.

Tilkynning til aðila og val um greiðslu iðgjalda til B-deilda LSR, A-deilda LSR eða LH

Aðila skal tilkynnt skriflega um lyktir umsóknar sinnar og sé ekki orðið við umsókn skulu í tilkynningu koma fram ástæður synjunar. Í tilkynningu þar sem umsókn hefur verið tekin til greina skal sérstök athygli vakin á ábyrgð sjóðfélaga á fullum iðgjaldaskilum og tiltekinn sá gjaldstofn sem iðgjöld reiknast út frá, sbr. nánar 4. gr.. Jafnframt skal í tilkynningu vakin athygli á réttaráhrifum þess að iðgjöld falli niður sbr. 3. mgr. 6. gr. reglanna.

Sjóðfélagi, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að LSR eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, er heimilt að greiða iðgjald til A-deilda LSR, enda fellur þá niður réttur til að greiða iðgjald til B-deilda eða LH. Í tilkynningu til sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal jafnan vakin athygli á rétti viðkomandi til að greiða í A-deild óski hann þess.

3. gr.

Iðgjaldaskil

Sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykki stjórnar fyrir áframhaldandi aðild að sjóðnum, ber sjálfur ábyrgð á fullum iðgjaldaskilum til sjóðsins.

4. gr.

Gjaldstofn

Gjaldstofn fyrir iðgjöld er 10% af dagvinnulaunum sem sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður eða eftir atvikum þegar biðlaunagreiðslum lýkur sbr. 1. mgr. 5. gr.. Frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997. Hagstofa Íslands reiknar vísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Jafnframt ber að greiða 10% iðgjald af orlofs- og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi.

Þegar staða vaktavinnumanns er lögð niður skal reikna iðgjald af vaktálagi í hlutfalli við meðaltals réttindaávinning vegna vaktálags síðustu þriggja ára fyrir niðurlagningu starfs. Hafi sjóðfélaginn ekki stundað vaktavinnu í full þrjú ár fyrir niðurlagningu stöðu, skal reikna iðgjaldið út frá meðaltals réttindaávinningi þess tíma sem hann stundaði vaktavinnu á síðustu þremur árum. Iðgjaldagreiðslur vegna vaktálags skulu taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

5. gr.

Upphafstími

Aðild á grundvelli niðurlagningar á starfi tekur ekki gildi fyrr en launagreiðslum eða biðlaunagreiðslum fyrir hið niðurlagða starf lýkur eða þær hafa skerst. Ef sjóðfélagi fær greidd biðlaun sem nemur mismun á launum fyrir hið niðurlagða starf og launum fyrir hið nýja starf ber að miða upphafstíma aðildar á grundvelli niðurlagningar á starfi við þann tíma sem biðlaunagreiðslur hófust.

Sjóðfélagi ber ábyrgð á iðgjaldaskilum á þeim mismun sem myndast á iðgjöldum sem fyrri launagreiðandi greiðir af biðlaunum og þeim iðgjöldum sem greiða ber skv. 4. gr..

6. gr.

Innheimta iðgjalda

Eindagi iðgjalda er tveimur vikum eftir lok þess mánaðar sem greitt er fyrir. Ef launagreiðandi tekur að sér greiðslur fyrir starfsmann og laun eru greidd fyrirfram þá er eindagi iðgjalda 14 dögum eftir útborgun launa.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal sjóðurinn bera saman þau iðgjöld sem sjóðfélagi hefur greitt og iðgjöld með hækkun skv. 1. mgr. 4. gr. og innheimta eða endurgreiða þann mismun sem myndast hefur.

Ef sjóðfélagi sem fengið hefur samþykkt aðild í kjölfar niðurlagningar á starfi lætur iðgjaldagreiðslur falla niður í þrjá mánuði eða lengur skal litið svo á að viðkomandi hafi fallið frá rétti sínum til áframhaldandi aðildar að sjóðnum. Aðili hefur þó jafnan rétt til að hefja aðild að nýju innan 12 mánaða frá því að iðgjöld féllu niður hefji hann iðgjaldaskil að nýju innan þess tíma. Þegar iðgjaldaskil hafa fallið niður í þrjá mánuði skal aðila sent bréf með sannanlegum hætti þar sem vakin er athygli á þessari mgr. reglnanna.

Þegar iðgjöld hafa fallið niður skv. 3. mgr. skal iðgjaldatími stytur.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykkt áframhaldandi aðild að sjóðnum getur lagt fram skriflega beiðni þess efnis að fá að greiða af lægra starfshlutfalli en starf það var

sem rekja má aðild hans að sjóðnum til. Starfshlutfall má þó aldrei fara niður fyrir hálf starf. Aðili sem hefur fengið slíka heimild á jafnan rétt til að hefja iðgjaldagreiðslur af því starfshlutfalli sem hann gegndi í því starfi sem lagt var niður þó aldrei með afturvirkum hætti.

7. gr.

Samhliða starf sem fylgir aðild að LSR eða LH.

Hefji sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH starf sem fylgir aðild að sjóðnum fellur niður réttur til aðildar sem rekja má til niðurlagningar starfs. [Ef hið nýja starf er lægra starfshlutfall en hið niðurlagða starf er veitti rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum er sjóðfélaga heimilt að greiða til sjóðsins vegna hins niðurlagða starfs sem nemur mismun á starfshlutfalli hins nýja starfs og því starfi sem lagt var niður.]¹

Láti sjóðfélagi af hinu nýja starfi innan tveggja ára er honum heimilt að hefja iðgjaldagreiðslur til sjóðsins að nýju vegna þess starfs sem lagt var niður. [Þegar hið nýja starf er hlutastarf og sjóðfélagi lætur af því starfi eftir tvö ár eða síðar fellur niður réttur til að greiða af hinu niðurlagða starfi í sama hlutfalli og hið nýja starf var.]²

8. gr.

Lífeyrir

Lífeyrir þeirra sem aðild eiga að B-deild sjóðsins eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi skal miðaður við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af iðgjaldagreiðslu til sjóðsins fyrir árslok 1996 skal þó miða við laun í því starfi sem iðgjöld hans voru miðuð við í árslok 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi getur ekki talið þann tíma sem hann greiðir í sjóðinn á grundvelli þess starfs til tíma sem hann hefur gegnt hærri launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélaga tíma sínum sbr. 6. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 6. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 1/1997 og 8. gr. laga nr. 2/1997 eiga við um lífeyri sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi eftir því sem þau geta átt við.

9. gr.

Lífeyrisskuldbindingar

Sá launagreiðandi sem lagði starf niður ber ábyrgð á skuldbindingum vegna lífeyrishækkana vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðsins eftir að sjóðfélagi hefur fengið samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi.

¹ Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

² Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar LSR þann 18. desember 2002 og á fundi stjórnar LH þann 22. janúar 2003.

Alþingi
Erindi nr. **p** 132/897
komudagur 17.2.2006



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MÁLVÍSINDASTOFNUN

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Málvísindastofnun Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Málvísindastofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að benda á eftirfarandi atriði:

Mjög mikilvægt er að hlutur innlends dagskrárefnis í útvarpi og sjónvarpi sé sem mestur og að til þess efnis sé vandað sem verða má. Málvísindastofnun telur að mikilvægi innlends dagskrárefnis og innlendarar dagskrárgerðar fyrir íslenska tungu verði seint ofmetið. Því er mikilvægt að kveðið sé á um þetta atriði í útvarpslögum.

Í 6. grein frumvarpsins stendur: „Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins hf., skal **jafnan** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni.“ Málvísindastofnun lýsir áhyggjum yfir orðinu „jafnan“ í þessari málsgrein og kysi heldur að það væri bundið í lögum að erlendu efni skuli **ætið** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku nema þegar það er ógerlegt, t.d. þegar sýnt er beint frá atburðum.

F.h. Málvísindastofnunar,

Sigríður Sigurjónsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Minnisblað

Viðtakandi: **Menntamálanefnd**
Sendandi: **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra**
Dagsetning: **24.04.2006**
Málsnúmer: **MMR05030094**
Bréfalykill: **3,5**

Efni: **Minnisblað menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til menntamálanefndar.**

Við stofnun hlutafélags um rekstur RÚV er talið hæfilegt, miðað við rekstraráhættu og tekjur slíks félags, að eiginfjárhlutfall verði u.þ.b. 10% eða 500 m.kr. Í árslok 2004 nam eigið fé RÚV 10,2 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Í kjölfar endurskoðunar á eignum og skuldum RÚV er gert ráð fyrir að aflað verði heimilda í fjáráukalögum 2006 til þess að leggja félaginu til, í formi hlutafjár, það sem upp á vantar til þess aðsettu marki verði náð. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga má gera ráð fyrir að fjárförf vegna þessa verði í kringum 500 m.kr.

RÚV er B- hluta ríkisstofnun og hefur stofnunin stuðst við reikningsskilavenjur sem eru ekki ósvipaðar því sem gerist á almennum markaði. Í tengslum við stofnun hlutafélagsins RÚV fer nú fram endurmat á eignum og skuldum stofnunarinnar á grundvelli reikningsskilaaðferða sem almennt eru viðhafðar við uppgjör hlutafélaga. Bráðabirgðaúttekt sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG var fengið til þess að vinna gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum á efnahagsreikningi á grundvelli endurmats miðað við óbreyttar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir eignir og skuldir RÚV, þ.m.t. menningarverðmæti eins og gamlar upptökur og annað sem tengist starfsemi RÚV. Ekki er gert ráð fyrir að hljóðfæri sem fjallað hefur verið um í tengslum við þessar breytingar og hafa verið nýtt af Sinfóníuhljómsveit Íslands muni tilheyra hinu nýja félagi. Þar ber hæst Guarnerius del Gesu fiðlu frá árinu 1728. Raunvirði þessara eigna hefur ekki verið metið í efnahagsreikningi RÚV og eru áhrif þessara breytingar á efnahagsreikning RÚV því óveruleg.

Ljóst er að endanlegur efnahagsreikningur getur ekki legið fyrir fyrr en nákvæmar fjárhæðir veltufjármuna og skulda í árslok 2005 liggja fyrir og fram hefur farið árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006. Áætlað er að endurskoðaður ársreikningur RÚV fyrir árið 2005 liggi fyrri í kringum 10 maí nk. Þá má gera ráð fyrir að árshlutauppgjör, fyrir tímabilið frá áramótum og fram að gildistöku lagana, muni liggja fyrir u.þ.b. 3 vikum eftir gildistöku lagana.

Ráðgert að hið nýja félag taki formlega við eignum og skuldum RÚV sem áður segir. Endanleg fjárförf vegna fjármögnunar á hlutafé hins nýja félags þarf þá að liggja fyrir. Sérstök nefnd, sem Ríkisendurskoðandi leiðir, vinnur að því að gera sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins ehf. í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Mun sú nefnd jafnframt gera upphafsefnahagsreikning fyrir félagið, sem mun liggja fyrir þegar efnt verður til stofnfundar RÚV ehf.

Alþingi
Erindi nr. P 132/938
komudagur 21. 2. 2006.

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við þann megintilgang frumvarpsins að rekið sé útvarp, bæði hljóðvarp og sjónvarp, í almannabágu. Samtökin taka undir rökstuðning fyrir rekstri útvarps í almannabágu sem fram kemur í greinargerð. Ekki má túlka útvarp í almannabágu of þröngt, þar sem hluti starfseminnar hlýtur samkvæmt eðli máls að vera að einhverju leiti í samkeppni við aðra miðla, t.d. fréttir og afþreying svo eitthvað sé nefnt. Það er þó skoðun Neytendasamtakanna að skýra þurfi betur í 3. gr. hlutverk Ríkisútvarpsins sem útvarps í almannabágu þannig að ljóst sé að dagskrárstefna Ríkisútvarpsins er í meginatriðum önnur en stöðva sem reknar eru á markaðsforsendum.


Neytendasamtökin taka ekki afstöðu til rekstrarforms Ríkisútvarpsins, en leggja áherslu á að það eigi að vera í eigu almannavaldsins, þ.e. ríkisins. Við ákvarðanir um rekstrarform og skipulag verður að gæta þess að almannaútvarp þarf að vera sem sjálfstæðast, bæði gagnvart hagsmunum stjórnmalamanna og -flokka og gagnvart viðskiptahagsmunum. Neytendasamtökin vilja, vegna tillögu frumvarpsins um hlutafélag, taka fram að útvarp sem eingöngu er rekið út frá viðskiptalegum forsendum getur aldrei uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til útvarps í almannabágu. Verði hlutafélagsformið fyrir valinu þarf að ganga svo frá að rekstur þess miðist fyrst og fremst við útvarp í almannabágu, að samkeppnisrekstur sé eingöngu stundaður út frá hagsmunum almannaútvarpsins, og að almenningur hafi sem greiðastar upplýsingar um rekstur og stöðu Ríkisútvarpsins, með því t.d. að upplýsingalög taki til fyrirtækisins.

Neytendasamtökin hafa fjallað ítarlega um hvernig rétt sé að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins það er skoðun Neytendasamtakanna að upphæð nefskatts sem kynnt er í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar eða ungt fólk búa enn í foreldrahúsum. Neytendasamtökin minna á að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu með afnotagiöldum hefur reynst óvinsæl hjá mörgum. Hætt er við að nefskattur sem er jafn hár og frumvarpið gerir ráð fyrir verði ekki síður óvinsæll. Neytendasamtökin mæla því með að skoðað verði hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðum, þ.e. nefskatti sem yrði lægri en fram kemur í frumvarpinu og fjárveitingum sem ákveðnar yrðu af Alþingi auk auglýsinga og kostunar.

Neytendasamtökin setja í þessu samhengi fram þá spurningu hvort ekki beri að skoða þá leið varðandi tekjur af auglýsingum og kostun, að sett verði ákveðið þak á þessar tekjuleiðir og sem miðist við að skapa einingu um þennan þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins. Ljóst er að Ríkisútvarpið er stórtækur aðili á auglýsinga- og kostunarmarkaði á sviði ljósvakamiðla.

Loks vilja Neytendasamtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Hollvina Ríkisútvarpsins um „akademíska” stjórn Ríkisútvarpsins við frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi um Ríkisútvarpið sf. Það er að mati Neytendasamtakanna afar mikilvægt að ekki sé hægt að stýra Ríkisútvarpinu út frá flokkspólitískum forsendum. Eins og frumvarpið er nú um Ríkisútvarpið skal stjórn þess valin á Alþingi og jafnframt er stjórninni heimilt að ráða og segja útvarpsstjóra upp störfum fyrirvaralaust. Það er því hætt við því, þó svo að stjórnin eigi aðeins að taka ákvarðanir er varða fjárhagslegan rekstur, að útvarpsstjóri telji sig illa geta gengið gegn vilja meirihluta stjórnar hverju sinni þegar upp koma mál þar sem þarf að velja á milli faglegra sjónarmiða sem snerta rekstur og stjórnun útvarpsins og annarra sjónarmiða t.d. stjórnsmálalegs eðlis. Neytendasamtökin mæla því með að auk stjórnar verði skipað eftirlitsráð samkvæmt tilnefningum almennasamtaka, og þurfi það ráð að samþykkja ákvarðanir stjórnar í stærri málum auk þess að hafa umsagnarrétt og eftirlitsskyldu varðandi skilgreinda þætti útvarpsins. Neytendasamtökin vísa hér einnig til kafla þrjú (um eftirlitsráð almannaútvarpsstofnana) í tilmælum Evrópuráðsins frá 1996 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2006

Efni: umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög.

Orðabók Háskólans hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið h.f. og óskað er eftir áliti stofnunarinnar á því. Aðeins tvær greinar snerta verkswið stofnunarinnar og verður því aðeins fjallað um þær.

II. kafli

3. grein:

1. liður: Orðabók Háskólans telur afar mikilvægt að rækt við íslenska tungu sé tryggð í útvarpslögum og fagnar því þessum lið og því vægi sem hún telur felast í því að telja rækt við tunguna upp sem fyrsta lið í grein um útvarpsþjónustu í almannabágu.

3. liður: „Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni” verði: Efnið skal fullnægja fyllstu kröfum almennings um gæði og fjölbreytni. Ríkisútvarp á að vera í farabroddi hvað gæði og fjölbreytni varðar, „eðlilegar kröfur” er því of veikt orðalag.

6. liður: „fjölbreytt efni við hæfi barna” verði: fjölbreytt og vandað efni við hæfi barna. Ekki nægir að efnið sé fjölbreytt ef ekki er vandað til valsins og þess málfars sem börnum býðst í útvarpi en einkum sjónvarpi.


6. grein:

Þessi grein er afar mikilvæg og brýnt að í greinargerð með frumvarpinu komi fram að ekki sé heimilt að bregða út af því að erlendu efni fylgi íslenskt tal eða texti, aðeins að geðþótta. Minnt skal á talsverðar umræður í fjölmiðlum um beinar útsendingar á knattspyrnuleikjum og hvort nægja ætti að láta leiklýsinguna hljóma á ensku.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðrún Kvaran'.

Guðrún Kvaran
forstöðumaður



Alþingi
Erindi nr. P 132/896
komudagur 17.2.2006

• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ISLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Gunnarshúsi 16. febrúar 2005

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.

Rithöfundasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. og gerir eftirfarandi athugasemdir við það:

Rithöfundasambandið er hlynnt því nú sem fyrr að Ríkisútvarpið gegni hlutverki sínu sem þjóðarútvarp og telur því brýnt að í lögunum séu skýr ákvæði um að ekki megi selja það í hendur einkaaðilum. Sambandið leggst ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt en leggur áherslu á að með hlutafélagsvæðingunni sé ekki verið að stíga skref í átt að einkavæðingu einnar mikilvægustu menningarstofnunar þjóðarinnar.

Rithöfundasambandið vill einnig árétta að í frumvarpinu er ekki kveðið nógú skýrt að orði um menningarlega skyldu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í að efla og halda úti metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð. Það hlýtur að teljast meginhlutverk Ríkisútvarps að beita sér fyrir vandaðri, íslenskri dagskrárgerð sem einkareknar stöðvar hafa ekki tök á að sinna og á það bæði við um hljóðvarp og sjónvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Rithöfundasambands Íslands


Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 132/933
komudagur 21.2.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 20. febrúar 2006

Tilvísun: 2006010271

50.03

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál heildarlög

Vísað er til bréfs menntamálanefndar frá 27. janúar 2005, þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn leggur áherslu á að kveðið sé skýrt á um skyldu hins nýja lögaðila til að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu líkt og gert er í 11. tl. 3. gr. frumvarpsins. Í greinargerð er því lýst að um nýmæli sé að ræða varðandi Ríkisútvarpið, en þetta hafi þó verið viðurkennt sem eitt meginhlutverk stofnunarinnar og felist í raun a.m.k. að hluta til í 13. gr. útvarpslaga nr. 53/2000. Í þessu sambandi veltir ríkislögreglustjórinn því upp hvort ekki sé nauðsynlegt að skýrt verði nánar í athugasemdum frumvarpsins hverjar skyldur Ríkisútvarpsins hf. samkvæmt þessum tölulið eru, enda kannski ekki með öllu ljóst hvað í felst í orðunum "nauðsynleg öryggisþjónusta".

Að öðru leyti hefur ríkislögreglustjórinn ekki forsendur til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

F.h. RLS


Steinar Adólfsson, lögl. fulltr.

Erindi nr. P 132/1332
komudagur 15.3.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2006 2006030179
T-ums 04/06

Umsögn um 401 mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Með bréfi háttvirtrar menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 8. mars 2006, er óskað eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Fer hún hér á eftir.

Í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er lagt til að einn tekjustofna Ríkisútvarpsins hf. verði sérstakt gjald sem skattstjórar skuli leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda og eftir þeim reglum sem gilda um álagningu þeirra gjalda. Er gjaldskyldu ætlað að ná til allra þeirra er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, jafnt manna sem lögaðila, með ákveðnum undantekningum þó sem settar eru fram með almennum hætti. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, bæði í 4. kafla almennra athugasemda og í athugasemdum við 12. gr., er með þessu lagt til að hætt verði að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum, en þess í stað fái Ríkisútvarpið tekjur af "nefskatti". Umrætt gjald er í frumvarpinu sett fram sem skattur og fær ríkisskattstjóri ekki annað séð en að sú framsetning samrýmist fræðilegum skilgreiningum á skatti. Horfir hann þá til þess að ákvörðun gjaldsins er ætlað að vera einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds.

Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er eftirfarandi lagt til varðandi framkvæmd skattheimtunnar: "Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr." Í tilefni af orðalagi ákvæðisins vekur ríkisskattstjóri athygli á að með lögum nr. 129/2004 var heiti laganna nr. 90/2003 breytt í lög um tekjuskatt. Tók sú breyting gildi 31. desember 2005. Þá gerir ríkisskattstjóri athugasemd við þá fyrirætlun að 98. gr. laga nr. 90/2003 sé ekki að nokkru leyti ætlað að eiga við um umrætt gjald. Í 1. mgr. 98. gr. er kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda. Samkvæmt ákvæðinu skal m.a. senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skulu skattstjórar auglýsa rækilega, þ.m.t. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Þá skulu skattstjórar senda viðkomandi innheimtumönnum ríkissjóðs skrá yfir þá sem á hafa verið lagðir skattar. Samrit þeirrar skrár skal sent ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Réttaráhrif stjórnvaldsákvarðana markast af birtingu þeirra, sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ljós má því vera nauðsyn þess að birta álagningu umrædds nefskatts þeim er álagningunni sæta. Ákvæði um kærur álagningar gjalda í 99. gr. laga nr. 90/2003 er samkvæmt frumvarpinu ætlað að ná til umrædds nefskatts. Auglýsing um lok álagningar skv. 1. mgr. 98. gr. markar upphaf kærufrests. Þá þarf vart að fjölyrða um nauðsyn þess að innheimtumönnum ríkissjóðs sé tilkynnt um álagningu þeirra gjalda sem þeim er ætlað að innheimta, þ.m.t. álagningu hins fyrirhugaða nefskatts. Að framangreindu virtu sér

ríkisskattstjóri ekki ástæðu til annars en að umræddar reglur 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 verði látnar taka til gjalds samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Á fylgiskjali II með frumvarpinu er að finna umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Í umsögninni er m.a. fjallað um virðisaukaskattsskyldu Ríkisútvarpsins. Við þá umfjöllun vill ríkisskattstjóri auka eftirfarandi:

Útvarpsþjónusta fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts eins og sviðið er afmarkað í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 3.-6. gr. þeirra laga er kveðið á um það, á hverjum hvíli skattskylda og um skráningarskyldu þeirra. Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð hvílir almennt á hverjum þeim sem í atvinnuskyni selur eða afhendir vörur ellegar innir af hendi þjónustu sem fellur undir skattskyldusviðið. Jafnframt hvílir slík skylda á ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra að því leyti þau selja í samkeppni við atvinnufyrirtæki vörur eða þjónustu sem fellur undir skattskyldusviðið. Þeim sem skattskyldir eru ber að tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra. Skráning er forsenda innskattsréttar og réttra skila skattsins. Í 5. mgr. 5. gr. er sett það skilyrði skráningar að tekjur af sölu virðisaukaskattsskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði ekki lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.

Verði frumvarpið að lögum verður sú grundvallarbreyting á tekjusamsetningu Ríkisútvarpsins frá því sem verið hefur, að brott falla afnotagjöld fyrir veitta þjónustu sem borið hafa virðisaukaskatt, en í stað þeirra koma tekjur af umræddum nefskatti. Sú breyting tekjusamsetningar hefur ein og sér ekki áhrif á innskattsrétt Ríkisútvarpsins, en gæti hugsanlega skipt sköpum varðandi skráningu þess á grunnskrá virðisaukaskatts og þannig á bæði innskattsrétt og skyldu til innheimtu virðisaukaskatts af sölu er fellur innan skattskyldusviðsins. Virðisaukaskattsskil Ríkisútvarpsins síðast liðin þrjú ár gefa þó ekki tilefni til að ætla að svo muni verða. Virðisaukaskattsskyld velta að frátöldum afnotagjöldum hefur numið 18-20% hærri fjárhæð en nemur þeim kostnaði er innskattur hefur verið reiknaður af. Að því gefnu, að hvorki verði umtalsverð lækkun tekna Ríkisútvarpsins af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess, né að umtalsverð hækkun verði á kostnaði vegna aðfanga sem bera virðisaukaskatt, verður ekki annað ráðið en að skrá beri Ríkisútvarpið hf. á grunnskrá virðisaukaskatts.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er tiltekin ætluð áhrif á tekjur ríkissjóðs af því ef Ríkisútvarpið hf. teldist vera í blandaðri starfsemi að því virðisaukaskatt varðar. Ríkisskattstjóri fær ekki séð að til slíks geti komið miðað við fyrirbyggjandi frumvarp, enda verður af frumvarpinu ekki ráðið að Ríkisútvarpinu hf. sé ætlað að stunda nokkra þá starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts. Í því sambandi bendir ríkisskattstjóri á að móttaka skattfjár felur ekki í sér blöndun starfsemi í þeim skilningi að leiði til takmörkunar á innskattsrétti.

Eins og að framan greinir er það niðurstaða embættisins að gjald til ríkisútvarpsins beri að flokka sem skatt. Skattar af þeirri tegund sem hér er um að ræða hafa verið kallaðir nefskattar þar sem þeir leggjast jafnt á alla óháð tekjum og eignum. Kostur nefskatts er helstur sá að álagningin hans er einföld og auðvelt er að fylgjast með skattgreiðslum. Helsti ókostur nefskatts er að hann tekur ekki tillit til greiðslugetu og er íþyngjandi fyrir tekjulága, þ.e. að þeir greiða hærri hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem hærri hafa tekjurnar. Af þessum ástæðum er sjaldgæft að nefskattar séu lagðir á, a.m.k. af stærðargráðu sem veruleg getur talist.

Fyrr á öldum voru nefskattar algengir en eru að mestu horfnir í dag. Tvö þekkt dæmi úr skattasögunni eru annars vegar skattur sem Ríkharður II Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Skattur þessi leiddi til bændauppreisnarinnar 1381. Hins vegar er tilraun á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt þegar stjórn Margaret Thatcher í Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga. Skattinum var komið á 1989 - 1990. Skattur þessi mætti mikilli andstöðu, milljónir manna neituðu að borga hann og náðu mótmælin hámarki sínu með óeirðum á Trafalgar Square í lok mars 1990. Andstaða innan Íhaldsflokksins leiddi m.a. til þess að Margaret Thatcher sagði af sér um haustið. Arftakar hennar lækkuðu skattinn og afnámu hann frá og með 1994.

Eins og að framan segir er einn helsti galli við nefskatt tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í fyrirliggjandi tilviki er brugðist við því með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu. Ennfremur eru þeir sem komnir eru yfir tiltekinn aldur undanþegnir. Fritekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru sitt hvoru megin næst mörkunum, sem vakið getur spurningu um jafnræði. Sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna eftir því hvort annað eða bæði eru ofan markanna. Þá eru skattfrelsismörk skv. frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur o.þ.h. en ekki fjármagnstekjur. All stór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu.

Fyrir aldursmörkunum eru hins vegar engin rök færð fram. Tekjulágir aldraðir yrðu þá þegar undanþegnir vegna lágra tekna en aldursmörkin leiða til þess að tekjuháir aldraðir yrðu undanþegnir á meðan mun tekjulægri yngri skattaðilar bæru skattinn.

Frá skattalegu sjónarmiði hefur nefskattur á einstaklinga fáa kosti en marga galla. Helstu rökin með honum eru framkvæmdalegs eðlis, þ.e.a.s. hann er einfaldur í framkvæmd og auðveldur í eftirliti. Sé litið til þeirra röksemda og jafnframt gengið út frá því að æskilegt sé að rekstur ríkisútvarpsins sé kostaður með sömu fjárhæð úr hendi hvers manns má benda á að einfaldara væri að lækka persónuafslátt manna sem nemur gjaldfjárhæðinni og lögbinda framlag til ríkisútvarpsins sem nemur hinni sömu fjárhæð á mann. Skattaleg áhrif yrði mikið til hin sömu, gallarnir færri og framkvæmdin einfaldari.

Samkvæmt frumvarpinu ber einnig að leggja sama skatt á lögaðila og menn. Fyrir þeirri tilhögun eru ekki færð nein sérstök rök í greinagerðinni. Skattar á fyrirtæki, sem ekki eru tengdir hagnaði þeirra hafa verið á undanhaldi en hér er snúið af þeirri braut.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins (á fylgiskjali II með frumvarpinu) kemur fram að kostnaður við innheimtu afnotagjalda hafi verið 70 – 80 milljónir króna á ári og er gert ráð fyrir því að sú fjárhæð sparist. Er þetta skýrt með því að sérstök innheima falli niður og innheimta nefskattsins verði hluti af innheimtu opinberra gjalda. Varðandi þetta atriði skal bent á að nokkur fjöldi einsaklinga, sem ekki greiðir tekjuskatt eða önnur opinber gjöld (vegna bóta, ívilna skattstjóra, millifærslu á persónuafslætti o.fl.) mun verða krafinn um gjald til Ríkisútvarpsins. Mun það hafa í för með sér að einhverja aukningu innheimtuumsvifa og innheimtukostnaðar

Hvað lögaðila varðar skal bent á að gjaldskyldir yrðu samkvæmt frumvarpinu um 26.000 lögaðilar. Af þeim greiddu um helmingur tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkissjóðs. Nýir


skattgreiðendur úr röðum lögaðila yrði því um 13.000. Þá er vert að hafa í huga að ætla má að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrðu félög sem ekki eru starfandi og hafa því engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Í kostnaðarumsögninni er reiknað með að ekki verði unnt að innheimta gjaldið hjá þúsundum lögaðila. Verður það mat ekki dregið í efa. Ekki er fjallað um afleiðingar þess eða hvað áhrif það muni hafa. Skattfyrvöldum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leggja gjaldið á alla tekjuskattsskylda lögaðila, án nokkurra heimilda til að fella það niður. Ætla má að meðal þessara lögaðila yrðu nokkur þúsund félög sem ekki eru lengur með nokkra starfsemi, hafa engar tekjur og eiga engar eignir og í sumum tilvikum finnist ekki forsvarsmenn. Vangreidd útvarpsgjöld muni því safnast upp með dráttarvöxtum þar til gerð verði krafa um gjaldþrot og félaginu slitið í lok þess með ærnum tilkostnaði. Fyrir fáum árum var lögfest einfölduð aðferð til slita á félögum sem ekki eru lengur virk. Forsenda fyrir að fara þá leið er að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Með álagningu útvarpsgjaldsins yrði þessi leið útilokuð í mörgum tilvikum.


Skattfyrvöld hafa um nokkurt skeið án árangurs talað fyrir því að tekin verði upp viðurlög við því að félög skili ekki framtölum og skýrslum, m.a til að knýja óvirk félög til afskráningar. Segja má að álagning útvarpsgjalds muni koma til með að hafa slík áhrif og að því leyti muni upptaka þess verða af hinu góða, þótt vafi leiki á um hagkvæmni þeirrar leiðar.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpinu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg.

Virðingarfyllt



Sigríón Högnason



Indriði H. Þorláksson

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/898
komudagur 17.2.2006

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Þskj. 517 — 401. mál, Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf

Reykjavík 16. feb. 2006.

Umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins (SRÚ) um frumvarp um
Ríkisútvarpið hf.

SRÚ vill halda samningsrétti sínum, fyrir hönd núverandi starfsmanna og þeirra sem ráðast eftir breytingu á rekstrarformi. SRÚ ætlar að vera áfram innan BSRB.


SRÚ vill að félagsmenn, bæði núverandi og þeir sem ráðast eftir breytingu á rekstrarformi, verði í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

SRÚ vill leggja áherslu á að allir félagsmenn SRÚ haldi núverandi réttindum sínum.

SRÚ vill að starfsmönnum verði boðin sömu eða sambærileg störf eftir breytingu.

Að öðru leiti vísar SRÚ til umsagnar BSRB og BHM.

Fyrir hönd stjórnar SRÚ,


Gunnar Magnússon
formaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/918
komudagur 17. 2. 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.


Það er álit undirritaðs að ný lög um Ríkisútvarpið á grundvelli þess frumvarps, sem hér um ræðir, yrðu mikið framfaraskref. Hið nýja rekstraform mun auðvelda Ríkisútvarpinu að uppfylla hlutverk sitt og skyldur í almannabágu og gerir því kleift að bregðast með skilvirkari hætti við síbreytilegum aðstæðum í fjölmiðlaumhverfi nútímans.

Í frumvarpinu er tekið á flestum atriðum sem máli skipta og þeim yfirleitt vel fyrir komið. Þrátt fyrir það eru nokkur atriði sem mikilvægt er að breyta áður en frumvarpið verður að lögum. Í meðfylgjandi greinargerð er fjallað um þessi atriði en þau miða fyrst og fremst að því að tryggja að:

- ☐ félagið búi yfir nægilegri snerpu sem nauðsynleg er í nútíma fjölmiðlaumhverfi
- ☐ rekstrarforsendur séu skýrar hvað varðar tekjur og gjöld
- ☐ félaginu sé tryggt eðlilegt eigið fé frá byrjun

Eindregið er mælt með því að frumvarp um Ríkisútvarpið hf. verði afgreitt sem lög frá Alþingi með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Virðingarfyllst,


Páll Magnússon
útvarpsstjóri

Ríkisútvarpið

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Inngangur

Breytt rekstrarform mun án efa auðvelda rekstur Ríkisútvarpsins frá því sem nú er og auka bæði sveigjanleika og hagkvæmni í rekstri.

Ljóst er að í nýju frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. er í engu slegið af kröfum til fyrirtækisins um að vera í fararbroddi og bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá í almannabágu. Til að tryggja að svo megi verða þarf fjármögnun þess að vera traust en hún er ein mikilvægasta forsendan fyrir því að hægt sé að uppfylla þær skyldur og það hlutverk sem því er ætlað í almannabágu.

Í aðalatriðum er frumvarpið mikið framfaraspor en hér verður hins vegar eingöngu fjallað um þau tiltölulega fáu atriði sem betur mega fara. Umfjöllunin verður tvískipt. Í fyrri hlutanum eru almennar athugasemdir við frumvarpið en í seinni hlutanum er megináhersla lögð á athugasemdir er lúta að fjármálum. Í því sambandi er haft að leiðarljósi að tryggja verður fyrirtækinu traustar og stöðugar tekjur til langs tíma.

I. Almennar athugasemdir

1. Gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna

Í lok 12. gr. segir orðrétt: „*Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.*“ Lagt er til að þessi setning verði felld út (og þá um leið síðasta málsgrein athugasemda um 12. gr.) en í staðinn komi eftirfarandi setning: „*Útvarpsstjóri skal ákveða verð fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.*“

Ríkisútvarpinu er – og verður áfram samkvæmt frumvarpinu ætlað að taka þátt í samkeppni á auglýsingamarkaði en á honum eru tilboð af ýmsu tagi algeng. Verði ákvæðið óbreytt yrðu öll tilboð að fá umfjöllun stjórnar. Það segir sig sjálf að þetta myndi leiða til þess að endurskoðun á verði auglýsinga tæki allt of langan tíma. Þetta fyrirkomulag getur því á engan hátt samrýmst þeim sveigjanleika og hraða sem einkennir ákvarðanir á markaði.

Um þessar mundir er verið að prófa hér á landi svokallaðar rafrænar áhorfs- og hlustunarmælingar (e. portable people meter). Líklegt verður að teljast að þær mælingar verði fastur þáttur í framtíðinni. Verði svo, breytast aðferðir við verðlagningu á auglýsingamarkaði þar sem mæliaðferðin gerir það að verkum að ljósvakamiðlarnir fá í hendurnar daglegar áhorfs- og hlustunartölur. Þetta mun leiða til þess að alfarið verður selt eftir áhorfi og hlustun (e. cost per point). Verð mun þá taka daglegum breytingum, þar sem áhorf og hlustun verða breytarnar í verðútreikningum. Við þessar aðstæður gengur ákvæðið um íhlutun eða afskipti stjórnar ekki upp.

2. Álagning og innheimta útvarpsgjalds

Lagt er til að stytta og einfalda V. ákvæði til bráðabirgða og hafa það svohljóðandi:

„*1. töluliður 12. gr. tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008. Þangað til skal Ríkisútvarpið hf innheimta afnotagjald með sama hætti og Ríkisútvarpið hefur gert. Menntamálaráðherra skal staðfesta afnotagjald fyrir útvarp og sjónvarp að fengnum tillögum útvarpsstjóra.*“ Jafnframt er lagt til að athugasemdir um ákvæði til bráðabirgða V verði felldar út.

Ákvæðið, eins og það er í frumvarpinu, er mjög óljóst og mætti túlka sem verið væri að fresta gildistöku allrar 12. gr. um tvö ár en ekki aðeins 1. töluliðar.

Loks má benda á, að með orðalagi ákvæðisins, eins og það er í frumvarpinu, dettur einn dagur út. Sagt er „til og með 31. desember 2007“ og síðan „Eftir 1. janúar 2008“. Réttara væri að segja „Frá og með 1. janúar 2008.“

3. Innheimtustjóri

Lagt er til að upphaf 2. málsg. 14. gr. hljóði svo: „*Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13. og 14. gr. sem falla úr gildi 1. janúar 2008...*“

Ákvæðið um hæfnisskilyrði „innheimtustjóra“ sem fjallað er um 16. greininni er úrelt og þjónar engum tilgangi í reynd. Leitað hefur verið til lögfræðings Ríkisútvarpsins þegar lögfræðileg álitaefni við framkvæmd starfa afnotadeildar hafa risið.

4. Dreifing

Í nágildandi lögum um Ríkisútvarpið, sem að stofni til eru frá 1986, er orðalag sem mótaðist af tækni þess tíma. Þar segir „...senda út til alls landsins og næstu miða...”. Einnig er heimilað að senda hljóðvarpsdagskrár til annarra landa „Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs”, en þær sendingar hafa farið fram á stuttbylgju. Frá upphaflegri setningu laganna hafa bæst við dreifileiðir, kapalkerfi og örbylgjukerfi, sem flytja bæði sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár óbreyttar en um endursendingar er að ræða. Síðustu 10 árin hefur netið orðið öflugur flutningsmiðill fyrir útvarpsefni. Dagskrár Ríkisútvarpsins eru streymaðar á netið og nota Íslendingar innan- og utanlands þessa þjónustu í stórum stíl. Nauðsynlegt er að orðalag nýrra laga um Ríkisútvarpið bindi ekki útsendingar Ríkisútvarpsins í ákveðinni tæknilausn heldur nái yfir allar þær dreifileiðir sem nú eru notaðar og þær sem munu bætast við eftir því sem tæknin leyfir og notendur ákveða að nota. Því er lagt til að 2. töluliður 3. gr. verði svo: „Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring, með þeim hætti sem tæknipróun leyfir. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.”

5. Ýmsar athugasemdir

Í þriðju línu fyrir miðju á blaðsíðu 24 í sérprentun er vísað í 3. kafla en það á að vera 2. kafli.

II. Athugasemdir er lúta að fjármálum

1. Almennar athugasemdir

Ríkisútvarpið hf. hefur mörgum skyldum að gegna. Fjölbreytt fréttar-, menningar-, fræðslu- og afþreyingarefni er sú hlið sem birtist almenningi daglega. Örugg dreifing er mikilvægt verkefni sem ekki má skerða eigi fyrirtækið að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til þess. Samkvæmt frumvarpinu verða skyldur Ríkisútvarpsins hf. á þessu sviði gerðar enn skýrari, meðal annars með ákvæði um sérstakt öryggishlutverk þess. Það verður því ekki annað séð en að meiri kröfur séu gerðar til Ríkisútvarpsins hf. en núverandi stofnunar.

Eigi Ríkisútvarpið hf. að sinna því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt frumvarpinu, verður að tryggja rekstrargrundvöll þess og stöðugleika. Um langt árabil hefur verið verulegur halli á rekstrinum og er eigið fé stofnunarinnar neikvætt. Á þessu er nauðsynlegt að taka áður en nýtt hlutafélag verður skráð.

Þessum taprekstri verður ekki mætt einvörðungu með hagræðingu. Á undanförunum árum hefur Ríkisútvarpinu tekist að hagræða verulega í rekstri, enda ítrekað verið farið ofan í rekstur einstakra deilda. Ekki verður séð að hægt sé að ganga mikið lengra á því sviði án þess að skerða þjónustuna. Þá er ýmiss kostnaður þess eðlis að litlu verður um hnikað auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir því, að öllum starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja félagi. Loks ríkir mikil óvissa með ýmsa kostnaðarliði. Taprekstrinum verður því einnig að mæta með tekjuaukningu.

Hér á eftir verða gerðar athugasemdir við einstök atriði sem hafa áhrif á rekstur og fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins hf.

2. Nefskattur

Lagt er til að í 1. tl. 12. gr. verði svohljóðandi setningu „*Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila*“ breytt þannig: „*Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.*“

Samkvæmt athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er gert ráð fyrir að 13.500 kr. nefskattur skili Ríkisútvarpinu hf. sömu tekjum og afnotagjaldið gerir nú. Sem fyrr segir er tap á rekstrinum og því ekki nóg að nefskatturinn skili sömu tekjum og afnotagjaldið. Þá er ljóst, að eigi að tryggja stöðugleika í rekstrinum verður fjárhæð nefskattsins að breytast í samræmi við breytingar á helstu kostnaðarliðum. Eindregið er farið fram á að nota tímann vel fram til ársins 2008 til nánari útfærslu á nefskattinum, þ.á.m. upphæð skattsins og álgningareglur en ýmis atriði þarfnast nákvæmrar endurskoðunar. M.ö.o. að greina fjárhagsstöðu félagsins enn frekar og leita fjárhagslegra úrbóta.

Almennt gildir að kostnaður á ljósvakamarkaði vex hraðar en verðbólga. Einnig má benda á þá staðreynd að verð á erlendu efni hefur hækkað langt umfram verðlagsþróun í landinu vegna aukinnar samkeppni á íslenskum ljósvakamarkaði. Þetta á sérstaklega við um íþróttafni en miðlarnir bítast einnig um annað vinsælt dagskrárefni. Þá hefur samkeppni um hæfa starfsmenn hækkað launakostnað verulega í þessum geira og ekkert lát er þar á.

Reynslan sýnir einnig, að breytingar á rekstrarformi annarra ríkisfyrirtækja í landinu hafa haft í för með sér launaskrið innan þeirra. Ef Ríkisútvarpið hf. á að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu verður því að vera bein fylgni á milli fjármögnunar þess og kostnaðarþróunar.

3. Meðhöndlun virðisaukaskatts

Samkvæmt fylgiskjali II í frumvarpinu er ekki ljóst hvernig meðhöndlun virðisaukaskatts verður háttað. Hér er gengið út frá því að innskattsfrádráttur fái að fullu og er við það miðað að tekjustofn sem felst í nefskatti hafi ekki áhrif á innskattsrétt. Ef skoðuð eru virðisaukaskattskil Ríkisútvarpsins síðastliðin 5 ár (janúar 2001 – desember 2005) má sjá að útskattur sem skilað hefur verið vegna annarra tekna en afnotagjalds hefur alltaf verið hærri en innskattur á ársgrundvelli. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. stendur því ekki í vegi fyrir því að félagið fái skráningu á virðisaukaskattsskrá þó svo að nefskatti sé alfarið haldið fyrir utan virðisaukaskatt.

4. Fjárfestingar

Vegna þröngs fjárhags Ríkisútvarpsins hefur tækjabúnaður verið lítið endurnýjaður á síðustu árum auk þess sem ný stafræn tækni er að taka við af eldri hliðrænum búnaði. Ef stofnunin á að uppfylla kröfur um útvarp í almannabágu og jafnframt að vera sá liður í almannavarnahlutverki þjóðarinnar sem gerð er krafa um í frumvarpinu er óumflýjanlegt að ráðast í umfangsmikla endurnýjun á tækjum og búnaði. Þetta kallar á miklar fjárfestingar á næstu árum.

5. Greiðslustaða

Nú þegar ríkissjóður verður ekki lengur bakhjarl félagsins þarf að tryggja því nægt lausafé til þess að standa undir sveiflum í fjárflæði.

Frumvarpið gerir meira að segja ráð fyrir að auka verulega á sveiflurnar með óreglulegum greiðslum. Til þess að laga þetta er lagt til að 3. málsg. 12. gr. hljómi þannig: „*Síðasta virka dag hvers mánaðar skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu hf. fyrirfram fjárhæð sem svarar til áætlaðs 1/12 heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt grein þessari.*“ Jafnframt er lagt til að næstsíðustu málgrein athugasemda við 12. gr. verði felld út.

Það er mikilvægt að Ríkisútvarpið fái greitt reglulega eins og gildir um flest fyrirtæki. Slíkt auðveldar alla fjárstýringu og kemur í veg fyrir aukinn fjármagnskostnað frá því sem nú er. Í þessu felst einnig mikið öryggi fyrir starfsmenn varðandi launagreiðslur. Það er líka ástæðan fyrir því, að miðað er við síðasta virkan dag mánaðar í stað fyrsta dag mánaðar en í ákveðnum tilvikum ber að greiða laun fyrir mánaðamót.

6. Eigið fé

Það er nauðsynlegt að tryggja hinu nýja félagi eigið fé svo það þoli sveiflur í rekstrinum og áföll sem alltaf geta komið upp. Hversu hátt eiginfjárhlutfallið þarf að vera er matsatriði en endurskoðendur stofnunarinnar leggja til 30% eða hærra samanber meðfylgjandi bréf þeirra dags. 11. janúar 2006.

Reykjavík, 11. janúar 2006.

Deloitte hf.
Stórhöfði 23
110 Reykjavík

Sími: +354 580 3000
Fax: +354 580 3001
dtt@deloitte.is
www.deloitte.is

Ríkisútvarpið,
b/t. Guðmundar Gylfa Guðmundssonar, fjármálastjóra,
Efstaleiti 1,
105 Reykjavík.

Efni: Eiginfjárlutfall.


Við vorum beðnir um að gefa álit á því hvert væri eðlilegt eiginfjárlutfall fyrir Ríkisútvarpið.

Segja má að við eðlilegar aðstæður sé eðlilegt eiginfjárlutfall á bilinu 20-40%. Mörg félög eru þó annaðhvort með lægra eða hærra eiginfjárlutfall þannig að í þessu sambandi er ekki hægt að segja að neitt eitt lutfall sé réttara en annað. Ljóst er þó að fjárhagslegur áreiðanleiki og þar með traust annarra á félögum ræðst af annars vegar þeim hagnaði sem félögin skila og hins vegar af eigin fé þeirra. Fjárhagslegt traust getur ráðið miklu um viðskipti og viðskiptakjör félaga. Því meiri hagnaður og hærra eiginfjárlutfall því meira fjárhagslegs trausts njóta félög. Mikill og stöðugur hagnaður getur þannig leitt til að félög og hluthafar þeirra komast upp með að hafa lægra eigin fé en ella og öfugt. Þegar eigið fé og eiginfjárlutfall er lágt þola félög verr áföll svo sem taprekstur og því er meiri hætt á gjaldþroti við slíkar aðstæður. Hins vegar er ekki heldur talið gott að eigið fé og eiginfjárlutfall sé of hátt þar sem eigið fé á að vera dýrasta fé félagsins og eftir því sem fjárhagslegur styrkur eykst ætti félagið að hafa möguleika á ódýrara lánsfé og hluthafar að hafa möguleika á að nota umfram eigið fé á arðbærari hátt.

Þrátt fyrir að auðvitað standi til að reka Ríkisútvarpið með hagnaði í framtíðinni er saga síðustu ára mikill taprekstur og það þrátt fyrir að efnahagslíf hér á landi hafi verið í miklum blóma. Samkeppni er mikil á þeim markaði sem Ríkisútvarpið er á. Bókfært eigið fé Ríkisútvarpsins er nú líklega orðið neikvætt. Ríkisútvarpið hefur notið fjárhagslegs trausts vegna þess að það er ríkisstofnun. Ólíklegt verður að teljast að Ríkisútvarpið nyti mikils fjárhagslegs trausts ef ríkisábyrgðar nyti ekki við.

Það er niðurstaða okkar að ekki væri óeðlilegt að Ríkisútvarpið hefði um 30% eiginfjárlutfall eða jafnvel hærra þegar því verður breytt í hlutafélag.

Virðingarfyllst,

Deloitte hf.

Birkir Leósson,
Endurskoðandi.

Audit . Tax . Consulting . Financial Advisory.

Aðili að
Deloitte Touche Tohmatsu

Er Sjónvarpið að svindla á íslenskum áhorfendum?

Hvernig hefur RÚV staðið sig gagnvart ákvæðum útvarpslaga nr. 52/2002?

Samkvæmt Útvarpslögnum (52/2002) á RÚV -og reyndar allar ísl. sjónvarpsstöðvar- að "kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til fréttu, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu".

Og "Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum".

Þessi ákvæði Útvarpslaga nr. 52/2002 eru í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um Sjónvarp án landamæra (89/552/EEC).

Ef marka má skýrslu RÚV til Menntamálaráðuneytisins 2005 varðandi framfylgni stofnunarinnar á lögnum og ESB tilskipuninni þá hefur RÚV staðið sig vel árin 2003 og 2004 með hlutfall útsendingar sem kveðið er á um í lögnum:

Tafla 1. Upplýsingar úr skýrslu RÚV.

Evrópsk dagskrá	2003	55%	2004	56%
Framl. af sjálfst. framl.	2003	21%	2004	19%

Þetta lífur vel út og er vel yfir mörkunum. En athugun á árinu 2006, 20. jan. - 24. feb., (36 dagar) eða 10% ársins sýnir hinsvegar eftirfarandi hlutfall:

Tafla 2. Hlutfall í ársbyrjun 2006.

Evrópsk dagskrá	2006	25,67% (á að vera a.m.k. 51%)
Framl. af sjálfst. framl.	2006	2,14% (á að vera a.m.k. 10% ef unnt er)

Leiðin til að kanna þetta var einföld: dagskráin flokkuð niður í mínútur (sjá töflu 6). Síðan var hálft Kastljósið skilgreint sem dagskrá og hálft fréttatengt, barnaefninu skipt til helminga milli Evrópu og annarra heimshluta en allt innlent barnaefni flokkað sem innlend framleiðsla og innlend framleiðsla skilgreind sem evrópsk. Endursýningar eru dregnar frá en auglýsingar og kynningar eru ekki dregnar frá en jafnast á alla flokka.

Það sem sker sig úr á athugunartímabilinu er að EM í handbolta og Vetrarólympíufleikarnir koma þar inn og gera hlut íþróttafnis mikinn. En það er ekki óeðlilegt ástand hjá RÚV, framundan er HM í fótbolta, svo eru það Sumarólympíufleikar og EM í fótbolta, Gullmót í frjálsum, Formúlan, HM í handbolta, Ólympíumót fatlaðra, Bikarmót, Íslandsmót í fótbolta og handbolta og körfubolta osfrv. Íþróttir eru alltaf í gáangi og þessar gusur eru eðlilegur hlutur af dagskrá RÚV. Það sem hinvegar lyftir upp evrópsku efni á tímabilinu er m.a. 250 ára afmæli tónskáldsins Mozart (heill sólarhringur) og Söngvakeppni Sjónvarpsins, en það hækkar hlutfall innlends/evrópsks efnis þannig að þetta jafnast sennilega út. Og svo er það einnig sérstakt að á athugunartímabilinu var verið að sýna íslensku krimmaseríuna Allir litir hafsins eru kaldir og Latabæ auk heimildamyndanna Róska og Bítlabærinn Keflavík sem var í tveimur þáttum. En setjum svo að lengd útsendingar á dagskrá Vetrarólympíufleikanna hafi áhrif á niðurstöðuna. Tafla 3. sýnir hlutfallið eftir að helmingur íþróttafnisins hefur verið tekinn út. Hvernig gengur þá að uppfylla lagaskylduna?

Tafla 3. Hlutfall eftir að vægi íþróttu hefur verið minnkað um helming.

Evrópsk dagskrá	2006	32,86% (á að vera a.m.k. 51%)
Framl. af sjálfst. framl.	2006	2,74% (á að vera a.m.k. 10% ef unnt er)

Það er enn langt í land þótt vægi íþróttanna sé tekið úr sambandi að hluta.

Ef tölurnar frá RÚV fyrir árin 2003 og 2004 eru réttar þá þarf að framkvæma úttekt á því hvað fór úrskeiðis hjá stofnunni á árinu 2005. Hlutfall af evrópsku efni og dagskrá sem framleidd er

af sjálfstæðum framleiðendum í skýrslu RÚV sem stofnunin sendir til Menntamálaráðuneytisins og það áframsendir til ESB gjörsamlega hrynur! Einhver ákvörðun yfirmanna RÚV hefur orðið til þess að þeir standa sig ekki gagnvart þeim skyidum sem Útvarpslögin leggja þeim á herðar! Eða þá að tölurnar frá 2003 og 2004 eru ekki réttar! Úttektin á dagskránni í byrjun ársins 2006 sem hér er sett fram byggir á dagskrárupplýsingum sem finna má á vef stofnunarinnar www.ruv.is. Til þess að athuga hvort dagskráin hafi verið með svo sérstökum hætti á þessu tímabili þá er hér úttekt á viku 36 árið 2005:

Tafla 4. Hlutfall í viku 36 2005.

Evrópsk dagskrá	2005	28,09% (á að vera a.m.k. 51%)
Framl. af sjálfst. framl.	2005	0,86% (á að vera a.m.k. 10% ef unnt er)

Það verður engin stökkbreyting nema varðandi hlut sjálfstæðra framleiðenda, hann mælist varla og innlend dagskrá er ekki nema 1,58% af útsendingu Sjónvarpsins í síðustu viku ágúst 2005 (sjá töflu 7).

Næsta tafla sýnir dagskrá í 7 vikur árið 2004, árið sem skýrsla RÚV nær yfir:

Tafla 5. Hlutfall í úttekt 2004. (u.p.b. 13% af heildardagskrá ársins)

Evrópsk dagskrá	2004	35,05% (á að vera a.m.k. 51%)
Framl. af sjálfst. framl.	2004	3,84% (á að vera a.m.k. 10% ef unnt er)

Hluttur sjálfstæðra framleiðenda er sem fyrr lítil og innlend dagskrágerð er 10,9%. Þetta er langt frá þeim tölum sem RÚV gefur upp í skýrslu sinni og væri því fróðlegt að fá betri upplýsingar um það hvað liggur að baki þeim hlutfallstölum sem þeir gefa upp (sjá töflu 8). Það er mjög sláandi hversu innlend dagskrá (að undanskildum fréttum og íþróttum) er lítil hjá Sjónvarpinu skv. þessari athugun sem hér er sett fram. Árið 2004 er hún aðeins 10,9%, 2005 er hún 1,58% og 2006 7,49%.

Eins og fyrr segir þá er tímabilið sem athugað var í ársbyrjun 2006 óvenju öflugt í innlendri dagskrágerð og er því meðaltal athugunarinnar 4,07% nær lagi. En toppurinn, 7,49% er samt langt frá því að vera ásættanlegt ástand hjá stofnun sem á samkvæmt eigin lögum, bæði eldri lögum og nýja frumvarpinu um RÚV hf. að vera í fararbroddi.

Hvort tveggja er áhugavert, vond stjórnum eða rangar tölur - það sýnist vera maður í mysunni og það væri gott að draga hann fram í dagsljósið og ræða svo málefni RÚV með það í huga að það er þjóðarhagur að stofnunin/félagið sé vel rekið og uppfylli væntingar Alþingis og þjóðarinnar.

Ef útvarpslögin væru orðuð öðruvísi og þar væri skráð að Sjónvarpið ætti að "*kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íþróttir, bandarískt afþreyingarefni og endursýningar og sem minnst af innlendu efni og evrópsku frá sjálfstæðum framleiðendum*" þá væri allt gott og blessað og RÚV á blússandi ferð réttu megin við lögin. En lögin eru ekki svona og RÚV (og engin önnur íslensk sjónvarpsstöð) er ekki að *kosta kapps* eða gera *eins og unnt er* í því að uppfylla skyldur sínar í þessum efnum. Það er athugandi að lögin hafa engin viðurlög vegna þessara ákvæða og ennfremur er gefið svigrúm með orðunum "eftir því sem unnt er". Þessi linkind löggjafans við að framfylgja eigin lögum vekur athygli í ljósi ákvæða í nýju lögunum um RÚV hf um útvarp í almannapágu. En þar segir að RÚV hf eigi "að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð." og "framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar." Verður þessum lagaákvæðum fylgt fastar eftir af hálfu yfirboðara Ríkisútvarpsins eða sama linkindin látin ráða sem virðist ríkja gagnvart útvarpslögunum? Það er augljóst að það verður að setja skýr ákvæði inn í lögin um RÚV hf varðandi dagskrá í samræmi við tilskipun ESB og útvarpslögin og það án undanbragða. Og svo þarf að snúa sér að Stöð 2, Skjá einum og kanna þeirra frammistöðu gagnvart umræddum lögum.

Tafla 6. Heildarhlutfallið á athugunartímabilinu 2006:

Flokkun:	Mínútur	Hlutfall
Fréttir	1930	6,64%
Íþróttir	10940	37,62%
Kastljós	1275	4,38%
Innl. dagskrá	1871	6,43%
Evrópsk dagskr.	2930	10,07%
Bandar. dagskr.	4045	13,91%
Barnaefni	1948	6,7%
Leikir (Lottó)	46	0,16%
Endursýningar	4097	14,09%

Tafla 7. Vika 36 2005

Flokkun:	Mínútur	Hlutfall
Fréttir	335	8,51%
Íþróttir	830	21,09%
Kastljós	170	4,32%
Innl. dagskrá	55	1,40%
Evrópsk dagskr.	600	15,24%
Bandar. dagskr.	1000	25,41%
Barnaefni	475	12,07%
Leikir (Lottó)	16	0,41%
Endursýningar	455	11,56%

Tafla 8. 7 vikur 2004

Flokkun:	Mínútur	Hlutfall
Fréttir	2000	7,17%
Íþróttir	3665	13,14%
Kastljós	740	2,65%
Innl. dagskrá	2400	8,61%
Evrópsk dagskr.	3325	11,92%
Bandar. dagskr.	6585	23,61%
Barnaefni	3244	11,63%
Leikir (Lottó)	59	0,21%
Endursýningar	5870	21,05%

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Miðvikudaginn 8. mars, 2006 - Bréf til blaðsins

Auglýsingastríð RÚV og Stöðvar 2

Frá Hjálmtýr Heiðdal: "EFTIR að Gallup birti tölur um áhorf sjónvarpsstöðva í janúar s.l. hefur brotist út lítið auglýsingastríð milli Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2."

EFTIR að Gallup birti tölur um áhorf sjónvarpsstöðva í janúar s.l. hefur brotist út lítið auglýsingastríð milli Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2. Báðar stöðvarnar hafa birt heilsíðuauglýsingar í dagblöðum þar sem því er hampað hversu gott áhorf sé á þá íslensku dagskrárþætti sem stöðvarnar sýna. Könnunin sýnir skýrt og greinilega að íslenskir sjónvarpsáhorfendur vilja sjá íslenskt efni á skjánum - dagskráin sem kemst á toppinn í þessari könnun er íslensk. Hjá Stöð 2 kemst erlent efni í sjöunda sæti og hjá RÚV í tíunda. Ráðamenn beggja stöðvanna sjá ástæðu til þess að kosta töluverðu auglýsingafé til að benda á hversu vel þær standa sig í samkeppninni um áhorfendur. Og tilgangur auglýsinganna er sá að sannfæra auglýsendur um að þeir eigi að auglýsa hjá RÚV eða Stöð 2.

En hér kemur sköndin staðreynd til sögunnar - hvorug stöðin leggur áherslu á að sýna íslenskt sjónvarpsefni. Eftir að dagskrá þeirra hefur verið greind í frumpætti þá blasir það við að mjög lítil hluti hennar sem er íslenskur. Hjá RÚV er íslensk dagskrárgerð að meðaltali 7-8% og hjá Stöð 2 um 4% þegar best lætur. Sé fréttum bætt við þá nær hlutfallið um 15% hjá RÚV en um 17% hjá Stöð 2.

Það er einhver hugsanavilla í gangi hjá stjórnendum sjónvarpsstöðvanna. Ef kannanir sýna að viðskiptavinir þeirra vilja sjá íslenska dagskrá þá getur það varla verið rökrétt að yfir 80% dagskrárinnar séu ekki íslensk. Þetta líkist því að kaupmaður fylli hillur verslunar sinnar með vörum sem fáir vilja kaupa en eigi hinsvegar lítið til af þeim vöruflokkum sem viðskiptavinirnir vilja helst kaupa. Og ef hann tekur síðan uppá því að birta stórar auglýsingar um ágæti vörunnar sem hann á lítið sem ekkert af - ja, þá væri hann a.m.k. talinn lélegur kaupmaður.

HJÁLMTÝR HEIÐDAL

kvikmyndagerðarmaður,

Laufásvegi 54, Reykjavík.

Frá Hjálmtýr Heiðdal:

Slóð: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1070473

Skoðað: 2006-03-08 14:00

© mbl.is/Árvakur hf

UPPLÝSINGAR UM BARNAEFNI HJÁ RÚV OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS.

Hér á eftir koma fram tölur um útsent barnaefni hjá RÚV á árunum 2001, 2002 og 2003. Tölurnar eru unnar upp úr skýrslum frá RÚV sem fengust hjá stofnunni en höfundur hefur því miður ekki lengur undir höndum enda var efnið unnið fyrir fyrirlestur sem fluttur var 2004 og ekki ætlað sem opinberar tölur. Grein um stöðu barnaefnis, sem byggir að hluta á þessum sömu tölum birtist, í Tímariti Máls og menningar á vordögum 2005. Einnig skal tekið fram að hér er um tölur um útsendan mínútufjölda að ræða en einnig er full ástæða til að ræða einnig innihald og framsetningu þess barnaefnis sem (ekki) er framleitt.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2001

Leikið efni (Jóladagatal o.fl)	02:03 klst.
Teiknað efni / Brúður	00:00 klst.
Annað	35.34 klst.
(Stundin okkar/Spirall)	

Heildar klukkustundafjöldi	37:37 klst.
Af því endurtekið efni	<u>18:29 klst.</u>

Frumskýnt ísl. barnaefni 2001 að meðtalinni Stundinni okkar 19:07 klst. Það gera 22 mínútur á viku eða rétt rúmlega 3 mínútur á dag.

Árið 2001 var framleidd 1 kvikmynd fyrir börn, Regína.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2002

Leikið efni (Jóladagatal?)	04:50 klst.
Teiknað efni / Brúður	01:24 klst.
Annað	236:11 klst.
(Stundin okkar 29:22 klst., Morgunstundin okkar 195:05)	

Heildar klukkustundafjöldi	242:26 klst.
Af því endurtekið efni	<u>40:39 klst.</u>

Sú mikla klukkustundaaukning sem orðið hefur á milli áranna 2001 og 2002 er til komin vegna Morgunstundarinnar okkar, en í þeim þætti eru erlendar teiknimyndir skeyttar saman með kynningum á íslensku. Því flokkast þátturinn sem "Íslenskt barnaefni". Án Morgunstundarinnar okkar er hlutur frumsýnds íslensks barnaefnis hjá RÚV 35:58 fyrir árið 2002. Það gera u.þ.b. 41 mínúta á viku eða tæplega 6 mínútur á dag.

Árið 2002 var engin kvikmynd fyrir börn framleidd.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2003

Leikið efni (Jóladagatal?)	29:49 klst.
Teiknað efni / Brúður	05:54 klst.
Annað (Stundin okkar/Spíral)	52:39 klst.

Heildar klukkustundafjöldi	88:23 klst.
Af því endurtekið efni	<u>45:19 klst.</u>

Frumstýnt ísl. barnaefni 2003 að meðtalinni Stundinni okkar og Morgunstundinni okkar 43:06 klst. Það gera u.þ.b. 50 mínútur á viku eða rétt rúmlega 7 mínútur á dag.

Árið 2003 var framleidd 1 kvikmynd fyrir börn, Didda og dauði kötturinn. Engin kvikmynda fyrir börn hefur verið framleidd síðan Didda og dauði kötturinn var gerð og skv. upplýsingum á vef Kvikmyndamiðstöðvar er ekki virkt viljrði um framleiðslustyrk vegna kvikmyndar fyrir börn.


Árið 2002 voru 8 kvikmyndir fyrir börn framleiddar í Noregi.

Dönsku kvikmyndastofnuninni er gert að úthluta 25% af framleiðslufé sínu til barna- og unglingaefnis.

BBC 1 sýnir 400 klst. af barnaefni á ári
BBC 2 sýnir 100 klst. af barnaefni á ári
Cbeebies* sýnir 4.500 klst. af barnaefni á ári
CBBC** sýnir 2.075 klst. af barnaefni á ári
Samtals sýnir breska ríkissjónvarpið um 7.075 klst. af barnaefni á ári, um 20% af því eru endursýningar. 75% af öllu barnaefni hjá BBC, eða 5.306 klukkustundir ár ári er innlend framleiðsla.

*Cbeebies er önnur af tveim stafrænum barnastöðvum BBC og er ætluð áhorfendum á aldrinum 0 – 5 ára. 90% af efni stöðvarinnar er upprunnið af UK/EU svæðinu, 80% efnisins er framsýnt og 75% er nýframleitt breskt sjónvarpsefni.

**CBBC er önnur af tveim stafrænum barnastöðvum BBC og er ætluð áhorfendum á aldrinum 6-12 ára og sýnir leikið efni, skemmtiefni, fréttir ætlaðar börnum og skólaefni.



Upplýsingar þessar eru teknar saman af Kristínu Atladóttur, kvikmyndaframleiðanda og meistaranema í nýsköpunarfræðum. Rangfærslur sem í tölum kunna að finnast eru á hennar ábyrgð og stafa af flókinni uppsetningu gagna frá RÚV.



SAMTOK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.02.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., mál 643., var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Sjónarmið sem hér verða reifuð eru þau sömu og fram komu í umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA) um það mál, að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. Um sjónarmið SA vísast því nánar til meðfylgjandi afrits af bréfi SA til yðar dags. 28.04.2005.

Að mati SA er löngu tímabært að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið (RÚV) og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Leggja ber áherslu á að útvarpsrekstur er atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi. Lög sem um slíka starfsemi gilda þurfa því að vera almenns eðlis og laus við mismunun sem ekki á sér málefnalegar forsendur.

Í umsögn SA í fyrra var sérstaklega vakin athygli á því að reglur EES-samningsins um samkeppnismál og ríkisaðstoð héldu að fullu gildi sínu gagnvart útvarpsþjónustu í almannabágu, en í greinargerð með frumvarpinu var ekkert á það minnst. Þá var í umsögn SA fjallað um túlkunarreglur framkvæmdastjórnar ESB og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart útvarpsrekstri í almannabágu. Þar kemur m.a. fram að vegna aukinnar samkeppni frá einkaaðilum í útvarps- og sjónvarpsrekstri í umhverfi þar sem ríkisreknað stöðvar eru fjármagnaðir af opinberu fé, hafi komið fram vaxandi áhyggjur af ójafnri samkeppnisstöðu. Er túlkunarreglunum ætlað að tryggja jafnræði milli einkaaðila og opinberra aðila í útvarpsrekstri, að teknu tilliti til raunverulegra kvaða sem rekstur útvarpsþjónustu í almannabágu felur í sér.

Í greinargerð með hinu nýja frumvarpi er m.a. getið um tilkynningu ESA til íslenskra stjórnvalda frá 3. júní 2005 um bráðabirgðamat ESA á fjármögnun og rekstri RÚV. Taka þessar athugasemdir ESA bæði til gildandi laga um RÚV og frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. Er niðurstaða ESA sú að fjármögnun RÚV með nefskatti feli í sér ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES-samningsins sem er ósamþýðanleg ákvæðum samningsins nema að uppfyllt séu fjögur skilyrði sem tilgreind eru á bls. 7 í þingskjalinu. Eru þessi skilyrði efnislega hliðstæð því sem getið var um í fyrri umsögn SA.

Hið nýja frumvarp felur í sér vissa framför frá því sem áður var, sem einkum felst í því að ráðgert er að hlutafélag í 100% eigu ríkisins verði stofnað um reksturinn í stað sameignarfélags áður. Þá er það til bóta að gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjárhagslegur aðskilnaður verði milli útvarps í almannabágu og annarrar hugsanlegrar starfsemi Ríkisútvarpsins.




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Mikilvægustu athugasemdirnar í fyrri umsögn SA lutu að því að skilgreining á útvarpsþjónustu í almannapágu væri alltof viðtæk og óljós. Engin markverð breyting hefur orðið á þessu mikilvæga ákvæði frumvarpsins. SA er ljóst að miðað við fordæmi í EES rétti hafa íslensk stjórnvöld talsvert svigrúm í þessu efni. Ekki er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum sem nefnd eru í athugasemdum ESA til íslenskra stjórnvalda. Ólíkt því sem EES reglur um ríkisaðstoð krefjast og getið er um í athugasemdum ESA, er ekki með skýrum hætti mælt fyrir um skyldu RÚV til að veita tiltekna og magngreinda þjónustu í almannapágu gegn þeim ríkisstyrk sem félaginu er ætlaður, heldur er ákvæðið skrifað nánast eins og heimildarákvæði i kringum alla núverandi starfsemi RÚV. Þegar þannig er búið um hnútana er ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað dauður bókstafur. Þá er ákvæði um tekjustofna RÚV óbreytt frá fyrra frumvarpi. Láta SA því á ný í ljós efasemdir um að nefskattur sem veitir eigi lægri ríkisstyrk en núverandi afnotagjöld gera geti falið í sér ásættanlega lausn á fjármögnun Ríkisútvarpsins og að verjandi sé að ráðstafa opinberu fé til RÚV í þeim mæli sem gert hefur verið undanfarin ár.

SA telja því nú sem fyrr að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri.

Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðlaugur Stefánsson,
hagfræðingur

Fylgiskjal: Bréf Samtaka atvinnulífsins til Alþingis dags. 28.04.2005 með umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Símt:
591 00 00

Bréfsímt:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28.04.2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar framangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt í sameignarfélag og verði ríkið eini eigandi þess. Frumvarpið gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á yfirstjórn og stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins. Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu, útvarpsráð verður lagt niður, en ráðherra skal útnefna fimm manna stjórn félagsins samkvæmt kosningu á Alþingi. Stjórnin skal hafa yfirumsjón með rekstri félagsins, ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, en hefur hvorki afskipti af dagskrárgerð né öðrum ráðningum. Útvarpsstjóri verður æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins sf. í daglegum rekstri, yfirmaður allrar dagskrárgerðar og ræður aðra starfsmenn til félagsins án umsagnar annarra aðila. Afnotagjöld verða felld niður í árslok 2007. Þess í stað kemur lögbundið gjald á skattskylda einstaklinga og lögaðila (nefskattur), en auk þess er áfram gert ráð fyrir tekjum af auglýsingum sem og beinum fjárveitingum sem Alþingi kunni að ákveða sérstaklega.

Samtök atvinnulífsins telja löngu tímabært að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Minnt er á að útvarpsrekstur er atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi. Þurfa því lög sem um slíka starfsemi gilda að vera almenns eðlis og laus við mismunun sem ekki á sér eðlilegar forsendur. Með frumvarpinu er ekki nægjanlega gætt að þessum þætti. Með rekstri ríkisútvarps í sameignarfélagsformi, þar sem ríkið ber ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins og þar sem ríkisrekstri er ætlað svo víðtækt hlutverk sem í frumvarpinu felst, verður einkaaðilum í útvarpsrekstri ekki tryggt eðlilegt jafnræði í starfsumhverfi.

Í 3. gr. frumvarpsins er hlutverk Ríkisútvarpsins sf. talið að öllu leyti fela í sér útvarpsþjónusta í almannabágu, en sú þjónusta er skilgreind í 18 töluliðum. Hlutverk þetta er skilgreint mjög víðtækt og engu þrengra en fram kemur í 3. – 5. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000. Flestum þeirra 18 atriða sem skilgreind eru sem útvarpsþjónusta í almannabágu er nú einnig sinnt af einkareknum útvarpsstöðvum. Ber því með réttu að líta á slíka starfsemi sem markaðsstarfsemi sem ekki geti notið opinbers fjárstuðnings. Raunar felst í frumvarpinu að starfsemi Ríkisútvarpsins á markaðssviði verði enn treyst, sbr. m.a. 14. tl. 3. mgr. 3 gr. frumvarpsins um að útvarpsþjónusta í almannabágu feli í sér að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni svo sem ritað mál, hljómplötur, hljóðsnældur, geisladiska, myndbönd og margmiðlunarefni. Hafa einkaaðilar sýnt að þeir eru fullfærir um að veita slíka þjónustu. Á hinn bóginn hafa verið felld brott ákvæði um þjónustu sem Ríkisútvarpinu er ætlað að sinna samkvæmt núgildandi lögum og samræmist betur hófstilltri skilgreiningu á



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

útvarpsþjónustu í almannabágu. Er hér vísað til ákvæða 4. gr. laga nr. 122/2000 um að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðslufirvöld, en þessu hlutverki hefur ekki verið sinnt a.m.k. hin síðari ár.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins um tekjustofna Ríkisútvarpsins sf. staðfesta einnig að með frumvarpinu er ekki stefnt að því að draga úr opinberum fjárframlögum til ríkisrekinnar útvarpsþjónustu, en í því felst að með nefskatti verði Ríkisútvarpinu áfram tryggð svipuð opinber fjárframlög og það hefur nú af afnotagjöldum. Telja Samtök atvinnulífsins það ekki verjandi að halda áfram taprekstri og að ráðstafa opinberu fé til Ríkisútvarpsins í þeim mæli sem gert hefur verið undanfarin ár án nokkurra skilgreininga á því hvaða markmiðum á að ná með þeim stuðningi.

Í athugasemdum við frumvarpið er m.a. vísað til tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB og bókunar á ríkjaráðstefnu ESB í Amsterdam um útvarpsþjónustu í almannabágu. Þar hafi verið undirstrikuð sérstaða útvarpsþjónustu í almannabágu, hún styðji við lýðræðislegar, félagslegar og menningarlegar þarfir þjóðfélaganna og gegni mikilvægu hlutverki í að viðhalda fjölbreytni í fjölmiðlun. Í bókuninni fælist að ákvarðanir um tekjuöflun til útvarps í almannabágu yrðu að mestu látnar vera á valdsviði hvers aðildarríkis. Í athugasemdum við frumvarpið er þess hins vegar ekki getið að reglur Rómarsamningsins og EES-samningsins um samkeppnismál og ríkisaðstoð halda að fullu gildi sínu gagnvart útvarpsþjónustu í almannabágu. Hefur framkvæmdastjórn ESB sett túlkunarreglur um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart útvarpsrekstri í almannabágu¹ og Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið upp hliðstæðar reglur². Þar kemur m.a. fram að vegna aukinnar samkeppni frá einkaaðilum í starfsemi þar sem aðrir rekstraraðilar eru fjármagnaðir af opinberu fé hafi komið fram vaxandi áhyggjur af ójafnri samkeppnisstöðu og margar kvartanir komið fram vegna þessa³. Er reglunum ætlað að tryggja jafnræði milli einkaaðila og opinberra aðila í útvarpsrekstri, að teknu tilliti til raunverulegra kvaða sem rekstur útvarpsþjónustu í almannabágu felur í sér. Með hliðsjón af augljósri samkeppnisröskun sem frumvarpið felur í sér gagnvart einkareknum útvarpsstöðvum láta Samtök atvinnulífsins í ljós efasemdir um að frumvarpið fái staðist reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Hvað sem líður reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð, telja samatökin að með samþykkt frumvarpsins yrði fest í sessi óhófleg mismunur í skilyrðum til útvarpsrekstrar sem engin sátt gæti orðið um og teljast verður andstæð markmiði samkeppnislaga.

Að lokum má vísa til þess að Samtök atvinnulífsins hafa áður sett fram álit sitt á æskilegri aðkomu ríkisvaldsins að útvarpsstarfsemi, sbr. umsögn samtakanna dags. 13. apríl 2004 um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, 337. mál. Telja samtökin rétt að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag og skylduáskrift að því lögð niður. Útvarpsþjónusta í almannabágu verði skilgreind, hún fjármögnuð af sjóði sem fái afmarkaðar tekjur af opinberu fé, en veiting þjónustunnar verði boðin út, þar sem allar útvarpsstöðvar fái jafnt færi á að bjóða. Gefist keppinautum Ríkisútvarpsins þá kostur á að bjóða betri dagskrá fyrir lægra verð en Ríkisútvarpið gerir, ef þeir geta. Komi í ljós að Ríkisútvarpið sé best fallið til að sinna þjónustunni mun það gera það áfram.

¹ Commission Communication on the application of the State aid rules to public service broadcasting, OJ No. C 320, 15.11.2001.

² Application of State aid rules to public service broadcasting, kafli 24C í túlkunarreglum um ríkisaðstoð, the EFTA Surveillance Authority's State Aid Guidelines.

³ Slíkum umkvörtunum hefur reyndar einnig verið beint að íslenskum samkeppnisfyrirvöldum, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 39/2001 *Erindi Norðurljósa samskiptafélags hf. um samkeppnisstöðu leyfisbundins útvarpsrekstrar einkaaðila gagnvart Ríkisútvarpinu.*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



MINNISBLAÐ
VARÐANDI FÉLAGAFORM SEM TIL GREINA KOMU VIÐ
SKIPULAGSBREYTINGAR Á REKSTRI RÍKISÚTVARPSINS

Dags.: Mánudagurinn 5. desember 2005.

Viðtakandi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra.

Sendendur: Jón Sveinsson hrl. og Sigurbjörn Magnússon hrl.

1. Almenn

Vísað er til beiðnar menntamálaráðherra um að tekið yrði saman minnisblað um þau félagaform sem til greina komu varðandi skipulagsbreytingar á rekstri Ríkisútvarpsins (hér eftir nefnt RÚV) og af hverju niðurstaðan varð sú að leggja til að hlutafélag yrði stofnað um reksturinn.

Í þessu minnisblaði verður gerð grein fyrir þeim félagsformum sem einkum komu til skoðunar, en þau voru eftirfarandi: 1) sameignarfélag, 2) sjálfseignarstofnun, 3) einka-hlutafélag og 4) hlutafélag.

Verður nú gerð grein fyrir hverju og einu félagaformi, það skilgreint og einkennum þess lýst og önnur atriði tekin fram sem máli skipta í þessu sambandi.

2. Einstök félagaform

2.1. Sameignarfélag

Samkvæmt almennum meginreglum félagaréttar er sameignarfélag félag tveggja eða fleiri félagsmanna sem að jafnaði er ætlað að keppa að fjárhagslegu markmiði. Eitt megineinkenni þess er að eigendur bera óskipta, ótakmarkaða og beina ábyrgð á skuldum félagsins.

Hin óskipta ábyrgð félagsmanna felur í sér að kröfuhafar félagsins geta leitað fullnustu allrar kröfu sinnar hjá hverjum félagsmanni sem er. Ótakmörkuð ábyrgð þýðir að slík ábyrgð er ekki takmörkuð við ákveðnar eignir félagsmanns heldur ábyrgist hann slíka kröfu með öllum eigum sínum. Bein ábyrgð þýðir að kröfuhafi félagsins þarf ekki fyrst að leita fullnustu hjá félaginu. Hann getur strax snúið sér beint að sameigendunum og kafið þá persónulega um alla skuldina.

Fá lagaákvæði eru til um sameignarfélög. Í því sambandi má vísa til laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Af þeim lögum leiðir að tilkynna ber til þess sýslumanns þar sem félagið hefur lögheimili um stofnsamning félagsins, heiti þess, nöfn og heimili allra félagsmanna, tegund atvinnu, hverjir hafa rétt til að rita firmað, hvort félagið sé sjálfstæður skattaðili, o.s.frv.

Að öðru leyti verður fyrst og fremst að styðjast við félagssamninginn og þær almennu reglur sem taldar eru gilda um þessi félög. Vegna þeirrar ábyrgðar sem hvílir á félagsmönnum og fyrr var nefnd hlýtur samstarf þeirra að vera mjög persónulegs eðlis. Af því leiðir m.a. að eigendur sameignarfélags eru yfirleitt fáir og venjulega getur nýr félagi ekki bæst við nema samþykki allra þeirra sem fyrir eru liggi fyrir. Þá er og aðalregla að allir þurfa að vera sammála um hvers konar ráðstafanir eða samninga sem félagið á að verða aðili að nema annað sé tekið fram í félagssamningi. Frá þessu er þó undantekningar einkum er varða ákvarðanir um daglegan rekstur.

Um slit sameignarfélags fer einkum eftir félagssamningnum. Séu þar engin ákvæði að finna mun oft rétt að líta svo á að hver félagsmanni um sig geti sagt sig úr félaginu til slita með hæfilegum fyrirvara. Slit félagsins yrði framkvæmt þannig að hreinni eign félagsins eða skuldum þess yrði skipt upp á milli félagsmanna.

2.2. Sjálfseignarstofnun

Sjálfseignarstofnun er sjálfstæð lögpersóna sem komið er á fót með viljayfirlýsingu og ákveðnu framlagi sem nota ber til að þess að ná þeim markmiðum sem sjálfseignarstofnuninni eru sett. Sjálfseignarstofnun á sjálf eigur sínar. Hún ber ein ábyrgð á skuldum sínum. Engir aðilar, hvorki stofnendur sjálfseignarstofnunar né aðrir, geta verið í þannig tengslum við sjálfseignarstofnun að jafna megi til eignaraðildar.

Um sjálfseignarstofnanir gilda lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá og lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Álitamál er hvor lögin myndu taka til sjálfseignarstofnunar sem stofnuð væri af hálfu Alþingis. Í því sambandi ber að líta til þess að í 4. gr. síðastnefndu laganna segir að lögin taki ekki til sjálfseignarstofnana sem starfa á grundvelli sérлага eða eru stofnaðar með lögum eða ákvörðun Alþingis eða með heimild í þjóðréttarsamningi og háðar eftirliti íslenska ríkisins eða annars ríkis. Í 3. mgr. 1. gr. laga er svo mælt fyrir um að um aðrar sjálfseignarstofnanir en þær sem lögin taki til skulu fara eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá. Í 2. mgr. 1. gr. þeirra laga segir hins vegar að undanskilin lögunum séu sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum. Að teknu tilliti til framangreinds yrði niðurstaðan sú að hvorug lögin myndu taka til opinberrar sjálfseignarstofnunar.

Af ofangreindu leiðir að einungis þau lög sem sett yrðu um sjálfseignarstofnuna myndu gilda um skipan og rekstur hennar. Þessi leið myndi því fela það í sér að skilgreina þyrfti með ítarlegum hætti hvernig sjálfseignarstofnunin skyldi starfa, hver yrðu réttindi og skyldur stjórnar, markmið hennar, o.s.frv., og mæla svo ítarlegar fyrir um þess atriði í skipulagsskrá stofnunarinnar. Þar væri unnt að mæla fyrir um skipan stjórnar og heimildir hennar og annarra aðila til að taka ákvarðanir fyrir stofnunina. Þar sem þessum lagaákvæðum og ákvæðum skipulagsskrár myndi sleppa myndu ólögfestar reglur félagaréttarins eiga við um starfsemi sjálfseignarstofnunar.

Samkvæmt ólögfestum meginreglum félagaréttarsins hefur engin venjulega eftirlit með gerðum stjórnar. Hvorki stofnandi né annar hefur þar neitt að segja nema sérstök heimild sé til þess. Auk framangreinds ber að tilgreina stofnfé og hvaðan það sé runnið í skipulagsskrá stofnunarinnar. Þá er hefðbundið að skilgreina markmið stofnunarinnar og hvernig fé hennar skuli varið til að ná skilgreindum markmiðum. Venjulega eru mjög þröngar heimildir fyrir hendi til að breyta stofnskrá

2.3. Um hlutafélag og einkahlutafélag

Með hugtakinu félag er átt við skipulagsbunda heild manna eða lögaðila sem starfa að tilteknu markmiði venjulega til lengri tíma. Á þessi skilgreining við um félag – hvort heldur sem um einkahlutafélag eða hlutafélag er að ræða. Samkvæmt íslenskum lögum er þó munur á einkahlutafélagi samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög og hlutafélagi samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Verður gerð grein fyrir helstu einkennum hlutafélaga. Þar sem rætt er um hlutafélag á við um bæði einkahlutafélög og hlutafélög nema annað sé tekið fram. Þá verður tekið sérstaklega fram í þeirri umfjöllun hvaða ólíku viðmið gilda um einkahlutafélög og hlutafélög.

Helstu einkenni hlutafélaga og einkahlutafélaga eru eftirfarandi:

1) Ábyrgð

Félagsmenn hlutafélaga bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Í því felst að enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995.

Stjórnendur félagsins koma fram fyrir hönd þess gagnvart þriðja manni. Þeir verða ekki persónulega ábyrgir vegna ákvarðana sem þeir taka og þeirra löggjerna sem þeir gera fyrir hönd félagsins. Stjórnendur bera ábyrgð gagnvart hluthöfum (eigendum) hlutafélagsins.

Ábyrgð hlutafélags er ekki takmörkuð. Hlutafélag ábyrgist allar skuldbindingar sínar með öllum eignum sínum án þess að hluthafar beri það nokkra aðra ábyrgð en með því hlutafé sem þeir greiða til félagsins. Aðilaskipti að hlutum hafa því engin áhrif á ábyrgð eða tilvist hlutafélags. Takmörkun ábyrgðar hluthafa við hluti þeirra er því ekki til fyrirstöðu að bæði hluthafar og stjórnendur hlutafélaga geti bakað sér persónulega skaðabótaábyrgð bæði gagnvart félaginu sjálfu eða gagnvart einstökum hluthöfum eða öðrum.

2) Hlutafé

Hlutafélög skulu hafa hlutafé, það er lögbundinn sjóður í félaginu og verður fjárhæð hans aðeins breytt í samræmi við þær lagareglur sem um það gilda, t.d. eftir reglunum um hækkun eða lækkun hlutafjár. Gera þarf skýran greinarmun á eigið fé hlutafélags og hlutafé þess. Eigið fé hlutafélags tekur sífelldum breytingum eftir því hvort að félagið hagnast eða tapar, en það gerir hlutaféð ekki. Það hækkar og lækkar eftir ákvörðun hluthafafundar hverju sinni eins og áður segir.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 skal hlutafé í einkahlutafélagi vera minnst 500 þúsund krónur, en samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 skal hlutafé vera minnst fjórar milljónir króna.

Hlutafé má ekki lækka undir framangreinda lágmarksfjárhæð. Rökin fyrir því að hafa tiltölulega ríflegt lágmarkshlutafé eru helst þau að leggja áherslu á að önnur félagsform séu heppilegri fyrir smærri rekstur. Engar skorður eru í lögum um hversu hátt hlutaféð megir vera.

3) Hlutir

Eignarhald á hlutum í hlutafélagi felur fyrst og fremst í sér annars vegar heimild til að nýta sér félagsréttindi, t.d. nota atkvæðisrétt, og hins vegar heimild til að ráðstafa þeirri eign sem felst í hlutnum með löggæringum.

Nokkur munur er á reglum um hluti eftir því hvort um einkahlutafélag eða hlutafélag sé að ræða. Hlutir í hlutafélagi eru brot af hlutafé þess, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 og ber skylda til að gefa út hluti, sbr. 27. gr. laganna. Í einkahlutafélögum er hins vegar ekki skylda til að gefa út hluti, einkum þegar félagið er í eigu eins aðila.

4) Hluthafar

Hluthafi í hlutafélagi telst hver sá sem á hlut í því. Þetta segir að vísu hvergi berum orðum í lögum en þó er greinilega á þessu byggt, sbr. 30. og 32. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í hlutafélagi þurfa að vera tveir hluthafar hið minnsta, en einn í einkahlutafélagi. Undantekningar frá þessum meginreglum hafa komið fram í lögum frá Alþingi þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í hlutafélög.

5) Firma

Meginreglan er sú að einungis eitt og óskipt firma sé til staðar fyrir hvert félag. Sama mun gilda um RÚV hf. Hlutafélagið mun ávallt koma fram undir einu og sama firmanafni með sama hætti og gildir um önnur hlutafélög.

3. Niðurlag

Að teknu til alls framangreinds er ljóst að það er ekki einfalt að velja féлагаform þegar stofnað er til nýs atvinnurekstrar eða þegar rekstri ríkisstofnunar er breytt. Við mat á því þarf að líta m.a. til markmiðs með rekstri félagsins, hversu mikil velta félagsins sé, hvers eðlis reksturinn sé, o.s.frv.

Óhætt er að fullyrða að stofnun hlutafélags, hvort heldur stofnun einkahlutafélags eða hlutafélags, er hentugast í því tilviki sem hér um ræðir. Í raun má ganga lengra og fullyrða að hlutafélag, en ekki einkahlutafélag, er hentugra hvað varðar RÚV. Ástæða þess er einkum sú að rekstur RÚV er mjög stór og umfangsmikill. Hlutafélag er hentugra rekstrarform enda er gengið út frá því í lögum nr. 2/1995 að það féлагаform sé notað í stærri rekstrareiningum á meðan að í lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög er miðað við að það féлагаform henti smærri einingum.

Aðrar röksemdir fyrir því að stofna hlutafélag um rekstur RÚV eru eftirfarandi:

1) Upphaflega var miðað við að stofnað yrði sameignarfélag um rekstur RÚV.

Um mitt síðasta ár barst stjórnvöldum erindi frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, þar sem gerðar voru athugasemdir við þáverandi rekstrarfyrirkomulag RÚV, auk þeirrar tillögu að stofna sameignarfélag um rekstur RÚV. Var brugðist við þessu með því að leggja til að hlutafélag yrði stofnað.

2) Önnur féлагаform en hlutafélagiformið henta ekki vel til þess að reka RÚV.

Þegar einstök féлагаform, önnur en hlutafélög, eru borin saman þá verður ljóst að hlutafélag er besti kosturinn:

- *Sameignarfélag:* Samkvæmt athugasemdum ESA þá leysti stofnun sameignarfélags um rekstur RÚV ekki þau vandamál sem leiddu af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkisstofnunar. Var brugðist við þessu með því að leggja til að hlutafélag yrði stofnað.

- *Sjálfsseignarstofnun:* Jafnvel þótt að stofnuð yrði sjálfsseignarstofnun um rekstur RÚV þá leiða ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá og laga nr. 33/1999 um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur til þess að lögin myndu ekki gilda um stofnunina. Af þeim sökum þyrfti að skilgreina ítarlega í sérlögum um sjálfsseignarstofnunina hvert skipulag hennar yrði, hver yrðu réttindi og skyldur stjórnar, um eftirlit með starfsemi stjórnar, o.s.frv. Auk þess þyrfti að fylgja þessari lýsingu nánar í skipulagsskrá sem um starfsemi stofnunarinnar myndi gilda. Þar sem þessu regluverki sleppir myndu ólögfestar reglur félagaréttarins gilda um reksturinn.

Almennt má telja að slíkt væri óheppilegt að teknu tilliti til stærðar reksturs RÚV, skyldna stofnunarinnar og hlutverks að öðru leyti. Ef þessi leið yrði farin þá þyrfti í raun að breyta núverandi frumvarpi umtalsvert þar sem með stofnun sjálfsseignarstofnunar yrði horfið frá þeirri meginstefnu frumvarpsins að mæla ekki fyrir um innra skipan RÚV í lögum, heldur að fela stjórn félagsins að ákveða það að teknu tilliti til þess sem best hentar hverju sinni.

3) Skýr og afmarkaður lagarammi er til staðar um hlutafélög.

Með stofnun hlutafélags er rekstri RÚV felld undir regluverk sem er vel þekk og hefur ríka sögu hér á landi. Í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög er að finna skýr ákvæði um réttindi og skyldur stjórnar, framkvæmdastjóra, hluthafa, stöðu endurskoðenda o.fl. Þær reglur eru þekktar og fjöldi fordæma til um hvernig leysa beri úr álitamálum tengdum rekstri þeirra. Þau lög munu gilda almennt um rekstur hins nýja félags á meðan ekki er kveðið á um annað í nýjum lögum um Ríkisútvarpið hf.

4) Reksturinn auðveldari í hlutafélagformi.

Í athugasemdum ESA hefur ítrekað verið sett það skilyrði að fjárhagslegur aðskilnaður þurfi að eiga sér stað hvað varðar einstaka starfsemi RÚV. Hlutafélagiformið er hentugast í því tilliti, auk þess að í frumvarpi til nýrra laga er ekki gert ráð fyrir því að lög mæli fyrir um deildaskiptingu félagsins. Það mun verða verkefni stjórnar að skipuleggja innri starfsemi félagsins og taka þannig tillit til athugasemda ESA.

5) Með breytingu í hlutafélag er fylgt þróun í nágrannalöndunum.

Á undanförunum árum hafa ríkisstjórnir ríkja, sem Ísland ber sig að jafnaði saman við, endurskipulagt rekstrarfyrirkomulag stofnana sem veitt hafa útvarpsþjónustu í almannapágu. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa verið stofnuð hlutafélög um rekstur ríkisútvarpa viðkomandi landa. Í Danmörku er Danmarks Radio hins vegar sjálfstæð ríkisstofnun og í Bretlandi er rekstrarform BBC byggt á konunglegum sáttmála sem jafna má til stofnunar sjálfsseignarstofnunar. Ráðgert að endurskoða það fyrirkomulag á næsta ári.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 132/879
komudagur 16.2.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög.

Okkur hefur borist beiðni um umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Umsögn þessi takmarkast við þau efnisatriði sem snerta starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar verði hætt.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem liggur fyrir Alþingi segir, að ríkissjóður muni yfirtaka rekstrarskuldbindingar Ríkisútvarpsins gagnvart hljómsveitinni. Jafnframt því þarf að vera skýrt að ríkissjóður yfirtaki skuld ríkisútvarpsins við hljómsveitina en hún nemur nú um 626 m.kr., enda nemur skuld hljómsveitarinnar við ríkissjóð sömu upphæð.

Verði frumvarpið um Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. að lögum samtímis, og verði það skýrt í samræmi við ábendingar okkar, þá mun starfsemi hljómsveitarinnar ekki bíða skaða af.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands gerir því ekki frekari athugasemdir við þær breytingar á rekstrarþátttöku sem fyrnefnt frumvarp boðar.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands


Þröstur Ólafsson, framkv.stj.

 **Landsbankinn**

Landsbanki Íslands er aðalstyrktaraðili
hljómsveitarinnar á tónleikaferðum erlendis

Háskólabíó við Hagatorg
107 Reykjavík
Sími 545 2500
Fax 562 4475
www.sinfonia.is
sinfonia@sinfonia.is

Listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri: Rumon Gamba
Heiðursstjórnandi: Vladimir Ashkenazy

Alþingi
Erindi nr. P 132/968
komudagur 23.2.2006

Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2006


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. (þskj. 517 – 401. mál).

Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SMFSÍ) hefur borist umsagnarbeiðni menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

SMFSÍ telur nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um í lögum hvernig samstarfi RÚV hf. og Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði háttað í framtíðinni. SMFSÍ telur skjóta skökku við, ef Ríkisútvarpið hættir þátttöku í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lagaleg tengsl stofnananna tveggja verða rofin, að ekki skuli lagðar nokkrar skyldur á herðar Ríkisútvarpsins hf. hvað varðar samstarf við Sinfóníuhljómsveitina. Það á sérstaklega við í ljósi langs og farsæls samstarfs stofnananna, allt frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950. SMFSÍ telur ekki ljóst hvernig löggjafinn vill að málum verði háttað.

Ennfremur telur SMFSÍ rétt að hljóðfæri sem keypt hafa verið til notkunar í Sinfóníuhljómsveit Íslands en eru eign Ríkisútvarpsins komi í hlut hljómsveitarinnar þegar lagaleg tengsl stofnananna tveggja verða rofin.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SMFSÍ,


Hrafnkell Orri Egilsson
formaður



Skjárin
– á þínu valdi!

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 132/1468
komudagur 27.3.2006

Reykjavík, 20.03.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál

Þessi umsögn Skjásins berst seint til nefndasviðs sökum þess að ekki barst beiðni þar að lútandi fyrir umfjöllun menntamálanefndar. Undirritaður hefur þegar gengið á fund nefndarinnar og gert grein fyrir helstu athugasemdum Skjásins.

Að mati Skjásins er tímabært að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið (RÚV) og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Leggja ber áherslu á að útvarpsrekstur er atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi. Lög sem um slíka starfsemi gilda þurfa því að vera almenns eðlis og laus við mismunun sem ekki á sér málefnalegar forsendur. Í maginatriðum tekur Skjárin undir allar athugasemdir Samtaka Atvinnulífsins sem þegar hafa verið lagðar fram en vill einnig koma á framfæri frekari athugasemdum um skilgreingu á útvarpi í almannabágu og stöðu RÚV á auglýsingamarkaði.

Hið nýja frumvarp felur í sér framför frá því sem áður var, sem einkum felst í því að ráðgert er að hlutafélag í 100% eigu ríkisins verði stofnað um reksturinn í stað sameignarfélags áður. Þá er það til bóta að gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjárhagslegur aðskilnaður verði milli útvarps í almannabágu og annarrar hugsanlegrar starfsemi Ríkisútvarpsins.

Skjárin vill benda á að skilgreining á útvarpi í almannabágu er nær engin í frumvarpinu. Hlutverk útvarps í almannabágu er skilgreint í 14 tölusettum liðum þar sem finna má setningar á borð við “að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri” og “að framleiða og dreifa hverskonar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á svið fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar.”. Það ætti að vera öllum ljóst sem lesa slíkan texta að Ríkisútvarpinu verður gert kleift að keppa á öllum vígstöðvum ljósvakamiðlunar. Í ljósi þessarar óheftu skilgreiningar verður 5. grein frumvarpsins algerlega gagnslaus.

Í greinum um tekjur Ríkissjónvarpsins er gert ráð fyrir að tekjustofnar verði tveir. Í fyrsta lagi nefskattur og í öðru lagi auglýsingatekjur. Athugasemdir Skjásins snúa aðallega að auglýsingatekjum. Það er með öllu óásættanlegt að ríkisstofnun sé í fullri samkeppni við einkaaðila í sölu á auglýsingum þar sem aldrei verður jafnræði á milli einkaaðila og ríkisfyrirtækis sem tryggðir eru ríflega 2 milljarðar árlega af skattfé. Ef ekki er pólitískur vilji til að draga RÚV alfarið af auglýsingamarkaði ber að lágmarki að setja fram skýra löggiöf um hvernig skal staðið að sölu auglýsinga. Þessi athugasemd er sett fram sökum þess að þó svo að í núgildandi lögum se kveðið á um að auglýsingagjaldskrá RÚV sé staðfest af útvarpsstjóra




Skjárinn
– á þínu valdi!

Þá tíðkast í miklu magni að gefið sé allt að 40% afsláttur til auglýsenda, krosssala á milli útvarps og sjónvarps, sala tengd árangri o.s.v.frv. Slík samkeppnishegðan ríkissöfnunar er með öllu óþolandi fyrir samkeppnisaðila í einkarekstri án ríkisstyrkja.

Með vísan til framanritaðs til viðbótar við athugasemdir Samtaka Atvinnulífsins getur Skjárinn ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,
f.h. Skjásins


Magnús Ragnarsson
framkvæmdastjóri

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp um Ríkisútvarpið hf.

Um frumvarpið:

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins fagnar því að hlutverk Ríkisútvarpsins eigi áfram að vera að reka útvarp og sjónvarp í almannabágu. Hins vegar telja samtökin það óviðunandi að eigendurnir, það er fólkið sem byggir þetta land, eigi samkvæmt frumvarpinu ekki neina leið til að koma athugasemdum á framfæri um dagskrá og fréttir stofnunarinnar. Hvergi í frumvarpinu er að finna ákvæði um hvernig farið skuli með athugasemdir og ábendingar frá almenningi.

SSR leggur til að í frumvarpið verði sett inn sérstakt ákvæði um *umboðsmann hlustenda*. Sá hafi það hlutverk að taka við kvörtunum og ábendingum og fylgjast með því að fyllstu óhlutdrægni hafi verið gætt í frétt aflutningi, frásögnum, túlkunum og dagskrárgerð.

Ennfremur telur SSR að Ríkisútvarpið sem fyrirtæki í almannaæign skuli lúta upplýsingalögum.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

I. kafli

Nauðsynlegt er að greinilegar komi fram í lagatexta innihald skýringargreinar við I. kafla um að ekki megi selja neitt af hinu nýja fyrirtæki, hvorki í heild né í hlutum þ.m.t. dótturfyrirtæki, án nýrrar lagasetningar.

II. kafli

Hlutverk og skyldur.

3. grein

2. liður hljóði svo:

Að senda út til landsins og næstu miða a.m.k. tvær hljóðvarpsdagskrár og eina sjónvarpsdagskrá.

SSR leggur til að í kaflanum um hlutverk og skyldur sé ákvæði sem tryggi sjálfstæði dagskrárdeilda og fréttasviðs gagnvart auglýsendum og kostunaraðilum.

4. gr

Það er verulega óljóst við hvað er átt í þessari grein, hvers konar fyrirtæki gæti verið um að ræða og hvernig rekstri þeirra skuli hagað. Hvernig rekstrarfyrirkomulag gæti til að mynda fyrirtæki haft sem er að hluta til í eigu Ríkisútvarpsins hf og að hluta til í eigu fyrirtækis á almennum markaði. Þetta verður einkum óljóst vegna ákvæða I. kafla 1. gr frumvarpsins um að Ríkisútvarpið hf megi ekki selja eða leggja niður fyrirtækið í heild eða hluta þess, þ.e. ekki selja dótturfélög sín.

III. kafli.

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins

9. gr.

SSR telur að starfsmenn eigi skilyrðislaust að eiga fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins hf. Starfsmenn hafa í rúman aldarfjórðung átt tvo áheyrnarfulltrúa í framkvæmdastjórn RÚV samkvæmt kjarasamningi milli ríkisins, BHMR og BSRB frá 1980, þar sem samið var um aukið starfsmannalýðræði. Í kjölfarið voru settar reglur um starfsmannaráð á ríkisstofnunum. Eftir það fengu starfsmenn tvo áheyrnarfulltrúa í framkvæmdastjórn. SSR vill að þessi ákvæði samningsins verði áfram efnd og starfsmenn hafi áfram að minnsta kosti tvo áheyrnarfulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins hf.

Ákvæði til bráðabirgða.

II. Réttindi starfsmanna

SSR telur kaflanum um réttindi starfsmanna um margt ábótavant. Ljóst er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið hf. Réttindi starfsmanna ríkisins samkvæmt ofan nefndum lögum teljast hluti af kjörum þeirra og verða því ekki afnumin án þess að í felist skerðing á kjörum. Nauðsynlegt er því að gera stöðu starfsmanna eftir breytinguna sem líkasta því sem verið hefði ef Ríkisútvarpið hefði áfram verið ríkisstofnun. Þau atriði sem einkum skipta hér máli eru biðlaunaréttur, lífeyrissjóðsréttindi, aðild að stéttarfélögum, uppsagnarréttindi, þ.á.m. réttur til áminningar vegna uppsagnar, veikindaréttur og orlofsréttur.

SSR gera því þá kröfu til að upphaf fyrstu málsgreinar hljóði svo: **Starfsmenn haldi öllum áunnum réttindum sínum.**

Þá er þess krafist að setningunni: „Ríkisútvarpið hf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins“ verði breytt og hún hljóði svo: **Ríkisútvarpið hf. skal bjóða sama starf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.**

Þá verði eftirfarandi hluta þriðju málsgrein: „, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008“ og hljóði þess í stað svo: **þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður.**

Að öðru leyti vísa starfsmannasamtökin til umsagna BSRB, BHM og Rafiðnaðarsambandsins um réttindi starfsmanna.

SSR áskilur sér rétt til að skila inn framhaldsumsögn um frumvarpið telji samtökin þörf á því.

f.h. stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins

Jóhanna Margrét Einarsdóttir formaður

Gunnar Magnússon

Jórunn Sigurðardóttir

Jan Murtomaa

Pétur Halldórsson

Sigríður Margrét Guðmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 132/937
komudagur 21.2. 2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara menntamálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 17.02.2006
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 401. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf, heildarlög (132. löggjafarþing)

Inngangur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 2. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Vil ég í upphafi fagna því að komið er fram frumvarp sem væntanlega leysir þá óvissu sem Ríkisútvarpið hefur verið í undanfarið. Vil ég fara nokkrum orðum um frumvarpið út frá hagsmunum og réttindum neytenda.

Rekstrarform og arðsemiskrafa

Ég tel að í greinargerð með frumvarpinu (bls. 10-11) sé ekki sýnt fram á að hagsmunum og réttindum neytenda – notenda þjónustu Ríkisútvarpsins – sé betur borgið með því að Ríkisútvarpinu sé breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Lít ég þá annars vegar til þess að af því virðist leiða að lög á borð við upplýsingalög nr. 50/1996 með síðari breytingum og stjórnsýslulög nr. 37/1993 með síðari breytingum – sem taka til „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ – gildi ekki um Ríkisútvarpið; er það að mínu mati ekki til þess fallið að bæta stöðu notenda útvarpsþjónustu í almannapágu. Hins vegar tel ég að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemismarkmið – en ég tel óljóst hvort arðsemi eigi samkvæmt frumvarpinu að vera tilgangur Ríkisútvarpsins framvegis. Verði sýnt fram á nauðsyn formbreytingar tel ég að hagsmunum notenda útvarpsþjónustu í almannapágu sé betur borgið með því að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun eins og nefnt er sem valkostur á sama stað í greinargerð með frumvarpinu. Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda lög nr. 33/1999; þar eru ítarleg og skýr ákvæði um stjórnun og fjárhagslegan aðskilnað (sjá t.a.m. 29. gr. þeirra laga) sem samrýmast vel þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í greinargerðinni (bls. 11 og 12) til stuðnings vali á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Sjálfseignarstofnun er að mínu mati hentugt form fyrir rekstur sem hefur almannapjónustu sem megintilgang. Sjálfseignarstofnun hefur arðsemi ekki sem rekstrartilgang heldur rennur hugsanlegur arður af

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar með til notenda þjónustunnar. Þá er sjálfseignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda er hún ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfseignarstofnunar þegar hún er sett á fót.

Vikið er að því í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins (bls. 20) að sú krafa sé í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja sem reka útvarp í almannabágu að þau „skili jafnvel hagnaði.“ Einnig er í inngangi almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 7) fjallað um þann skilning Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að taka þurfi tillit (3. tl.) til „sanngjarnrar framlegðar“ af rekstri og (4. tl.) til „sanngjarnrar arðsemiskröfu.“ Á hinn bóginn má skilja uppsetningu 3.-5. gr. frumvarpsins og ummæli í greinargerð (bls. 8) á þá lund að „starfsemi sem sé viðskiptalegs eðlis“ sé frávik frá almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.

Ég tel að neytendur hafi hagsmuni af því að hugsanlegur viðskiptalegur arðsemistilgangur með Ríkisútvarpinu verði í meðförum Alþingis skýrður betur og afmarkaður frá almannaðjónustuhlutverkinu – m.a. vegna valkvæðs ákvæðis í 13. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins um að útvarpsþjónusta í almannabágu feli m.a. í sér „[a]ð taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, [...]“ (Undirstrikun hér.) Sama gildir um 14. tl. sömu málsgreinar þar sem m.a. er rætt um „sölu“ efnis. Tel ég að ljóst þurfi að vera hvort og þá hvaða kostnaður eigi að vera grundvöllur slíks endurgjalds eða hvort arðsemi eða framlegð á einnig að koma til.

Nefskattur í stað afnotagjalds

Ég hef talið afnotagjald eins og verið hefur við lýði vel til þess fallið að notendur greiði fyrir þjónustu Ríkisútvarpsins og ekki sé æskilegt í sjálfu sér að rjúfa tengsl þjónustu og gjalds. Með vísan til röksemda í 4. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 14) geri ég þó ekki athugasemdir við þessa breytingu á tekjustofni Ríkisútvarpsins enda virðist nefskattur í betra samræmi við 77. gr. stjórnarskrárinnar en núverandi fyrirkomulag. Ég legg hins vegar áherslu á að tryggt verði betur að með þessu sé ekki rýrður hagrur neytenda og einkum tekjulægri fjölskyldna og fjölskyldna með ungt fólk á skólaaldri.

Neytendaráð

Ekki er vikið að því í frumvarpinu hvernig notendum Ríkisútvarpsins er fært að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi útvarpsþjónustu í almannabágu. Ég tel í þessu sambandi æskilegt að komið verði á fót lýðræðislega skipuðu ráði notenda útvarpsþjónustu í almannabágu – neytendaráði – einkum ef ofangreind formbreyting til hlutafélags verður samþykkt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir enda er sú breyting, sem sagt, ekki til þess fallin að bæta stöðu notenda; má þá auka gegnsæi, aðhald og áhrif notenda með þessu móti í

staðinn. Hugsanlega má koma slíku ráði á fyrir fleiri ljósvakamiðla með því að setja ákvæði um það í almenn útvarpslög. Tel ég neytendaráð til þess fallið að veita ljósvakamiðlum stuðning og aðhald.

Enn fremur mætti ímynda sér að slíkt neytendaráð skipaði einn fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins og jafnvel stjórnir ljósvakamiðla almennt.

Auglýsingar og fræðsla til neytenda og borgara um almannajónustu

Ég geri ekki athugasemd við þau áform að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsingamarkaði og vísa í því efni til röksemda í 4. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 13-14). Hins vegar legg ég til að til mótvægis við auglýsingar af viðskiptalegum toga bætist svohljóðandi ákvæði við 3. tl. 2. mgr. 3. gr. sem annar málslíður á milli þeirra tveggja málslíða sem fyrir eru (eða sem síðari málslíður 4. tl. sömu málsgreinar):

„Þá skal Ríkisútvarpið í samstarfi við ríkisstofnanir og aðra aðila sem sinna almannajónustu framleiða og dreifa efni í sjónvarpi og hljóðvarpi, svo og með öðrum miðlum, til fyrirbyggjandi fræðslu fyrir neytendur og borgara landsins.“

Hugmyndin er að í þessu felist skylda fyrir Ríkisútvarpið og um leið ríkisstofnanir sem búa yfir mikilli þekkingu á málefnum sem varða neytendur og borgara landsins til þess að koma henni betur á framfæri en gert er með því að nýta nútíma miðla. Sama gildir um aðra aðila sem sinna almannajónustu og geta óskað eftir því að koma þekkingu sinni á framfæri við almenning. Meginhugmyndin er að framleiddur verði fjöldi stuttra myndskreyttra sjónvarpskynninga sem höfðað geti til bæði barna, ungs fólks og fullorðinna um hin aðskiljanlegustu efni. Þannig verði almannafé nýtt betur án þess að mikill kostnaðarauki ætti af þessu að leiða. Þó þarf væntanlega að gera ráð fyrir einhverjum aukakostnaði við hugmyndavinnu, samhæfingu, stjórnun og framleiðslu – bæði hjá Ríkisútvarpinu og ríkisstofnunum og öðrum sem njóta opinbers stuðnings til almannajónustu. Tel ég að um gæti verið að ræða hentugt efni til uppfyllingar og fjölbreytni í dagskrá – auk sjálfsagðs fræðslu- og uppeldisgildis. Sjónvarp er miðill sem mikið er nýttur af markaðsaðilum og tel ég nauðsynlegt að með almannafé sé stutt við virka fræðslu fyrir neytendur, notendur, skattborgara, skjólstæðinga stofnana ríkisins og allan almenning í landinu – í almannabágu. Um nánari reifun er vísað til hjálagðra bréfa undirritaðs til útvarpsstjóra, dags. 1. september sl. og 1. nóvember sl., en í kjölfar þeirra fundaði ég með útvarpsstjóra um hugmyndina. Eins og fram kemur í fyrra bréfinu er hugmyndin að danskri fyrirmynd og er þar við áratuga góða reynslu að styðjast. Hafa margir fulltrúar ríkisstofnana o.fl. aðilar sem embætti talsmanns neytenda hafði samráð við á liðnu hausti tekið hugmyndinni vel eins og fram kemur í síðarnefnda bréfinu.


Tel ég að í þessari tillögu felist einn meginkjarni og grundvallar tilgangur með útvarpsþjónustu í almannabágu sem er til þess fallin að bæta hag neytenda og alls almennings í landinu, nýta betur almannafé og auka hróður ríkisstofnana og annarra sem sinna almannabjónustu. Er tillagan einnig í samræmi við þann skilning ESA sem reifuð er í greinargerð (bls. 7) að opinber þjónusta sem ríkisstyrktir aðilar láti í té skuli vera „vel skilgreind skylda“. Þá tel ég þessa tillögu vel til þess fallna að uppfylla kröfu sem fjallað er um í greinargerð (bls. 11) og gerð sé til ríkisútvarpsstöðva að þær tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum er almenning varða komist á framfæri og að dagskrárþjónusta í almannabágu feli m.a. í sér upplýsingu.

Er ég vitaskuld sem endranær reiðubúinn til þess að reifa þessa hugmynd sérstaklega fyrir menntamálanefnd, verði þess óskað.

Börn og auglýsingar

Loks vil ég upplýsa að talsmaður neytenda vinnur að því ásamt umboðsmanni barna o.fl. að kanna leiðir til þess að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum. Upphafsskrefið er stigið með því að halda ásamt samtökunum Heimili og skóli málþingið Börn og auglýsingar um það efni hinn 1. mars nk., sbr. hjálagða auglýsingu.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason.

AFRIT



talsmaður neytenda

Ríkisútvarpið-
B.t. útvarpsstjóra, Páls Magnússonar
Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 01.09.2005
GT

Um leið og ég býð nýjan útvarpsstjóra, Pál Magnússon, velkominn til starfa vil ég vinsamlegast fara fram á viðræður við Ríkisútvarpið um hugsanlegt samstarf við talsmann neytenda.

Embætti talsmanns neytenda var sett á fót hinn 1. júlí sl. með lögum nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda. Þó að hlutverk talsmanns neytenda sé enn nokkuð ómótað ber honum í meginatriðum að sinna þrennu; í fyrsta lagi á hann að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og bregðast við ef hann telur brotið gegn þeim; í öðru lagi gerir talsmaður neytenda *tillögur* um úrbætur í átt að aukinni neytendavernd, sbr. nánar á hjálgöðu fylgiblaði með helstu lagaákvæðum um talsmann neytenda.

Í þriðja lagi felst hlutverk talsmanns neytenda m.a. í því að kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varða neytendamál auk þess að leiðbeina um færar leiðir varðandi meðferð ágreiningsmála milli neytenda og seljenda. Slíku kynningarhlutverki verður hvað best sinnt með því að ná með almennum og greiðum hætti til almennings - neytenda í landinu - og því æskilegt að ná samstarfi við aðra um þennan mikilvæga þátt í borgaralegu samfélagi nútímans. Tel ég að slík kynning falli vel að lögbundnu hlutverki Ríkisútvarpsins, svo og að hugmyndum nýs útvarpsstjóra um afmörkun á því. Gæti slík kynning auk þess verið hentugt og spennandi efni til mótvægis við aðra þjóðfélagsstrauma. T.a.m. mætti ímynda sér stutt myndskreytt kynningarinnslög - sem annað hvort væru regluleg eða sett inn eftir aðstæðum milli annarra dagskrárliða; hef ég þar í huga öðrum þræði innslög í danska ríkissjónvarpinu fyrir mörgum árum sem báru yfirskriftina "Oplysninger for borgerne om samfundet", skammstafað "OBS!" Er mér keppikefli að slík kynning nái vel til yngri aldurshópa og hef því m.a. beint sjónum að miðlum sem börn og unglingar nota. Þætti mér vænt um að ræða frekar á fundi um möguleika á samstarfi talsmanns neytenda og Ríkisútvarpsins og hugmyndir þess í því efni.

Virðingarfyllt,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreinings
- bregst við brotum gegn réttindi og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmaelum frá öðru

AARRIT



talsmaður neytenda

Ríkisútvarpið
Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Ernbætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 01.11.2005

Tilv. 2005/0025

GT

B.t. Páls Magnússonar útvarpsstjóra

Efni: Árétting erindis um fund varðandi kynningarþátt fyrir neytendur

Um leið og ég leyfi mér að áréttu bréflegt erindi mitt frá 1. september sl. varðandi fund með útvarpsstjóra um kynningarþátt fyrir neytendur, sbr. skilaboð í októbermánuði, leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi. Síðan erindið var sent hef ég boðið nærri 40 stjórnarsýsluaðilum, samtökum o.fl. sem koma að neytendamálum með einum eða öðrum hætti upp á samráð um áherslur embættis talsmanns neytenda - sem kynntar verða opinberlega í næstu viku. Hef ég fengið jákvæð viðbrögð við ýmsum kynningarverkefnum sem ég hef rætt við á þriðja tug aðila - en þar á meðal er sú hugmynd um stuttar myndskreyttar kynningar á neytendamálum sem ég reifaði í bréfi mínu til yðar, dags. 1. september sl., sem hjálagt er í afriti.

Óska ég vinsamlegast enn eftir fundi með yður um erindið.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason

Beinn sími 510 11 21 og GSM 897 33 14.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmá
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum



OG AUGLÝSINGAR

– er vilji til að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum?

MAÐPING HEIMILIS OG SKÓLA, TALSMANNS
NEYTENDA OG UMBOÐSMANNS BARNA

Stjórnir heimilis og skóla, samtaka heimilis og skóla
og umboðsmanns barna og neytenda

DAGSKRÁ:

- 12:30 Afhending gagna
13:00 Setning
13:05 Ávarp viðskiptaráðherra
Valgerður Sverrisdóttir

Staðan

- 13:15 Gildandi efnisreglur hérlandis og erlendis
Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna

- 13:25 Gildandi formreglur og úrræði í lögum og
væntingar um breytingar
Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda

- 13:35 Auglýsingar og börn. Hvenær er of langt gengið?
*Anna Birna Halldórsdóttir, sviðsstjóri markaðssviðs
Neytendastofu*

Fræðin

- 13:45 Bernskan og mennskan
Jón Á. Kalmansson heimspekingur

- 14:00 Auglýsingalæsi barna
Dr. Baldur Kristjánsson, dósent í sálarfræði við KHÍ

- 14:20 Neysluhvetjandi auglýsingar
Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar

- 14:35 Kaffihlé

Neytendurnir

- 14:55 Eiga auglýsendur að bjóða börnum upp í dans?
María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla

- 15:10 Auglýsingar og markaðsmennska í framhaldsskólum
– hagsmunir hverra?
Brynhildur Pétursdóttir frá Neytendasamtökunum

- 15:25 Viðhorf unglings
Unnsteinn Stefánsson, nemandi í 10. bekk Austurbæjarskóla

Markaðurinn

- 15:35 Hafa auglýsingar áhrif á börn og unglinga?
Páll Líndal, formaður Samtaka auglýsenda

- 15:50 Varnarleysi barnsins sem neytanda
*Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður hjá Fíton,
auglýsingastofu*

- 16:05 Ábyrgð ljósvakamiðla og annarra fjölmiðla –
straumar og stefnur
*Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneyti og
fulltrúi í fjölmiðlanefnd*

Hvað svo?

- 16:15 Panelumræður
Stjórnandi Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri NFS

- 16:45 Málþingsslit
Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda

Frekari upplýsingar og skráning á
www.gestamottakan.is og í síma 551 1730

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.


Alþingi
Erindi nr. P 132/894
komudagur 17. 2. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Ályktun frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins sem eru félagar í Útgarði.

Félagsmenn Útgarðs hjá Ríkisútvarpinu telja að ákvæði um réttindi starfsmanna í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., séu ekki nægjanlega skýr. Þess vegna tókum við undir umsögn BSRB og BHM um frumvarpið í öllum atriðum. Félagsmenn óska eftir því að greinabetri ákvæði um réttindi starfsmanna verði sett inn í lagafrumvarpið og lögín og að þau ákvæði tryggi að starfsmenn haldi lífeyrisréttindum sínum, biðlaunarétti, veikinda og orlofsrétti svo nokkuð sé nefnt. Vísun við í lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands frá því í maí 1997. Í þeim eru ákvæði um réttindi starfsmanna þar sem tekið er nákvæmar á málum starfsmanna og óskum við eftir því að þau verði höfð til hliðsjónar.

F.h. félaga í Útgarði hjá Ríkisútvarpinu


Bergljót Baldursdóttir, trúnaðarmaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1007
komudagur 21.2.2006

Arnprúður Karlsdóttir

From: Arnprúður Anna Gísladóttir [anna@utvarpsaga.is]
Sent: 21. febrúar 2006 17:50
To: nefndasvid@althingi.is
Cc: 'Arnprúður Karlsdóttir'
Subject: Umsögn um frumvarp um RUV

Menntamálanefnd Alþingis.

Efni: Umsögn um frumvarp um Ríkisútvarpið hf.

Útvarp Saga ehf. sendir hér með umsögn til menntamálanefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið hf. sem lagt hefur verið fram á Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006. Í þessu frumvarpi kemur fram sú hugsun, að Ríkisútvarpið skapi hámenningu með því að flytja vandað efni, sem einkastöðvarmar geti ekki sinnt nægilega, þar sem þær verði að treysta eingöngu á tekjur af auglýsingum og kostun og lúta strangri kröfu um arðsemi. Útvarp Saga getur ekki fallist á þetta sjónarmið og hafnar því alfarið, að ríkisvaldið og ríkisstyrktar stofnanir þess skapi menningu en þeir sem starfi á markaði framleiði fyrst og fremst afþreyingu. Vert er að minna á að starfsemi eins og blaða-bóka- tímarita-og hljómplötuútgáfa, sem og netmiðlun, kvikmyndaframleiðsla og kvikmyndasýningar er öll í höndum einkafyrirtækja og einkaaðila. Er því vandséð hvemig stjórnmálamaður, sem styðja forréttindastöðu Ríkisútvarpsins á grundvelli menningarhagsmuna, geta sætt sig við að þessi markaðsvædda menningarstarfsemi fái að þrífast utan marka ríkisstyrktra stofnana.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að fjölmargir fréttta-og dagskrárgerðarmenn sem starfa á einkastöðvunum hafa áður starfað hjá Ríkisútvarpinu og margir sem nú starfa hjá Ríkisútvarpinu hafa jafnvel hafið sinn starfsferil hjá einkastöðvum.

Aldrei hefur verið sýnt fram á, að fréttta-og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins búi yfir meiri menntun eða þekkingu en starfsmenn annarra fjölmiðla. Á Útvarpi Sögu starfa dagskrárgerðarmenn, sem flestir hafa lokið háskólaprófi. Undirstaðan fyrir vandaðri dagskrá er og hlýtur að vera vel menntaðir starfsmenn.

Þótt Ríkisútvarpið hafi fjárhagsleg forréttindi og reyni að nýta sér þau á markaði er engan veginn tryggt að dagsskráin verði vönduð. Því er jafnframt haldið fram af hálfu Ríkisútvarpsins, að útvarpsþjónusta í almannabágu (public service broadcasting) tryggi fjölbreytni í efnisvali og standi vörð um, að ólíkar skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum komist til almennings. Útvarp Saga getur ekki fallist á þetta viðhorf. Frá því að einokun Ríkisútvarpsins var afnumin 1986 er mun meiri fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð varðandi viðkvæm-og umdeild þjóðfélagsmál eins og dæmin sanna.

Hlutverk fjölmiðla er fyrst og fremst að veita upplýsingar til fólks þannig að það viti í hvaða og hverskonar samfélagi það býr. Ríkisútvarpið, eitt og sér, tryggir ekkert frekar en aðrir fjölmiðlar þetta hlutverk. Ríkisútvarpið er tengt eigendum sínum og hefur í ýmsum málum vanrækt að gagnrýna ríkisvaldið og hið opinbera kerfi. Flokkshagsmunir ráðandi stjórnmálaflokka þurfa ekki að vera hið sama og almannahagsmunir.

Sankvæmt framansögðu er ljóst, að Ríkisútvarpið er engin trygging fyrir vandaðri menningardagskrá, sem sett er fram á málefnalegan og hlutlægan hátt, þótt hlutverk og skyldur stofnunarinnar um útvarpsþjónustu í almannabágu séu skilgreindar á þann veg í 3.gr. frumvarpsins, enda illmögulegt að fá óhlutdrægan og óvilhallan aðila til þess að leggja mat á og hafa eftirlit með því að menningarhlutverkinu sé sinnt samkvæmt lögum.

Samkvæmt 12.gr. frumvarpsins skal leggja á sérstakt gjald samhliða álagningu opinberra gjalda,sem nemur kr. 13.500.- ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Útvarp Saga leggur til að fjölmiðlanotendur fái að velja til hvaða fjölmiðils þeir greiða sinn nefskatt og eðlilegt að nefskatturinn renni til þess fjölmiðils, sem uppfyllir þær kröfur sem viðkomandi neytandi gerir. Tillagan er í góðu samræmi við jafnréttis-og lýðræðisviðhorf samtímans og er þess eðlis að erfitt er að andmæla henni með rökum. Framkvæmdin yrði sára einföld. Einstaklingur eða lögaðili merkir við þann fjölmiðil, sem hann vill velja á skattskýrslu sína og getur hann auðveldlega skipt um skoðun árlega og veitt fjölmiðlum ákveðið aðhald með þessum hætti. Slíkt fyrirkomulag myndi enn frekar stuðla að metnaðarfullri og vandaðri dagskrá fjölmiðla, þar sem allir sætu við sama borð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið verði áfram á kostunar-og auglýsingamarkaði. Augljóst er, að þetta fyrirkomulag er mjög ósanngjamt, þar sem Ríkisútvarpið hefur tryggar tekjur úr ríkissjóði en öðrum fjölmiðlum mismunað að þessu leyti. Útvarp í almannabágu, sem er háð auglýsingamarkaði í tekjuöflun getur ekki talist óháð stofnun samkvæmt þeim rökstuðningi og skilningi sem fram kemur í greinargerðinni með

22.2.2006

frámvarpinu, þar sem þung áhersla er lögð á það að upphefja útvarpsstöðvar í almannajónustu á kostnað einkastöðva ekki síst í ljósi þess að slóðarnefndu stöðvarnar þurfi að treysta á auglýsingar. Fjölmiðill á auglýsingamarkaði kann að taka tillit til auglýsenda sinna, ekki síst Ríkisútvarpið sem gerir stóra auglýsingasamninga fyrir milligöngu auglýsingafyrirtækja og ef til vill er það skýringin á því hvers vegna samtök auglýsingafyrirtækja styðja eindregið auglýsingastarfsemi Ríkisútvarpsins. Það er ekki einvörðungu í þessu sambandi hagstæð umfjöllun um viðkomandi fyrirtæki heldur einnig þegar þagað er um þau málefni sem eiga erindi við almenning og gæti skaðað auglýsingahagsmuni Ríkisútvarpsins.

Virðingarfyllst,

Amprúður Karlsdóttir
F.h. Útvarps Sögu ehf,
Amprúður Karlsdóttir útvarpsstjóri

Ps: Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með kveðju:

Útvarp Saga ehf

Amprúður Karlsdóttir útvarpsstjóri

ak@utvarpsaga.is og ak@hradpostur.is

sími 533 3943

ÚTVARPSRÉTTARNEFND

Alþingi
Erindi nr. P 132/935
komudagur 21.2.2006

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Útvarpsréttarnefnd vísar til bréfa menntamálanefndar Alþingis dags. 26. janúar 2006 þar sem útvarpsréttarnefnd eru send til umsagnar frumvörp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið hf.

Nefndin telur ekki efni til að hún taki afstöðu til frumvarpanna.

F.h. formanns útvarpsréttarnefndar
Benedikts Bogasonar


Rakel Björnsdóttir
starfsmaður nefndarinnar



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/821
komudagur 10.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2006.

Efni: Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. (401. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur það í sér Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag.

Viðskiptaráð hefur margoft látið í ljós þá skoðun að reglur um samkeppni þjóni ekki tilgangi sínum fyrr en ríki og sveitarfélög dragi úr þeim rekstri sínum sem keppir við einkaaðila og hindrar þannig aðgang að markaðinum. Þess vegna hefur Viðskiptaráð mælt fyrir því að starfsumhverfi ríkisfjölmiðlanna verði endurskoðað. Hefur ráðið einkum lagt það til að RÚV verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að selja að minnsta kosti hluta þess.

Viðskiptaráð fagnar því að Ríkisútvarpið verði sett í nútímalegt rekstrarform, sbr. 1. málsl. 1. gr. frumvarpsins. Hlutafélagiformið skerpir á hlutverki og ábyrgð stjórnenda. Þá ber að fagna því að hlutverk útvarpsins sé tilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að félagið muni halda sinn innan þess ramma sem þar er veittur og standi ekki í samkeppni um dagskrárefni við einkarekna fjölmiðla. Viðskiptaráð telur hinsvegar að 3. gr. sé nokkuð tæmandi og telur óþarft að hafa opið ákvæði í 4. gr.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1335
komudagur 14. 3. 2006



Reykjavík, 13. mars 2006


Efni: Umsögn um frumvarp til laga Ríkisútvarpið hf., 401. mál

Örkyrjabandalagi Íslands hefur borist frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög. Vill Örkyrjabandalagið koma á framfæri eftirfarandi:

Í IV kafla frumvarpsins er fjallað um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Í 1. tölulið 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstakt gjald, nefnskatt, sem innheimtur verði af öllum þeim einstaklingum sem eru skattskyldir. Lítur Örkyrjabandalagið svo á að ef innheimta á flatan skatt af öllum skattskyldum einstaklingum þá hljóti stjórnvöld að taka til endurskoðunar laun þeirra sem fá greitt samkvæmt almannatryggingarlöggjöfinni. Hingað til hafa öryrkjar fengið afslátt á afnotagjöldum RÚV og því mikilvægt að laun þeirra samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni hækki svo ekki komi til kjaraskerðingar.

Örkyrjabandalag Íslands leggur áherslu á að þó svo að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt þá beri stofnuninni að gæta jafnræðis í þjónustu við notendur og endurspegla í dagskrárgerð sinni fjölbreytni íslensk þjóðlífs. Í 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, „**þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa**“. Í athugasemdum við lagafrumvarpið eru eðlilegar þarfir minnihlutahópa ekki skilgreindar eða hverjir það eru sem tilheyra minnihlutahópum, hvort um er að ræða, konur, fólk með fötlun, fólk með annað móðurmál en íslensku o.s.frv. Er það mat Örkyrjabandalags Íslands að 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins sé of víðtækur og geti orðið til þess að ákvarðanir verði of matskenndar og orsaki ójöfnuð meðal notenda þjónustu Ríkisútvarpsins. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar nr. 151/1999 sem viðurkenndi skyldu Ríkisútvarpsins til að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum.

Virðingarfyllt,
f.h. Örkyrjabandalags Íslands


Hafdis Gísladóttir
framkvæmdastjóri